

**SKOÐUN** Þorsteinn Sæmundsson skrifar um tekjur og skuldaniðurfellingar. 16



**MENNING** Sara Martí leikstýrir tónleikhúsverkinu Wide Slumber. 24



**LÍFIÐ** Guðrún Mobus Bernharðs er stolt af því að vera með skegg. 34



**SPORT** Færri mörk hafa verið skoruð á gervigrasi en náttúrulegu grasi. 31


NJÓTTU ÞÍN Í LYON FRÁ 14.990 kr.






# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
14. maí 2014
112. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## MARKAÐURINN



**Liðka þarf fyrir fjárfestingu til að lyfta höftum**
Ísland er meðal þeirra landa heims þar sem hvað mestar hindranir eru í vegi beinnar erlendrar fjárfestingar. Búast má við verðbólgu og gengisfalli í kjölfar afnáms hafta.

## FRÉTTIR

**Flytja tjaldstæði** Fyrirhugað er að færa tjaldstæði og gistiskála nokkra kílómetra frá Landmannalaugum. 2

**Sátt um griðasvæði** Oddvitar allra framboða í Reykjavík eru sammála um að stækka beri griðasvæði hvala á Faxaflóa. 6

**Stefnir í vinnustöðvun** Grunnskólakennarar leggja niður vinnu á morgun náist ekki samningar við sveitarfélögin. 10



16

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 5° | | NA | 3 |
| Akureyri | 10° | | SA | 2 |
| Egilsstaðir | 7° | | SSA | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 8° | | SA | 3 |
| Reykjavík | 10° | | SA | 6 |

**Skúrir** Í dag má búast við skúrum fram eftir degi, einkum vestan til en að mestu úrkomulítið NA-lands. Yfirleitt hægur vindur og hlýnar í veðri. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Veiði | Fólk




# Erlend verkalýðsfélög boða samstöðu með flugmönnum

Setji stjórnvöld lög á verkfall flugmanna hjá Icelandair gætu erlend verkalýðsfélög gripið til vinnustöðvunar til að sýna stuðning við flugmennina í verki, segir talsmaður þeirra. Erlend félög greiða í verkfallssjóð flugmanna.

**KJARAMÁL** Alþjóðleg verkalýðsfélög ætla að standa með flugmönnum í kjaradeilu þeirra við Icelandair. Starfsmaður Alþjóðaflutningasambandsins (ITF) segir að verði sett lög á deiluna sé hugsanlegt að starfsmenn sem þjónusta vélar Icelandair erlendis leggi niður störf.

Bæði Norræna og Alþjóðlega flutningasambandið hafa tilkynnt Icelandair og Samtökum atvinnulífsins bréflega að þau muni standa við bakið á íslenskum flugmönnum, auk þess sem utanríkisráðuneytið fékk afrit af bréfunum.

Í bréfi ITF segir að launahækkunin sem flugmönnum sé boðin sé hlægileg, sérstaklega í ljósi þess að methagnaður hafi verið hjá Icelandair á síðustu fjórum árum. Einnig að sterk hefð sé fyrir samstöðu á milli félaganna og muni ITF styðja íslenska flugmenn.

Jónas Garðarsson, starfsmaður ITF á Íslandi, segir að nokkrar aðferðir séu við að sýna slíka samstöðu. Ef lög verði sett á verkfallsaðgerðir flugmanna sé vel hugsanlegt að flugvallarstarfsmenn leggi niður störf. „Þá eru töskurnar ekki sóttar og farþegar fá ekki farangur sinn, eldsneyti er ekki afgreitt á vélarnar eða vélarnar ekki þrifnar,“ segir Jónas. „Það eru fordæmi fyrir þessu erlendis en ekki hér á Íslandi svo ég muni.“

Samstaðan er einnig sýnd í verki með því að aðildarfélög borga í verkfallssjóðinn. „Við höfum stutt erlend félög með þeim hætti og þau styðja okkur líka. Þetta er mjög sterkur félagsskapur og gífurleg samstaða í svona málum.“ Í flutningasambandinu er að finna félög sjómanna, vörubílsstjóra, hafnarverkamanna og í raun allra stétta sem koma að flutningum.

Ekki náðist í Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra. Hún hefur sagt að ekki sé rétt að blanda sér í deiluna á þessu stigi en útilokar ekki lagasetningu. - ebg

### ➜ Flugmenn hvattir til að tefja flugumferð

Samtök atvinnulífsins sendu flugmönnum bréf eftir miklar tafir á flugi á laugardag sem ollu því að fella þurfti niður samtals 21 flug. Í bréfinu er ítrekað að fylgja verði reglum í verkfalli. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fengu flugmenn símtal frá FÍA þar sem þeir voru hvattir til að hægja á öllu starfi. Það hafi verið gert meðal annars með því að taka mun lengri tíma í að lesa alla pappíra en vanalega og kalla eftir aukaeldsneyti rétt áður en dyrum var lokað. Hafsteinn Pálsson, formaður FÍA, hefur þverneitað að flugmenn stundi skæruaðgerðir og segir að röskunin hafi stafað af því að ekki hafi verið mannskapur til að vinna umframvinnu.




**SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN 2014** Meðlimir Klúbbsins Geysis taka við ávísun frá Ara Edwald, forstjóra 365 miðla. Ólafur Ragnar Grímsson forseti afhenti þeim samfélagsverðlaun Fréttablaðsins. Þau voru veitt í níunda sinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Samfélagsverðlaunin veitt:

# Heiðruð fyrir góð verk í 15 ár

**SAMFÉLAGSMÁL** „Tilfinningin er ólýsanleg,“ sögðu meðlimir Klúbbsins Geysis eftir að tilkynnt var að hann hefði hlotið aðalverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins í ár. Klúbburinn hlaut verðlaunin fyrir að hafa síðustu fimmtán ár hjálpað þeim sem eiga við geðræn vandamál að stríða. Verðlaunaféð er 1,2 milljónir króna.

Samfélagsverðlaunin eru veitt í fjórum flokkum, auk Heiðursverðlaunanna sem veitt eru fyrir ævistarf. Þetta er í níunda sinn sem Fréttablaðið veitir verðlaunin.

Tilnefningar til Samfélagsverðlaunanna koma frá lesendum Fréttablaðsins og í ár bárust á fjórða hundrað tilnefninga. Það var Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sem afhenti verðlaunahöfum og tilnefndum viðurkenningar. - bá / sjá síðu 12

Miklar breytingar á fylgi flokka í Reykjanesbæ samkvæmt skoðanakönnun:

# Meirihluti D-listans er fallinn

**KÖNNUN** Þrjú framboð sem bjóða fram í fyrsta skipti myndu fá næstum þriðjung atkvæða og alls fjóra af ellefu bæjarfulltrúum í Reykjanesbæ yrði gengið til kosninga nú, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins.

Samkvæmt könnuninni, sem gerð var á mánudag, er sjö manna meirihluti sem Sjálfstæðisflokkurinn fékk í síðustu kosningum fallinn. Sjálfstæðisflokkurinn fengi 30,8 prósent atkvæða og fjóra bæjarfulltrúa samkvæmt könnuninni.

Samfylkingin tapar þriðjungi af fylgi sínu og mælist með 19,6 prósenta fylgi. Framsóknarmenn tapa svipuðu hlutfalli og fengju 9,3 prósent samkvæmt könnuninni.

Frjálst afl, klofningsframboð úr Sjálfstæðisflokknum, er stærsta nýja framboðið og nær samkvæmt könnuninni tveimur mönnum í bæjarstjórn. - bj / sjá síðu 4

## Fjöldi bæjarfulltrúa







BA nám í lögfræði

Skráningu lýkur 5. júní

Inntökupróf verður 13. júní

www.lagadeild.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS LAGADEILD

www.hi.is

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

10-11




1.995,-

Pinotex

**2,5 L PALLAOLÍA**
Góð pallaolía sem er vatnsfráhrindandi. Hægt að blanda.

BAUHAUS
Allt fyrir hús, heimili og garða

Auglýst verð gildir frá miðvikudeginum 14. maí til og með miðvikudeginum 21. maí 2014.

## SPURNING DAGSINS



Jón Þór, eruð þið þá á sveppum eftir allt saman?

**„Nýjustu rannsóknir segja að það sé bráðholt fyrir geðheilsuna.“**

Jón Þór Ólafsson er þingmaður Pírata, sem hafa kvartað undan heilsubresti vegna myglusvepps á skrifstofum sínum á Alþingi.

Fjórir af fimm sem grunaðir eru um hópnauðgun í samkvæmi á laugardag eru ekki orðnir átján ára:

# Börn eru höfð í einangrun á Litla-Hrauni

**LÖGREGLUMÁL** Fimmmenningarnir sem sakaðir eru um að hafa nauðgað sextán ára stúlku í samkvæmi aðfaranótt 4. maí síðastliðins eru allir vistaðir í einangrun á Litla-Hrauni.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir að piltarnir séu í einangrun vegna rannsóknarhagsmuna. „Það segir sig sjálft að við grípum ekki til íþyngjandi úrræða, og allra síst þegar börn eiga í hlut, nema ríkir rannsóknarhagsmunir séu til staðar.“

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir einangrunina ekki brjóta gegn Barnasamningi Sameinuðu þjóðanna. „Ákvæði samningsins kveða fyrst og fremst á um það að fangar á barnsaldri skuli ekki vera vistaðir ásamt fullorðnum föngum. Í þessu tilviki er um að ræða gæsluvarðhaldsúrskurð og vegna rannsóknarhagsmuna er þeim gert að vera í einangrun. Þá eiga ákvæði Barnasáttmálans ekki við. Út af fyrir sig er því ekki unnt að gera neina athugasemd við þetta.“

Þórarinn Viðar Hjaltason sálfræðingur, sem meðal annars hefur unnið á Litla-Hrauni, segir að einangrun geti tekið mjög á fólk en einstaklingar séu misviðkvæmir fyrir áhrifum einangrunarinnar. „Í raun og veru er gæsluvarðhald streituvaldandi,“ segir Þórarinn. „Væntanlega hefur þetta meiri áhrif á þetta unga einstaklinga.“

Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð yfir mönnunum. - ssb



**GÆSLUVARÐHALDS KRAFIST** Lögregla hafði hraðar hendur þegar málið var kært og krafðist gæsluvarðhalds yfir mönnunum nær strax. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**VINSÆLIR** Bæjarstjórn Hafnarfjarðar þakkaði Pollapönkurum fyrir jákvætt og frábært framlag sitt áður en tónleikar hófust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hljómsveitin Pollapönk hélt tónleika á Thorsplani í gær:

# Komnir heim í Hafnarfjörðinn

**TÓNLIST Eurovision-fararnir í hljómsveitinni Pollapönk stigu á svið á Thorsplani í heimabæ sínum Hafnarfirði í gær. Hljómsveitin lenti í fimmtánda sæti í keppninni sem fór fram í Kaupmannahöfn um helgina.**

**Fjöldi fólks mætti til að hlýða á lagið Enga fordóma og fleiri slagara. Það var önnur hafnfirsk Eurovision-stjarna, Jóhanna Guðrún, sem hitaði upp fyrir kappana.** - bá

Kosningadeilur í Kópavogi:

# Í hart verði listarnir afhentir

**KOSNINGAR** Fallist yfirkjörstjórn í Kópavogi á að afhenda umboðsmanni Sjálfstæðisflokksins afrit af meðmælendalistum annarra flokka hafa Dögun og umbótasinnar í Kópavogi og Næstbesti flokkurinn ákveðið að láta reyna á þá afstöðu fyrir æðra stjórnvaldi og dómi.

Yfirkjörstjórn tekur málið fyrir í dag. Verði samþykkt að afhenda listana verður sú ákvörðun kærð til innanríkisráðuneytis og síðan höfðað flýtimeðferðarmál fyrir Héraðsdómi Reykjaness ef ráðuneytið hnekkir ekki ákvörðun yfirkjörstjórnar. - jme

Landsnet sækir um leyfi:

# Suðurnesjalína tvö tilbúin 2016

**ORKUMÁL** Landsnet hefur sótt um framkvæmdaleyfi vegna Suðurnesjalínu 2 til sveitarfélaganna Grindavíkur, Hafnarfjarðar, Reykjanesbæjar og Voga. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist um mitt þetta ár og þeim ljúki í árslok 2015, fyrir utan frágangsvinnu sem verði lokið um mitt ár 2016.

Orkustofnun hefur veitt Landsneti leyfi til að reisa og reka 220 kílóvolta háspennulínu frá Hamranesi í Hafnarfirði að Rauðamel norðan Svartsengis. Landnet vill hefja framkvæmdir sem fyrst. -jme

# Gistiaðstaða flutt frá Landmannalaugum

Gert er ráð fyrir að tjaldstæði og gistiskálar verði færð nokkra kílómetra frá Landmannalaugum í fyrirhugaðri samkeppni um skipulag svæðisins. Þörfin er knýjandi og við viljum hafa Landmannalaugar ósnortnar, segir oddviti Rangárþings ytra.

**SKIPULAGSMÁL** „Hugsunin er að endurheimta gróður og upphaflega ásýnd Landmannalauganna sjálfra,“ segir Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti Rangárþings ytra, um fyrirhugaða samkeppni um deiliskipulag Landmannalauga.

Rangárþing ytra hefur tvisvar fengið styrk úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna samkeppninnar; þriggja milljóna króna styrk í fyrra og tíu milljóna króna styrk í ár.

„Ég reikna með að verulegur meirihluti af þessum tíu milljónum fari í verðlaunafé og við viljum fá hugmyndir sem víðast að því betur sjá augu en auga,“ segir Guðmundur.

Þörfin á að deiliskipuleggja Landmannalaugar er afar knýjandi að sögn Guðmundar. „Þarna er ekki viðunandi aðstaða eins og er til að taka á móti þeim fjölda sem hefur verið og það hefur ekki verið hægt að byggja neitt upp vegna þess að deiliskipulag vantar.“

Í rammaskipulagi fyrir hálendið norðan Mýrdalsjökuls er gert ráð fyrir að meginþjónustan með tjaldstæði og gistiskálum færist út fyrir Landmannalaugasvæðið á stað sem heitir Sólvangur, þremur til fjórum kílómetrum frá náttúruvættinu.

„En þá er verið að tala um að inni í Laugunum sjálfum verði upplýsingar, gestastofa og búningsaðstaða til þess að fara ofan í laugina,“ útskýrir Guðmundur.

Oddvitinn játar því að skiptar skoðanir séu um fyrirkomulagið þótt engar „viðamiklar athugasemdir“ hafi komið fram þegar



**LANDMANNALAUGAR** Aðstaðan í Landmannalaugum er ekki viðunandi, segir oddviti Rangárþings ytra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

rammaskipulagið var samþykkt. Ferðafélag Íslands eigi mikla hagsmuni með gistiskála og salernishús í Landmannalaugum. Grunnhugmyndin sé að slík þjónusta fari mögulega í Sólvang.

„Meginhugsunin er að halda svæðinu sem ósnortnustu þannig að fegurð og andblær staðarins njóti sín sem best. En það verður áfram tekið á móti fólki í Landmannalaugum, hugmyndin er alls ekki að því verði hætt eða fólki meinaður aðgangur,“ segir oddvitinn sem vonast til að samkeppninni verði ýtt úr vör í sumar.

„Það er mikilvægt að nýta síðari hluta sumarsins þegar allt er orðið greiðfært þannig að fólk sem ætlar að taka þátt í samkeppninni geti skoðað svæðið sem best,“ segir Guðmundur. Félög arkitekta



**Meginhugsunin er að halda svæðinu sem ósnortnustu þannig að fegurð og andblær staðarins njóti sín sem best.**

*Guðmundur Ingi Gunnlaugsson oddviti Rangárþings ytra*

og landslagsarkitekta muni eiga fulltrúa í dómnefnd auk þess sem samstarf verði við Umhverfisstofnun. „Það verður reynt að hafa gott yfirbragð og góðan faglegan blæ á þessu öllu saman.“

gar@frettabladid.is




Um þrjátíu mótmælendur mættu í innanríkisráðuneytið um eittleytið í gær:

# Mótmæltu meðferð á Izekor

**STJÓRNSÝSLA** Fjöldi manns mætti í innanríkisráðuneytið í gær til að mótmæla meðferð á Izekor Osazee, hælisleitanda frá Nígeríu. Izekor var fangelsuð í rúma sjö klukkutíma á mánudag en til stendur að vísa henni úr landi.

„Þetta er búið að ganga allt of lengi,“ segir Hjalti Hrafn Hafþórsson, einn skipuleggjenda mótmælanna, um tildrög þeirra. „Fólki er sópað úr landi og aldrei tekið tillit til aðstæðna þeirra.“

Mótmælin hófust klukkan tólf við lögreglustöðina á Hverfisgötu en þaðan héldu mótmælendur yfir í innanríkisráðuneytið. Að sögn Hjalta voru um þrjátíu manns í hópnum þegar þangað kom.

Lögregluþjónar voru á staðnum og kallaður var til liðsauki og liðsmenn úr sérsveit lögreglunnar. Mótmælendur yfirgáfu vettvanginn á öðrum tímanum.

Hjalti segir að mótmælin hafi farið friðsamlega fram. „Það voru læti í okkur, vissulega, en aldrei nein ógnun.“

Izekor var handtekin á mánudagsmorgun þegar hún kom á lögreglustöð til að sinna tilkynningarskyldu sinni. Henni var sleppt úr haldi eftir að



**TEKIST Á** Kallaður var til liðsauki vegna mótmæla í innanríkisráðuneytinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

hafa setið í fangaklefa í rúmlega sjö klukkustundir en brottvísun hennar úr landi hefur verið frestað.

- sáp, bá



**Verð: 1.690.000 kr.**

**Toyota Auris Terra** PIR54
Skráður maí 2008, 1,4i bensín, beinsk.
Ekinn 79.000 km.




**Tilboð: 5.450.000 kr.**

**Toyota Land Cruiser** 120 VX ADH19
Skráður des. 2007, 3,0TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 5.790.000 kr.




**Tilboð: 1.990.000 kr.**

**Mazda3 Advance** KLJ46
Skráður júní 2012, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 68.000 km.
Ásett verð: 2.170.000 kr.




**Tilboð: 1.290.000 kr.**

**Audi A6** UZ308
Skráður febr. 2004, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 137.000 km.
Ásett verð: 1.490.000 kr.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*




**Tilboð: 3.590.000 kr.**

**Ford Escape Limited AWD** LTA45
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 66.000 km.
Ásett verð: 3.890.000 kr.




**Tilboð: 4.280.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium S AWD** BHP25
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 76.000 km.
Ásett verð: 4.580.000 kr.



**Verð: 1.990.000 kr.**

**Ford Escape XLT** UU058
Skráður ágúst 2007, 3,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 108.000 km.

**FINNDU BÍLINN ÞINN**

*Skoðaðu fleiri dæmi hér!*

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

**TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ**

*SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING*




**Tilboð: 1.390.000 kr.**

**Hyundai i30 Classic** TOH76
Skráður júní. 2008, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 95.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.




**Tilboð: 2.390.000 kr.**

**Honda Accord** YHE12
Skráður júlí 2008, 2,4i bensín, sjálfsk.
Ekinn 93.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.




**Tilboð: 2.190.000 kr.**

**Citroën C4** Saloon Comfort JGB12
Skráður júlí 2011, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 34.000 km.
Ásett verð: 2.390.000 kr.




**Tilboð: 3.190.000 kr.**

**Ford B-MAX Titanium** JFE65
Skráður maí 2013, 1,6TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 28.000 km.
Ásett verð: 3.390.000 kr. *Í ábyrgð*




**Tilboð: 1.990.000 kr.**

**Toyota Auris** MXJ73
Skráður júní 2010, 1,3i bensín, beinsk.
Ekinn 70.000 km.
Ásett verð: 2.190.000 kr.




**Tilboð: 3.190.000 kr.**

**Ford Focus Trend** UYA01
Skráður nóv. 2012, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 21.000 km.
Ásett verð: 3.390.000 kr. *Í ábyrgð*



**Verð: 1.990.000 kr.**

**Subaru Legacy** SU091
Skráður apríl 2007, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 90.000 km.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK

Notaðir bílar - Brimborg

*Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!*

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgreininni

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

## SVONA ERUM VIÐ



**1,5 milljónir tonna af kolum hafa verið flutt inn til Íslands frá og með árinu 2000.**

Minnst rúm 85.000 tonn en mest árið 2007, eða 139.568 tonn.

Mannskæð átök halda áfram í Austur-Úkraínu þrátt fyrir tilraunir til sátta:

# Hermenn vegnir úr launsátri

**ÚKRAÍNA, AP** Uppreisnarmenn sátu fyrir hermönnum í austanverðri Úkraínu í gær, drápu sex þeirra og særðu átta. Þetta fullyrti talsmaður Úkraínuhers. Árásin var gerð skammt frá borginni Kramatorsk í Donetsk-héraði, þar sem uppreisnarmenn hafa lýst yfir sjálfstæði í kjölfar kosninga um helgina.

Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands, hélt til Úkraínu í gær til að hvetja ráðamenn þar til viðræðna við uppreisnarmenn, í samræmi við friðaráætlun Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu. Rússnesk stjórnvöld hafa sömuleiðis hvatt til þess að Úkraínustjórn og uppreisnarmenn fallist á áætlunina.

Úkraínustjórn hefur verið ófáanleg til viðræðna við uppreisnarmennina og hefur stuðning Vesturlanda sem fordæma kosninguna um síðustu helgi. Rússar styðja hins vegar uppreisnarmennina og segja Úkraínustjórn ekki síður ólöglega en uppreisnina í austurhluta landins. **- gb**



**UPPREISNARMENN Í LUHANSK** Bæði í Luhansk og Donetsk lýstu uppreisnarmenn yfir sjálfstæði á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjöldi innflytjenda:

# 100 þúsund til Danmerkur

**DANMÖRK** Frá 2009 til 2013 komu um 100 þúsund útlendingar til Danmerkur til að setjast þar að. Samkvæmt frétt Jótlandspóstsins komu jafnmargir frá vestrænum löndum og frá öðrum löndum.

Danski þjóðarflokkurinn vill takmarka innflutning með strangari innflytjendalöggjöf. Jafnaðarmannaflokkurinn segir ekki þörf á að herða reglur. Nú þegar sé viðmiðunin að danskt samfélag geti boðið þeim sem koma aðlögun. **- ibs**

Deilt um launahækkanir:

# Flugmenn 92 af 100 launahæstu

**KJARADEILUR** Yfirstjórn Icelandair og flugmenn greinir á um launahækkanir innan fyrirtækisins. Í fréttabréfi Félags íslenskra atvinnuflugmanna er því haldið fram að laun æðstu yfirmanna hafi hækkað mikið á síðustu árum.



**BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON**

Í fréttabréfinu kemur fram að árslaun forstjóra Icelandair Group hafi verið 44,2 milljónir í fyrra og hafi hækkað um 13 prósent frá 2010. Laun forstjóra Icelandair námu 36,7 milljónum og höfðu hækkað um 60,5 prósent á sama tímabili.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair, segir í bréfi til starfsmanna, að flugmenn fari ekki með rétt mál. Grunnlaun stjórnenda hafi ekki hækkað umfram samningsbundnar launahækkanir. Þá segir hann að af 100 launhæstu starfsmönnum fyrirtækisins séu 92 flugmenn. **- jme**

Lét skjóta óbreytta borgara:

# Dæmdur fyrir stríðsglæpi

**UNGVERJALAND** Fyrrverandi innanríkisráðherra Ungverjalands var í gær dæmdur í fimm og hálfs árs fangelsi fyrir stríðsglæpi, samkvæmt frétt BBC. Hinn 92 ára Bela Biszku er sagður hafa skipað öryggissveitum að hefja skothríð á óbreytta borgara í uppreisninni árið 1956. 49 manns létu lífið.

Kommúnískri ríkisstjórn landsins var steypt af stóli í uppreisninni, sem var brotin á bak aftur með innrás Sovétmanna stuttu síðar. Biszku er fyrsti fyrrverandi leiðtogi kommúnista í landinu sem dreginn er fyrir dóm. **- bá**



**NEYÐARÁSTAND** Sjúkraliðar og aðstandendur við námumunnan seint í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannskætt slys í Tyrklandi:

# Hundruð föst neðanjarðar

**TYRKLAND, AP** Rúmlega 150 eru sagðir látnir eftir sprenginguna í kolanámu í Soma í Tyrklandi í gær. Rúmlega tvö hundruð menn voru í gær fastir neðanjarðar. Sprengingin átti sér stað tvo kílómetra undir yfirborði jarðar.

Taner Yildiz, orkumálaráðherra Tyrklands, kom til Soma í gær til að stýra björgunaraðgerðum á svæðinu. Fyrirtækið Komur Isletmeleri, sem á námuna, segir að það sé algjört forgangsmál að bjarga þeim sem enn eru á lífi úr námunni. **- bá**

Eignir LBI vistaðar erlendis:

# Ekki áhrif á greiðslujöfnuð

**EFNAHAGSMÁL** Stærstur hluti gjaldeyriseigna slitabús Landsbankans (LBI) er vistaður á bankareikningum erlendis og undanþága vegna útgreiðslu þeirra hefur ekki áhrif á greiðslujöfnuð landsins.

Krónuvandinn svokallaði er ekki fyrir hendi. Ekki þarf að skipta krónum í erlendan gjaldeyri eins og hjá Kaupþingi og Glitni. Eignir LBI eru aðallega gjaldeyrir.

Eignirnar urðu til fyrir hrun og gjaldeyrishöft. LBI þarf undanþágu frá höftum til að greiða út kröfur þótt eignirnar séu erlendis því LBI er íslenskur lögaðili. **- þþ**

# Fylgi Sjálfstæðisflokks í Reykjanesbæ hrunið

**Ný framboð velta meirihlutanum í Reykjanesbæ og fá samtals fjóra bæjarfulltrúa samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Fylgi Sjálfstæðisflokks hrynur úr 53 prósentum í 31 prósent og Samfylkingin tapar um þriðjungi af fylgi flokksins.**

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is

**Sveitarstjórnarkosningar 2014**
Reykjanesbær

**KÖNNUN** Þrjú framboð sem bjóða fram í fyrsta skipti í sveitarstjórnarkosningunum á Reykjanesi fá samtals 38,8 prósent atkvæða og fjóra bæjarfulltrúa af ellefu, samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins.

Fylgi Sjálfstæðisflokksins er hrunið samkvæmt könnuninni. Flokkurinn fær 30,8 prósent atkvæða og fjóra bæjarfulltrúa, en fékk 52,8 prósent í kosningunum árið 2010 og sjö bæjarfulltrúa.

Samfylkingin tapar einnig talsverðu fylgi frá síðustu kosningum. Um 19,6 prósent ætla að kjósa flokkinn nú, sem skilar Samfylkingunni tveimur bæjarfulltrúum. Fylgi flokksins hefur minnkað um þriðjung frá kosningum, þegar flokkurinn fékk 28,4 prósent atkvæða og þrjá bæjarfulltrúa.

Fylgi Framsóknarflokksins minnkar einnig um þriðjung, úr 14 prósentum í 9,3 prósent. Flokkurinn heldur þrátt fyrir það sínum eina bæjarfulltrúa.

Stærst nýju framboðanna er Frjálst afl, klofningsframboð úr Sjálfstæðisflokknum. Framboðið fær 18,6 prósent atkvæða samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins, og tvo bæjarfulltrúa.

Píratar fá samkvæmt könnuninni 10,4 prósent atkvæða og einn mann kjörinn. Þá fær Bein leið 9,8 prósent atkvæða og einn bæjarfulltrúa.

Miðað við þessar niðurstöður eru einu möguleikarnir á tveggja flokka stjórn samstarf Sjálfstæðisflokks við annaðhvort Samfylkinguna eða Frjálst afl. Verði gerð tilraun til að mynda stjórn án aðkomu Sjálfstæðisflokksins þurfa svo gott sem öll önnur framboð að taka saman höndum, þótt eitt framboðanna þriggja sem fá einn bæjarfulltrúa gæti orðið út undan án þess að það stöðvi myndun meirihlutans. **brjann@frettabladid.is**

## STUÐNINGUR VIÐ STJÓRNMÁLAFLOKKA




**AÐFERÐAFRÆÐIN** Hringt var í **1.126** manns þar til náðist í **800** manns samkvæmt lagskiptu úrtaki mánudaginn 12. maí. Svarhlutfallið var **71** prósent. Pátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Alls tóku **66,6** prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

## Fyrri könnun Fréttablaðsins ónýt

Fréttablaðið kannaði fylgi flokka í Reykjanesbæ í síðustu viku en birti ekki niðurstöður könnunarinnar. Ástæðan var sú að starfsmaður 365 miðla varð uppvís að því að brjóta verklagsreglur við gerð könnunarinnar. Starfsmaðurinn talaði inn á talhólf að minnsta kosti eins einstaklings sem lent hafði í úrtaki könnunarinnar og lét eins og hann svaraði fyrir hann.

Málið er litið afar alvarlegum augum innan 365 og var ákveðið að hætta gerð könnunarinnar og eyða þeim svörum sem hafði verið aflað. Starfsmanninum hefur verið sagt upp störfum vegna alvarlegs trúnaðarbrests. Rækilega var farið yfir allt verklag við gerð skoðanakannana vegna málsins.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 21° | Friedrichshafen | 13° | New York | 18° |
| Aþena | 28° | Gautaborg | 13° | Orlando | 30° |
| Basel | 22° | Kaupmannahöfn | 13° | Ósló | 14° |
| Berlín | 12° | Las Palmas | 24° | París | 18° |
| Billund | 14° | London | 18° | San Francisco | 29° |
| Frankfurt | 15° | Mallorca | 24° | Stokkhólmur | 11° |




**Á MORGUN**
3-8 m/s en strekkingur við SA-ströndina

**FÖSTUDAGUR**
Fremur hægur vindur.

**HLÝNAR FYRIR NORÐAN** Í dag má búast við skúrum fram eftir degi en það léttir til er líður á daginn, fyrst suðaustan til. Vindur verður yfirleitt hægur fram að helgi og það hlýnar heldur á norðanverðu landinu.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Álver á heimsmælikvarða

Áhrif álvers Norðuráls á lífríkið í Hvalfirði eru óveruleg. Þetta staðfesta niðurstöður umhverfisvöktunar fyrir árið 2013.

Það er fylgst náið með lífríkinu í Hvalfirði. Sérfræðingar frá Háskóla Íslands, Nýsköpunarmiðstöð, Landbúnaðarháskólanum og fleiri aðilum fylgjast með lífríki sjávar, loftgæðum, ferskvatni, gróðri og húsdýrum, alls 59 mismunandi umhverfisþáttum.

Norðurál á Grundartanga er langt undir öllum viðmiðunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi og reglugerðum og þessi mörk eru með því strangasta sem þekkist. Starfsemin er á heimsmælikvarða – eins og hæfir Hvalfirðinum og íslenskri náttúru.

Allar sérfræðiskýrslur um Umhverfisvöktun iðnaðarsvæðisins á Grundartanga eru aðgengilegar á heimasíðu Norðuráls, **www.nordural.is**



Meðalstyrkur flúors er vel undir viðmiðunarmörkum. Losun minnkar þrátt fyrir framleiðsluaukningu.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Hagsýni | Liðsheild | Heilindi | nordural.is

NORÐURÁL

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvers vegna flúðu þingmenn Pírata skrifstofur sínar?
**2.** Hver er nýr formaður Rithöfundasambandsins?
**3.** Hversu mörg prósent Íslendinga kaupa oftast pítsu þegar skyndibiti verður fyrir valinu?

**SVÖR:**
**1.** Vegna myglusvepps. **2.** Kristín Helga Gunnarsdóttir. **3.** 42,5 prósent.

Dómstóll í Kolding í Danmörku hefur dæmt í forræðismáli Hjördísar Svan:

# Dæmd í átján mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Hjördís Svan Aðalheiðardóttir var í gær dæmd í 18 mánaða fangelsi í Danmörku vegna brota á umgengnisrétti og fyrir að fara með börn sín þrjú þrisvar ólöglega til Íslands. Auk þess var hún dæmd til að greiða allan málskostnað. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort dómnum verður áfrýjað.

Hjördís hefur setið í gæsluvarðhaldi í Horsens frá því í byrjun febrúar. Hún hefur staðið í áralangri forræðisdeilu við danskan barnsföður sinn, Kim Gram Laursen. Hann fer með forsjá barnanna samkvæmt úrskurði þarlendra yfirvalda. Hjördís hafði umgengnisrétt við börnin en virti ekki að skila þeim aftur til föður síns í ágúst í fyrra. Þess í stað flaug hún með börnin til Noregs og flaug þaðan með börnin hingað til lands.

Í síðasta mánuði vann Laursen mál gegn Hjördísi í Héraðsdómi Reykjavíkur og var dæmt að hann fengi dætur þeirra þrjár afhentar á næstu vikum. Dómnum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. - ebg



**DÆMD Í FANGELSI** Dómstóll í Danmörku hefur dæmt Hjördísi Svan í 18 mánaða fangelsi.

Umhverfisverðlaun afhent:

# Iceland Glacial verðlaunað

**VERÐLAUN** Fyrirtækið Icelandic Water Holdings, sem flytur út vatn undir merkinu Icelandic Glacial, hlaut umhverfisverðlaun Ölfuss sem veitt voru í gær.

„Icelandic Water Holdings uppfyllir með prýði öll þau viðmið og kröfur sem settar voru fram við valið og gera fyrirtæki verðug þess að hljóta umhverfisverðlaun Ölfuss,“ sagði Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, við afhendingu verðlaunanna. - fb









**ODDVITAR** Allir sem einn vilja stækka griðasvæði hvala og segja að verkfærið til þess sé þrýstingur og samtal við kollegana í landsmálunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þverpólitísk sátt um stækkun griðasvæðis

Oddvitar allra framboðanna sem bjóða fram í Reykjavík í komandi borgarstjórnarkosningum telja sjálfsagt og eðlilegt að griðasvæði hvala á Faxaflóa verði stækkað. Borgaryfirvöld hafa þrýst á stjórnvöld vegna málsins en uppskorið tómlæti.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is

**Sveitarstjórnarkosningar 2014**
**Reykjavík**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Stækka ber griðasvæði hvala á Faxaflóa til að byggja undir hvalaskoðun sem þungamiðju í ferðaþjónustu í Reykjavík, er skoðun oddvita allra stjórnmálaflokka sem bjóða fram í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Borgaryfirvöld geta beitt þrýstingi til að ná því markmiði fram.

Þetta kom meðal annars fram á stefnumóti um framtíð hvalaskoðunar og ferðaþjónustu við Reykjavíkurhöfn sem Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) stóðu fyrir í Hörpu í gær með oddvitum flokkanna.

Grímur Sæmundsen, formaður SAF, sagði blikur á lofti vegna árekstra hvalaskoðunar og hrefnuveiða á Faxaflóa. Veiðarnar þrengdu verulega að greininni og til þess að ferðaþjónusta blómstraði við Reykjavíkurhöfn yrði að færa út griðasvæði hvala. Hann bað um aðstoð oddvitanna í þeirri baráttu.

Til að gera langa sögu stutta ríkir þverpólitísk sátt um forgang hvalaskoðunar umfram hvalveiðar á Faxaflóa. Lítils háttar áherslumunur er á milli framboðanna en það var haft á orði á fundinum að svo eintóna væru oddvitarnir í málinu að það hefði drepið fundinn; í raun segði þetta sig sjálft.

Þeirri spurningu var varpað fram hvernig borgaryfirvöld gætu beitt sér í málinu, þar sem valdið hvíldi hjá Sigurði Inga Jóhannssyni sjávarútvegsráðherra.

Oddvitar núverandi meirihluta, þeir Dagur B. Eggertsson, Samfylkingu, og S. Björn Blöndal, Bjartri framtíð, urðu til svars og minntu á að borgaryfirvöld hefðu reynt með afgerandi hætti að þrýsta á ráðherra í fyrrasumar þegar Sigurður Ingi ákvað að fella úr gildi ákvörðun forvera síns, Steingríms J. Sigfússonar, um stærra griðasvæði hvala og færði það til fyrra og núverandi horfs.

Hér vísa Dagur og S. Björn til þess að borgarráð Reykjavíkur óskaði þá eftir rökstuðningi ráðuneytisins vegna ákvörðunar um að minnka griðasvæðið á Faxaflóa. Kom jafnframt fram að borgaryfirvöld þurftu í þrígang að kalla eftir viðbrögðum ráðuneytisins og uppskáru fyrir rest að upphafleg fréttatilkynning um ákvörðunina var send borgarráði.

svavar@frettabladid.is

### ➜ 115.000 í hvalaskoðun frá Reykjavík

- Á rúmum 20 árum hefur hvalaskoðun vaxið upp í að verða stærsta afþreyingargrein ferðaþjónustunnar í Reykjavík og sú þriðja stærsta á Íslandi.
- Á hverju ári starfa meira en 200 manns við greinina og skilar hún rúmum 4 milljörðum króna í gjaldeyristekjur.
- Fjórði hver erlendur ferðamaður sem kemur til landsins fer í hvalaskoðun og á síðasta ári nýttu rúmlega 200 þúsund manns sér þessa afþreyingu, þar af 115 þúsund í ferðum frá Reykjavík.





**TJARNARBÍÓ** 14. MAÍ KL. 20-22

**ANDRÝMI**
**– NÝR VETTVANGUR ORÐLISTARFÓLKS Í BÓKMENNTABORG**

Alþjóðlegt ljóðakvöld með **Danielu Seel** frá Þýskalandi, **Söruh Brownsberger** frá Bandaríkjunum og **Elíasi Knörr** frá Galisíu.

Þau munu flytja eigin ljóð og varpa fram spurningunni: **„Á að flytja ljóð?"**

**Síðan er orðið frjálst.**
TILBOÐ Á BARNUM

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO


Ehud Olmert, fyrrverandi forsætisráðherra Ísraels, dæmdur í mútumáli:

# Hlaut sex ára fangelsisdóm

**ÍSRAEL, AP** Ehud Olmert, fyrrverandi forsætisráðherra Ísraels, þarf að sitja sex ár í fangelsi vegna mútumáls, sem mun vera eitt hið stærsta í sögu landsins.

Olmert var forsætisráðherra Ísraels frá 2006 til 2009, en hafði gegnt ráðherraembættum auk þess að vera borgarstjóri í Jerúsalem frá 1993 til 2003.

Hann verður þar með fyrstur ísraelskra forsætisráðherra til þess að hljóta fangelsisdóm, en á síðustu árum hafa ísraelskir dómarar dæmt forseta landsins, ráðherra og nokkra þingmenn til fangelsisvistar.



**EHUD OLMERT**

Olmert var dæmdur sekur um að hafa þegið svimandi háar mútugreiðslur gegn því að liðka til fyrir byggingarframkvæmdum þegar hann var borgarstjóri í Jerúsalem.

„Opinber embættismaður sem þiggur mútur jafnast á við svikara," sagði David Rozen dómari þegar hann kvað upp dóminn í gær.

Olmert sagði af sér árið 2009 þegar málið komst í hámæli. Hann hélt samt enn fast við það í gær að hann væri saklaus og hefði aldrei þegið mútur. - gb



**ÞÉR ER BOÐIÐ!**

PIPAR\TBWA • SÍA • 141448

# ÁRLEG VORRÁÐSTEFNA VERKEFNALAUSNA OG MINDJET

## Á GRAND HÓTEL Á MORGUN, 15. MAÍ KL. 8:30–12:00

Húsið opnar kl. 8:30 með gómsætum morgunverði en erindin hefjast stundvíslega kl. 9.

Boðið verður upp á áhugaverðar kynningar úr atvinnulífinu en auk þess mun Laura Conrardy, sérfræðingur frá Mindjet, kynna möguleika MindManager hugbúnaðarins og helstu nýjungar.

| | |
|---|---|
| 8:30–9:00 | Skráning og morgunverður |
| 9:00–9:10 | Hildur Hrönn Oddsdóttir frá Verkefnalausnum opnar ráðstefnuna |
| 9:10–9:50 | **Mindjet og verkefni framtíðarinnar**<br>Andri Örn Víðisson, verkefnastjóri hjá Isavia |
| | **Öll herferðin á einum stað**<br>Guðmundur Pálsson, viðskiptastjóri hjá PIPAR\TBWA |
| 9:50–10:00 | Kaffihlé |
| 10:00–10:40 | **Stjórnborðið mitt**<br>Jóhann Sigurðsson, verkefnastjóri hjá Naust Marine |
| | **Mindjet við undirbúning og framkvæmd fjárfestingaverkefna**<br>Agnes Ásvaldsdóttir og Sigurður Arnar Sigurðsson, verkefnastjórar hjá Norðuráli |
| 10:40–11:45 | Laura Conrardy, sérfræðingur hjá Mindjet |
| 11:45–12:00 | Spurningar og ráðstefnuslit |

**50% AFSLÁTTUR!**

Í tilefni af ráðstefnunni bjóðum við upp á MindManager hugbúnaðinn með 50% afslætti ef keyptur er MSA samningur með.
Athugið að tilboðið gildir aðeins í maí 2014.

**Tryggðu þér sæti og skráðu þig núna á verkefnalausnir.is**

mindjet

VERKEFNA LAUSNIR





### ➜ Langar umræður um séreignarsparnað

Umræður um frumvarp ríkisstjórnarinnar um séreignarsparnað stóðu yfir í allan gærdag og fram á kvöld. Raunar hófst umræðan um klukkan 15 í fyrradag og stóð þá fram til miðnættis. Ef umræður um leiðréttingu verðtryggðra fasteignalána taka jafn langan tíma er ólíklegt að þingið fari í sumarfrí á föstudag eins og starfsáætlun þingsins gerir ráð fyrir. Katrín Jakobsdóttir gagnrýndi stjórnarflokkana í gær og sagði það á þeirra ábyrgð hvernig mál hafa þróast í þinginu. Guðlaugur Þór Þórðarson sagði að stjórnarandstaðan hefði talað of mikið í ýmsum málum. Það væri allajafna kallað málþóf.


Orkuríkur næringardrykkur fyrir aldraða




Inniheldur öll næringarefni sem líkaminn þarfnast.
Sérstaklega ríkur af:
- D-vítamíni
- Próteini
- B-vítamínum
- Omega3 fitusýrum
- Kalsíum

Framúrskarandi fyrirtæki 2013
FASTUS
Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar í Síðumúla 16, 2.h.
Fastus • Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900
fastus@fastus.is • www.fastus.is • Opið mán - fös 8.30 - 17.00


# Njóta ekki gjafa- og örlætisgerninga

**Meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar segir að með frumvarpi ríkisstjórnarinnar um höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána sé komið til móts við heimilin. Guðmundur Steingrímsson segir að í frumvarpinu felist í raun pínlegt óréttlæti.**

**ALÞINGI** „Stórir hópar munu ekki njóta gjafa- og örlætisgerninga frumvarpsins. Ber þar fyrst að nefna leigjendur en 25 prósent allra heimila eru í leiguíbúð,“ segir Pétur Blöndal, Sjálfstæðisflokki, sem skilaði séráliti í efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp ríkisstjórnarinnar um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaverðlána.

Pétur segir að staða leigjenda sé oft mjög slæm því til viðbótar leigu, sem er oftast verðtryggð, komi skortur á leiguíbúðum. Hann segir að þeir sem búa í skuldlausri íbúð, líklega 20 prósent heimila og oft eldra fólk, fái ekki neitt.

Í efnahags- og viðskiptanefnd voru skrifuð fimm álit um frumvarpið, eitt frá stjórnarmeirihlutanum í nefndinni og fjögur frá minnihlutanum. Meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar vegsamar frumvarpið. Meirihlutinn segir að með því sé komið til móts við heimilin í landinu með almennum aðgerðum sem ná fram höfuðstólslækkun verðtryggðra lána án þess að fórna sjálfbærni og stöðugleika við stjórnun ríkisfjármála.

Í minnihlutaálitunum er það rauður þráður að í frumvarpinu felist mismunun og að þeir betur stæðu hagnist á skuldaniðurfellingunum. Þá er bent á að úrræðin nái hvorki til námslána, leigjenda né búseturéttarhafa.



**MISJÖFN VIÐBRÖGÐ** Frumvarp ríkisstjórnarinnar um leiðréttingu verðtryggðara fasteignalána fær misjafna dóma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Út frá mörgum hliðum felst í raun pínlegt óréttlæti í því að aðgerðirnar taki einungis til þeirra sem skuldað hafa vegna húsnæðiskaupa á vissu tímabili,“ segir Guðmundur Steingrímsson, Bjartri framtíð, og veltir upp þeirri spurningu hvort það væri ekki réttlátara að ríkissjóður léti hverjum og einum Íslendingi í té vissa upphæð.

Steingrímur J. Sigfússon, VG, kallar frumvarpið móður allra kosningaloforða.

Hann segir ljóst að samfélagsleg áhrif boðaðrar niðurfærslu séu til þess fallin að styrkja hag hinna betur megandi. „Notkun almannafjár í því skyni og í þeim mæli sem áformað er verður að teljast öldungis fráleit,“ segir Steingrímur.

Árni Páll Árnason, Samfylkingu, segir að frumvarpið feli í sér flutning á peningum frá þeim tekjuminni og meðaltekjufólki til þeirra ríkari, frá ungu fólki og öldruðu fólki til fólks á besta aldri og frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

johanna@frettabladid.is


www.volkswagen.is














Volkswagen Transporter

**Snjallari kynslóð atvinnubíla**

Þær eru orðnar nokkuð margar, kynslóðirnar af atvinnurekendum sem hafa treyst á Volkswagen-bíla við störf sín. Volkswagen Transporter er fimmta kynslóð sendibíla sem rekja ættir sínar til Volkswagen T1, „rúgbrauðsins“ sígilda.

Það er því löng hefð fyrir því að líta á Volkswagen Transporter sem snjallan kost þegar kemur að því að velja atvinnubifreið og nú er valið snjallara en nokkru sinni fyrr. Með snjallsímanum þínum getur þú til dæmis tíma- og fjarstýrt olíumiðstöðinni og tryggt þér hlýja og notalega byrjun á vinnudeginum. Transporter er því ekki bara traustur vinnufélagi – hann vinnur einnig vel með símanum þínum.

Snjall-Transporter kostar aðeins frá

**4.490.000 kr.**

**(3.577.689 kr. án vsk)**

VW SNJALL-BÍLL

**Staðalbúnaður í Transporter**

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16“ stálfelgur og heilkoppar
- Lokað skilrúm með glugga
- Fullkomin stöðugleikastýring og spólvörn
- Bekkur fyrir 2 farþega
- Loftpúðar fyrir ökumann og farþega (aftengjanlegur farþegamegin)
- Útvarp með geislaspilara
- Tengi fyrir MP3 spilara
- Klukka
- Fullkomin aksturstölva
- Glasahaldari
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- Velti- og aðdráttarstýri
- Hæðarstillanlegt ökumannssæti með 2 armpúðum
- Viðarklæðning í lofti og hliðum flutningsrýmis

**Aukabúnaður Snjall-Transporter**

- Þráðlaust símkerfi
- Fjarlægðarskynjarar að aftan
- Tveir fjarstýringarlyklar
- Þjófavörn
- Viðarklæðning á gólfi flutningsrýmis
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð

Atvinnubílar

**Söluaðilar:** HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**Afsláttur: 560.000**




**Audi A4** 2.0 TDI 6 Gíra
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 54.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 3.950.000
**KJARAKAUP: 3.390.000**

**Afsláttur: 700.000**




**MM Pajero** 3,2 Gls 33”
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 116.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.650.000
**KJARAKAUP: 2.950.000**

**Afsláttur: 360.000**




**Toyota Avensis** 1800 Sol
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 35.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.950.000
**KJARAKAUP: 3.590.000**

**Afsláttur: 400.000**

**VW Passat** Comfortline Ecofuel
Árgerð 2011, bensín/metan
Ekinn 85.000 km,
sjálfskiptur
Ásett verð:
3.590.000
**KJARAKAUP:**
**3.190.000**




**Afsláttur: 940.000**




**Audi Q7** 4,2
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 101.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.890.000
**KJARAKAUP: 3.950.000**

**Afsláttur: 480.000**




**Toyota Auris** 1333 Terra
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 62.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.270.000
**KJARAKAUP: 1.790.000**

**Afsláttur: 400.000**




**Subaru Legacy** 2000
Sport Wagon Árg. 2008, bensín
Ekinn 98.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.290.000
**KJARAKAUP: 1.890.000**

**Afsláttur: 540.000**




**Kia Sorento**
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 188.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.890.000
**KJARAKAUP: 1.350.000**

**Afsláttur: 400.000**




**Toyota Corolla** 1,4 VVTI
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 116.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 1.190.000
**KJARAKAUP: 790.000**

**Afsláttur: 800.000**




**Volvo XC 90**
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 163.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.190.000
**KJARAKAUP: 3.390.000**

**Afsláttur: 500.000**

**Subaru Legacy** Sport sedan
Árgerð 2009, dísil
Ekinn 82.000 km
beinskiptur
Ásett verð:
2.990.000
**KJARAKAUP:**
**2.490.000**




**Afsláttur: 500.000**




**Audi A4 2.0** TDI 6 Gíra
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 162.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 1.890.000
**KJARAKAUP: 1.390.000**

**Afsláttur: 600.000**




**Suzuki Grand Vitara**
Premium+ Árgerð 2011, bensín
Ekinn 91.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 3.490.000
**KJARAKAUP: 2.890.000**

# KJARAKAUP

## Úrval notaðra bíla á **einstöku** verði í **takmarkaðan tíma**

HEKLA býður í stuttan tíma einstök kjör á völdum notuðum bílum á meðan birgðir endast. Fyrstir koma, fyrstir fá. Bílarnir eru til sýnis hjá HEKLU, Laugavegi 170-174 eða umboðsmönnum HEKLU á landsbyggðinni. Kjarakaup HEKLU gera þér kleift að eignast gæðabíl á einstöku verði.

**Kíkið inn á: heklanotadirbilar.is**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Afsláttur: 490.000**




**Volvo S40**
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 100.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.880.000
**KJARAKAUP: 1.390.000**

**Afsláttur: 500.000**

**Nissan X-Trail** Elegance
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 146.000 km
sjálfskiptur
Ásett verð:
1.690.000
**KJARAKAUP:**
**1.190.000**




**Afsláttur: 860.000**




**Audi A4** Avant 2,0TDI
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 32.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.850.000
**KJARAKAUP: 3.990.000**

**Afsláttur: 700.000**




**Suzuki Grand Vitara**
Premium+ Árgerð 2011, bensín
Ekinn 77.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 3.690.000
**KJARAKAUP: 2.990.000**

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

HYUNDAI NOTAÐIR

BEINT Á MÓTI IKEA

Gott úrval notaðra bíla á staðnum.
Komdu í heimsókn eða skoðaðu heimasíðuna;
www.hyundai.is og smellir á flipann notaðir bílar

ALLT AÐ 80% FJÁRMÖGNUN

HYUNDAI Nr. 120364



KIA SORENTO III LUXURY
Nýskr 04/2011, ekinn 37 þús.
dísil, sjálfskiptur
VERÐ
5.690 þús.

HYUNDAI Nr. 120320



RENAULT MEGANE SPORT TOUR.
Nýskr 05/2013, ekinn 30 þús.
dísil, sjálfskiptur
VERÐ:
3.390.000 kr.

HYUNDAI Nr. 281403



HYUNDAI SANTA FE LUX
Nýskr 07/2007, ekinn 107 þús.
bensín, sjálfskiptur
VERÐ:
2.290.000 kr.

HYUNDAI Nr. 281294



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr 05/2013, ekinn 25 þús.
dísil, sjálfskiptur
VERÐ:
5.290.000 kr.

HYUNDAI Nr. 191310



VW PASSAT ECOFUEL
Nýskr 03/2012, ekinn 73 þús.
bensín, beinskiptur. Verð 2.990.000
TILBOÐSVERÐ:
2.990.000 kr.

HYUNDAI Nr. 270266



RANGE ROVEr SPORT SE
Nýskr 06/2008, ekinn 77 þús.
dísil, sjálfskiptur
VERÐ:
6.890.000 kr.

HYUNDAI Nr. 130788



HYUNDAI i30 STYLE
Nýskr 09/2008, ekinn 78 þús.
bensín, beinskiptur
VERÐ:
1.980.000 kr.

HYUNDAI
Kauptúni 1– (Beint á móti IKEA)
Sími 575 1200

# Vinnustöðvun takist ekki að semja í dag

**Grunnskólakennarar leggja niður vinnu á morgun ef ekki nást samningar milli þeirra og sveitarfélaganna. Vilja sömu laun og aðrar háskólamenntaðar stéttir með sambærilega menntun og sem bera sambærilega ábyrgð. Útifundir skipulagðir.**

**KJARAMÁL** Kennarar leggja niður vinnu í grunnskólum á morgun takist ekki samningar milli Félags grunnskólakennara og Samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga í dag. Fundað var hjá sáttasemjara í gær og á mánudag. Ekki hafði þá verið fundað síðan á miðvikudag í síðustu viku.



**ÓLAFUR LOFTSSON**

„Okkur hefur þótt skorta áhuga og vilja hjá sveitarstjórnarmönnum en maður pínir engan að samningaborði. Eftir að Bandalag háskólamanna og Félag framhaldsskólakennara sömdu vorum við í ágætis vinnutörn með þetta en svo kom hlé. Við hefðum viljað meiri kraft í þetta fyrr,“ segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara.

Viðræður síðustu vikur hafa snúist um nýtt vinnumat á starfi grunnskólakennara. „Við eru komnir langt með það og svo koma launaliðirnir. Þar eru markmiðin skýr. Við viljum fá sömu laun og aðrar háskólamenntaðar stéttir sem hafa sambærilega menntun og bera sambærilega ábyrgð.“




**LAUNAHÆKKUNAR KRAFIST** Grunnskólakennarar mættu á bæjarstjórnarfund í Kópavogi í gær til að leggja áherslu á kröfur sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ólafur tekur fram að reynt verði af fremsta megni að ljúka samningagerð áður en til vinnustöðvunar kemur. „Ég hef ekki heyrt í neinum sem hefur ekki skilning á því að menn þurfi að gera þetta. Foreldrar hafa auðvitað áhyggjur og hvetja menn til að semja en við verðum ekki vör við annað en að þeir hafi á þessu skilning.“

Skipulagðir hafa verið útifundir víða um land komi til vinnustöðvunar á morgun og félagsmenn í Félagi grunnskólakennara munu krefja frambjóðendur til sveitarstjórna svara um stefnu þeirra í kjaramálum kennara.

Vinnustöðvanir hafa einnig verið boðaðar á miðvikudag í næstu viku og á þriðjudag í þar næstu viku. ibs@frettabladid.is




Markaðsstofa Kópavogs
BYKO
BROOKS
HREYSTI




# Nú er tíminn til að bera á tréverkið...




Pinotex

**1 L VIÐARHREINSIR**

Hentar vel á minni fleti t.d. garðhúsgögn, glugga og hurðir.



**1.795,-**

Pinotex

**2,5 L PALLAOLÍA**

Góð pallaolía sem er vatnsfráhrindandi. Smýgur vel inn í viðinn og gefur fallega áferð. Hægt að blanda.

**1.995,-**



**ÁLSKAFT**

115 cm.

**895,-**




**2.795,-**

Pinotex

**1 L HARÐVIÐAROLÍA**

Fæst í gagnsæu, svörtu, teak og mahóní.




**3.995,-**

Pinotex

**5 L CLASSIC**

Lítið þekjandi viðarvörn. Smýgur vel inn í viðinn og er með sveppaeyðandi efnum. Hægt að blanda.




**7.995,-**

Pinotex

**5 L SUPERDEC**

Þekjandi vatnsþynnt akrýl viðarvörn. Hindrar gránun og endist í allt að 10 ár. Hægt að blanda.



**BASIC ÚTIPENSLASETT**

Sett með 2 penslum og hræripinna. Tilvalið til að nota á pallinn og tréverkið.

**995,-**

Auglýst verð gildir frá miðvikudeginum 14. maí til og með miðvikudeginum 21. maí 2014. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - www.bauhaus.is

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS



**HEIÐURSVERÐLAUN** Jón Stefánsson organisti hefur haldið utan um tónlistarstarf í Langholtskirkju í hálfa öld.



**FRÁ KYNSLÓÐ TIL KYNSLÓÐAR** „Þú bætir þessu í safnið," sagði forsetinn er hann afhenti Ómari Ragnarssyni verðlaunagrip fyrir tilnefningu sína.




**SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN** Klúbburinn Geysir hlaut aðalverðlaun blaðsins í ár fyrir frábært starf undanfarin fimmtán ár.

# Mikilvægar fyrirmyndir verðlaunaðar

Fréttablaðið veitti í gær Samfélagsverðlaun sín í níunda skiptið við hátíðlega athöfn. Í ár bárust á fjórða hundrað tilnefninga frá lesendum.

Klúbburinn Geysir hlaut aðalverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins við hátíðlega athöfn í gær. Ólafur Ragnar Grímsson forseti veitti verðlaunin og Ari Edwald, forstjóri 365, afhenti klúbbnum ávísun upp á 1,2 milljónir króna. Þetta er í níunda sinn sem Samfélagsverðlaunin eru veitt.

**Samfélagsverðlaunin**

„Tilfinningin er eiginlega alveg ólýsanleg," sögðu meðlimir Klúbbsins Geysis eftir að aðalverðlaunin voru veitt. Klúbburinn hlaut verðlaunin fyrir að hafa síðustu fimmtán ár hjálpað þeim sem eiga við geðræn vandamál að stríða.

„Þetta er svona stökkpallur fyrir þá sem hafa verið inni á deild eða mjög einangraðir til að fara út í almennt samfélag á ný," útskýra meðlimir Klúbbsins. Meðal annars kemur hópurinn meðlimum sínum í tímabundin reynslustörf í gegnum verkefnið Ráðning til reynslu, eða RTR. Einn meðlimur segist hafa komist þrisvar í svokölluð RTR-störf í gegnum klúbbinn og að það hafi hjálpað til að komast aftur út í samfélagið.

Til aðalverðlauna voru einnig tilnefnd Kiwanis-hreyfingin á Íslandi og Hjálparsími Rauða krossins. Kiwanis-hreyfingin hlaut tilnefninguna fyrir margra ára óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins, en sjálfboðahreyfingin stendur til að mynda fyrir átaki gegn stífkrampa um þessar mundir í samstarfi við UNICEF. Hjá Hjálparsíma Rauða krossins starfar tæplega hundrað manna sjálfboðaliðahópur sem veitir gjaldfrjálsa hlustun og ráðgjöf þeim sem illa líður.

**Heiðursverðlaunin**

Heiðursverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins hlotnuðust að þessu sinni Jóni Stefánssyni, organista og kórstjóra við Langholtskirkju. Verðlaunin eru veitt fyrir ævistarf viðkomandi, að þessu sinni ómetanlegt ævistarf í þágu tónlistar. Jón fagnar fimmtíu ára starfsafmæli við kirkjuna um þessar mundir og hefur á þeim tíma átt stóran þátt í að byggja upp kórastarf á landinu og opnað heim tónlistar fyrir fjölmörgum börnum og unglingum.



**TIL ATLÖGU GEGN FORDÓMUM** Hljómsveitin Pollapönk veitti verðlaununum viðtöku í hinum þekktu Henson-göllum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Til atlögu gegn fordómum**

Það voru svo Eurovision-fararnir í hljómsveitinni Pollapönki sem hlutu Samfélagsverðlaunin í flokkinum Til atlögu gegn fordómum. Hljómsveitin hlaut verðlaunin fyrir að breiða út jákvæðan boðskap til barna í textum sínum. Var framlag þeirra til Eurovision-keppninnar í ár, lagið Enga fordóma eða No prejudice, sérstaklega nefnt í þessu samhengi.

Til þessara verðlauna hlutu einnig tilnefningu Alma Rut Lindudóttir og Félagasamtökin Erindi. Alma Rut er áfengis- og forvarnarráðgjafi sem hefur undanfarin ár barist fyrir bættum kjörum útigangsmanna. Félagasamtökin Erindi og feðginin Selma Björk Hermannsdóttir og Hermann Jónsson hafa svo staðið fyrir fyrirlestrunum Ást gegn hatri þar sem Selma segir grunnskólanemum frá reynslu sinni af einelti.

**Hvunndagshetja**

Sigurður Hallvarðsson er Hvunndagshetja ársins fyrir að vera öðrum góð fyrirmynd þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Hann safnaði til að mynda milljónum króna til styrktar Ljósinu við Langholtsveg með áheitagöngu í roki og rigningu frá Hveragerði til Reykjavíkur. Sigurður gat ekki mætt á verðlaunaafhendinguna og tóku synir hans þrír við verðlaununum fyrir hans hönd.

Einnig hlutu tilnefningu þeir Guðjón Hólm Gunnarsson og Sigurður Már Sigmarsson og hin tíu ára gamla Hafdís Ýr Birkisdóttir. Guðjón Hólm og Sigurður Már söfnuðu peningum til kaupa á hnoðtækjum í sjúkrabíla á Akranesi og Búðardal og hafa hafið söfnun fyrir svipuð um kaupum á Ólafsvík og í Stykkishólmi. Hafdís Ýr stóð fyrir söfnun til styrktar heimilislausum með því að útbúa matreiðslubók sem hún afhenti þeim sem vildu gegn frjálsum framlögum.

**Frá kynslóð til kynslóðar**

Í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar hlutu Samfélagsverðlaunin Móðurmál, samtök um tvítyngi. Samtökin styðja við og efla móðurmálskunnáttu barna með íslensku sem annað mál. Hópurinn sem stendur að samtökunum kennir launalaust einu sinni í viku og aðstoðar börn á ólíkum aldri við að viðhalda móðurmáli sínu. Í dag eru tuttugu tungumál kennd hjá félaginu.

Ómar Ragnarsson og Guðmundur Vignir Guðmundsson voru einnig tilnefndir í þessum flokki. Ómar hlaut tilnefningu fyrir fræðslu til margra kynslóða um náttúruvernd og líf fólks um allt land. Guðmundur Vignir var tilnefndur fyrir framúrskarandi sundkennslu barna í þrjátíu ár.

**Á fjórða hundrað tilnefninga**

Tilnefningar til Samfélagsverðlaunanna eru fengnar frá lesendum Fréttablaðsins og í ár bárust á fjórða hundrað tilnefninga. Dómnefnd skipuðu þau Ólafur Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar, og Þorsteinn J. Vilhjálmsson fjölmiðlamaður. Aðalverðlaun Samfélagsverðlaunanna eru 1,2 milljónir króna og aðrir verðlaunahafar hljóta 49 tommu United-sjónvarp frá Sjónvarpsmiðstöðinni auk verðlaunagripa frá Ásgarði í Mosfellsbæ.

bjarkia@frettabladid.is




# OPIÐ TIL KL. 22.00 Í KORPUTORGI
# 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



ANTON&BERGUR

Beetle áður 99.900,- **nú 79.920,-**

A WORLD OF INSPIRATION · the PIER · FOR YOUR HOME



Haag áður 199.900,- **nú 159.920,-**

20% AFSLÁTTUR Í KVÖLD AF ÖLLUM VÖRUM • 20%





OPIÐ FRÁ 11.00–22.00
THE PIER KORPUTORGI,
MIÐVIKUDAGINN 14. MAÍ

**20% AFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM VÖRUM**
**AÐEINS ÞENNAN EINA DAG**

20% AFSLÁTTUR Í KVÖLD AF ÖLLUM VÖRUM • 20%

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# TIL ÞESS AÐ LÆKNA SJÚKDÓMA

Íslensk erfðagreining hefur síðastliðin 18 ár rannsakað erfðaþætti algengra sjúkdóma og fundið erfðabreytileika sem tengjast yfir 50 ólíkum sjúkdómum.

Þessar rannsóknir byggja á þátttöku yfir 120 000 Íslendinga sem lagt hafa okkur lið. Án þeirra framlags hefði þessi árangur aldrei náðst.

Til að efla rannsóknir okkar frekar erum við nú að leita eftir þátttöku enn fleiri landsmanna. Þátttaka þín skiptir máli til að rannsaka hvernig heilbrigði og sjúkdómar ráðast af samspili erfða og umhverfis - og að leita nýrra leiða til forvarna, greininga og lækninga.

# ÞARF FYRST AÐ SKILJA ÞÁ

## VÍSINDAMENN OKKAR HAFA Á UNDANFÖRUM 18 ÁRUM FUNDIÐ ERFÐABREYTILEIKA SEM TENGJAST EFTIRFARANDI SJÚKDÓMUM:

BRJÓSTAKRABBAMEIN
BLÖÐRUHÁLSKIRTILSKRABBAMEIN
RISTILKRABBAMEIN
LUNGAKRABBAMEIN
SORTUMEIN
ÞVAGBLÖÐRUKRABBAMEIN
SKJALDKIRTILSKRABBAMEIN
BRISKRABBAMEIN
HEILAÆXLI
SJÚKUR SÍNUSHNÚTUR
FJÖLSKYLDULÆGUR SKJÁLFTI
ASTMI
OFNÆMI
NÝRNABILUN
NÝRNASTEINAR

GALLSTEINAR
ÞVAGSÝRUGIGT
SLITGIGT
LIÐAGIGT
NIKÓTÍNFÍKN
ALKAHÓLFÍKN
GEÐKLOFI
GEÐHVARFASÝKI
ÞUNGLYNDI
KVÍÐI
MÍGRENI
FÓTAÓEIRÐ
PARKINSONS VEIKI
ALZHEIMERS SJÚKDÓMUR
AUGNBOTNAHRÖRNUN

GLÁKA
HJARTAÁFALL
KRANSÆÐASJÚKDÓMUR
HEILABLÓÐFALL
HÁÞRÝSTINGUR
ÚTÆÐASJÚKDÓMUR
BEINÞYNNING
OFFITA
SYKURSÝKI
GÁTTATIF
GÁTTAFLÖKT
ÓSÆÐAGÚLL
ÆÐAGÚLL INNAN HÖFUÐSKELJAR

## NIÐURSTÖÐURNAR HAFA VERIÐ BIRTAR Í UM 400 GREINUM Í VIRTUSTU VÍSINDATÍMARITUM HEIMS.

Þessi árangur hefur skilað Íslandi forystuhlutverki í rannsóknum í mannerfðafræði.



ÚTKALL
Í ÞÁGU VÍSINDA

SVARAÐU KALLINU | BJÖRGUNARSVEITIN SÆKIR | VÍSINDIN EFLAST

www.utkall.is

# SKOÐUN

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins afhent í níunda sinn:

## Verðlaun fyrir fórnfýsi og frumkvæði

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti í gær Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins. Þetta var í níunda sinn sem verðlaunin eru afhent. Athöfnin er alltaf sérstakt ánægjuefni, enda er verðlaunaafhendingunni ætlað að beina athyglinni að góðu og fórnfúsu starfi í þágu samfélags okkar, starfi sem oft fer ekki hátt og er jafnvel stundað af sjálfboðaliðum utan venjulegs vinnutíma og utan kastljóss fjölmiðlanna.

Sem einn útbreiddasti fjölmiðill landsins lítur Fréttablaðið á það sem hluta af sinni samfélagslegu skyldu að hampa þessum góðu verkum og verðlauna þau ekki eingöngu, heldur fjalla um þau í framhaldinu.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Við valið á verðlaunahöfum nýtur blaðið liðsinnis lesenda sinna. Ferlið hefur verið með sama hætti í níu ár; auglýst er eftir tilnefningum í byrjun árs og dómnefnd velur svo úr ábendingunum sem berast á netinu eða í pósti. Að þessu sinni bárust hátt á fjórða hundrað tilnefningar frá lesendum.

Í ár hlýtur Klúbburinn Geysir aðalverðlaun Samfélagsverðlaunanna, 1,2 milljónir króna. Klúbburinn á fimmtán ára starfsafmæli í haust og hefur á starfstíma sínum hjálpað fjölda fólks að fóta sig í lífinu eftir geðræn veikindi. Í tilnefningum frá lesendum kom fram að sumir þakka Geysi hreinlega líf sitt – þar er unnið merkilegt og fórnfúst starf, sem full ástæða er til að styrkja og vekja athygli á.

Hljómsveitin Pollapönk, sem gerði garðinn frægan í Kaupmannahöfn um síðustu helgi, fékk Samfélagsverðlaunin í flokknum gegn fordómum. Pollapönkararnir hafa árum saman lagt sitt af mörkum til að bæta samfélagið með tónlistarflutningi sínum og textasmíðum sem höfða ekki sízt til yngri kynslóðarinnar. Nú gafst þeim einstakt tækifæri til að koma sínum jákvæða boðskap á framfæri við hundruð milljóna Evrópubúa og var vel við hæfi að samfagna hljómsveitinni við heimkomuna eftir góða frammistöðu í Eurovision-keppninni.

Í flokknum frá kynslóð til kynslóðar fengu Móðurmál, samtök um tvítyngi, Samfélagsverðlaunin. Þau hafa í tuttugu ár staðið að kennslu þar sem börnum á ólíkum aldri er hjálpað að viðhalda móðurmáli sínu. Bráðlega verða kennd 22 tungumál hjá samtökunum og starf þeirra verður æ mikilvægara í sífellt fjölbreytilegra samfélagi.

Hvunndagshetja ársins er Sigurður Hallvarðsson, sem hefur þrátt fyrir erfið veikindi safnað háum fjárhæðum til góðgerðamála. Í fyrra gekk hann áheitagöngu frá Hveragerði til Reykjavíkur til að safna fyrir Ljósið og fyrir stuttu notaði hann tímann í hvíldarinnlögn á líknardeild til að safna fyrir langveik börn í Rjóðrinu.

Síðast en ekki sízt hlaut Jón Stefánsson, organisti og kórstjóri í Langholtskirkju, heiðursverðlaun Samfélagsverðlaunanna. Hann fagnar á árinu 50 ára starfsafmæli og getur litið yfir farinn veg með stolti, búinn að ala upp margar kynslóðir tónlistarfólks í ótal kórum og hefur sett mark sitt rækilega á íslenzkt tónlistarlíf.

Hér með er verðlaunahöfunum og öllum þeim sem jafnframt voru tilnefnd til Samfélagsverðlaunanna óskað innilega til hamingju. Þau starfa á ólíkum sviðum samfélagsins en hafa sýnt markvert frumkvæði og eru öðrum góð fyrirmynd.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

**Aðalfundur**

**Hagsmunasamtaka heimilanna**

Hagsmunasamtök heimilanna halda sinn árlega aðalfund fimmtudaginn 15. maí kl. 20:00 í sal Stýrimannaskólans við Háteigsveg, 2. hæð.

**Allar nánari upplýsingar á www.heimilin.is**

Félagsmenn eru hvattir til að mæta!

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sex flokka kona

Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálpar Íslands, situr í 22. sæti á lista Framsóknar og flugvallarvina í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Þar með er Framsóknarframboðið orðið það sjötta sem Ásgerður Jóna haslar sér völl í svo vitað sé. Hún hefur áður gegnt embætti varaformanns Frjálslynda flokksins, boðið sig fram með Flokki heimilanna, setið í stjórn Landssambands sjálfstæðiskvenna, setið í stjórn Samstöðu og skipað annað sætið á lista Nýs afls fyrir Alþingiskosningarnar árið 2003. Ásgerður er sannarlega víðförul kona og því við hæfi að vitna í Hávamál. Vits er þörf þeim er víða ratar.



### Beggja vegna borðsins

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti Framsóknarflokksins, segir að Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra hafi verið beggja vegna borðsins þegar hún undirritaði samning um flugvöllinn í Vatnsmýri fyrir hönd ríkisins. Með samkomulaginu hafi hún verið að leggja blessun sína yfir gjörðir sem hún fylgdi eftir meðan hún sat í stóli borgarstjóra.

Á lista Framsóknar og flugvallarvina er líka fólk sem sæti beggja vegna borðsins ef breytingar yrðu gerðar á flugvallarmálum á komandi kjörtímabili. Þannig er nefnilega mál með vexti að frambjóðendur ofarlega á listanum hafa beina fjárhagslega hagsmuni af því að flugvöllurinn fari hvergi.



### Þurfa ekki á aurnum að halda

Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur vakið mikla athygli fyrir sérálit sitt á skuldaniðurfellingarfrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Það þarf engum að koma á óvart sem fylgst hefur með ferli Péturs í pólitík að hann fer sínar eigin leiðir og hefur oft reynst formönnum sínum óþægur ljár í þúfu. Pétur segir í áliti sínu að verið sé að gefa fólki fé sem ekki þurfi á peningnum að halda og hefur þar líklega rétt fyrir sér en sýnt hefur verið fram á að 400 stóreignamenn eigi rétt á skuldaniðurfellingu.

snaeros@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ríka fólkið hans Árna Páls

FJÁRMÁL



**Þorsteinn Sæmundsson**
þingmaður Framsóknarflokksins

Nú þegar hillir undir að ríkisstjórnarflokkarnir efni helstu og stærstu kosningaloforð sín fara andstæðingar stjórnarinnar hamförum í áróðri sínum gegn ráðstöfunum sem felast í frumvörpunum tveimur sem nú liggja fyrir þinginu. Því er haldið fram að aðgerðirnar auki verðbólgu, hækki vexti og skaði fjárhag ríkis og sveitarfélaga inn í framtíðina. Aðgerðin, sem er tvíþætt, almenn og reist á réttlæti og sanngirni, mun hafa lágmarksáhrif á verðbólgu og vexti. Hún mun til skamms tíma hafa nokkur áhrif á sveitarfélögin en allar líkur eru á að þau áhrif fjari út og að sveitarfélög og ríki muni til langs tíma hagnast vegna betri skuldastöðu heimilanna.

Því er nú haldið fram af hálfu andstæðinga ríkisstjórnarinnar að þeir tekjuhæstu og eignamestu muni hagnast mest á aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Því fer fjarri. Hið sanna er að helmingur skuldaniðurfellingarinnar gagnast fólki með heimilistekjur undir sex milljónum króna á ári eins og til dæmis tveimur ASÍ-félögum sem halda heimili saman. 60 prósent upphæðarinnar koma í hlut fólks með heimilistekjur undir átta milljónum á ári, svo sem eins og tveimur kennurum eða tveimur BSRB-félögum. 80 prósent upphæðarinnar renna til fjölskyldna sem skulda meira en helming í íbúðarhúsnæði sínu. Meðalfjárhæð niðurfærslu á hvert heimili er rúmlega 1,1 milljón krónur og tæplega helmingur heimila fær niðurfærslu á bilinu hálf til ein milljón krónur.

Þessir hópar, ASÍ-félagar með meðallaun og BSRB/BHR-fólk með meðallaun þeirra samtaka, sem getið er um hér að framan, eru samkvæmt grein formanns Samfylkingarinnar í Fréttablaðinu sl. mánudag ríka fólkið á Íslandi. Sú skilgreining kemur kannski ekki svo mikið á óvart þegar þess er gætt að ríkisstjórn sú sem formaðurinn sat í hífði láglaunafólk upp í milliskattþrep meðan hún sat að völdum. Þá ráðstöfun hefur núverandi ríkisstjórn þegar leiðrétt og hækkað tekjumark þeirra sem eru í neðsta skattþrepi.

Ríkisstjórnin er þannig alls ósammála formanni Samfylkingarinnar um að þessir hópar myndi hóp ríkra Íslendinga. Skattaráðstafanir ríkisstjórnarinnar munu skila fjölskyldunum í landinu 5 milljörðum króna í auknum ráðstöfunartekjum. Þannig lýsir núverandi ríkisstjórn yfir eindregnum stuðningi við heimilin í landinu og baráttu þeirra fyrir bættum lífskjörum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Persónunjósnir sjálfstæðismanna í Kópavogi

STJÓRNMÁL



**Hjálmar Hjálmarsson**
talsmaður Næstbestaflokksins í Kópavogi

Það er sjálfsagður og lýðræðislegur réttur hvers manns að taka þátt í stjórnmálum. Rétturinn til að bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga er varinn með margvíslegum hætti. Þær hindranir sem frambjóðendur þurfa að yfirstíga eru ekki miklar. Í Kópavogi þurfa framboð að afla sér að lágmarki 80 undirskrifta frá kjósendum sem gefa þar með framboðinu tækifæri til að nýta sér þennan dýrmæta lýðræðisrétt sinn; að taka þátt í stjórn bæjarfélagsins. Þessari undirskrift fylgja engar kvaðir að nokkru leyti. Sjálf atkvæðagreiðslan á kjördag er enn sem komið er leynileg, sem betur fer. Engu að síður eru fjölmargir sem vilja ekki tengjast stjórnmálaflokkum á nokkurn hátt. Sjá þá sem gamaldags, spillta og vinna fyrst og fremst að sérhagsmunum fárra í stað þess að hugsa um hag samfélagsins.

Undanfarna daga hafa frambjóðendur Næstbestaflokksins í Kópavogi safnað um 120 undirskriftum frá kjósendum sem staðfesta þar með að þeir styðji okkur til framboðs. Við hétum þessu fólki trúnaði, að þessar upplýsingar kæmu hvergi fram nema hjá kjörstjórn sem myndi síðan eyða þeim að kosningum loknum. Að engin skuldbinding fælist í undirskriftinni og þær yrðu hvergi birtar opinberlega. Að framboð okkar tengdist ekki neinum af starfandi stjórnmálaflokkum. Að frambjóðendur Næstbestaflokksins hefðu engin bein hagsmunatengsl við einstök fyrirtæki, stofnanir eða félagasamtök í bænum. Að við vildum vinna fyrir alla í Kópavogi, en ekki fyrir fáa útvalda.

**Fyrirgreiðslupólitík**

Nú hefur það fáheyrða gerst, að umboðsmaður Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi, Bragi Michaelsson, óskar eftir því að fá afhenta meðmælendalista allra framboða til kosninganna í vor. Til hvers veit ég ekki. Eina skýringin sem hann gaf var sú að þetta hefði „alltaf verið gert“, sem er auðvitað firra. Stjórnmálaflokkar eru löngu hættir þessum ósið sem er ekkert annað en lágkúrulegar persónunjósnir. Það er nefnilega svo að sumir menn og flokkar telja sig „eiga“ atkvæði kjósenda í bænum og vilja fá að vita hverjir ætli að svíkjast undan merkjum. Þetta eru sömu mennirnir og telja sig eiga Kópavog, að þeir geti gengið í sjóði bæjarins, fengið verkefni, lóðir, djobb og fyrirgreiðslu eins og þeim hentar. Þetta er „gamli tíminn“ sem mætir nútímanum. Fyrirgreiðslupólitíkin sem abbast upp á heilbrigða skynsemi.

Umboðsmenn Næstbestaflokksins hafna því alfarið að Sjálfstæðisflokkurinn fái aðgang að meðmælendalistum og upplýsingar um nöfn þeirra 120 íbúa sem þar er að finna. Byggingaverktakinn og skógræktarfrömuðurinn Bragi Michaelsson verður að finna þörf sinni til persónunjósna annan farveg. Hverjir styðja Næstbestaflokkinn til framboðs í kosningunum í vor er trúnaðarmál milli framboðsins og kjörstjórnar Kópavogs og verður það áfram. Það kemur hvorki Sjálfstæðisflokknum né Braga Michaelssyni nokkurn skapaðan hlut við.

**➜ Þetta er „gamli tíminn“ sem mætir nútímanum. Fyrirgreiðslupólitíkin sem abbast upp á heilbrigða skynsemi.**

## Hjúskapur hælisleitenda

HÆLISLEITENDUR



**Toshiki Toma**
prestur innflytjenda

Samkvæmt fréttum í fjölmiðlunum þann 8. maí og 12. maí hafa tveir hælisleitendur sem báðir eru makar Íslendinga fengið tilkynningu um að þeim sé vísað úr landi á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar og hefur öðrum þeirra þegar verið vísað úr landi.

„Hjón eru í hvívetna jafnrétthá í hjúskap sínum og bera jafnar skyldur hvort gagnvart öðru og börnum sínum. Þeim ber að sýna hvort öðru trúmennsku, styðja hvort annað og gæta sameiginlegra hagsmuna heimilisins og fjölskyldu.“ (hjúskaparlög 2.gr.)

Þetta ákvæði bendir á hvernig hjúskaparlögin skilja hugtakið hjúskapur. Hjúskapur er ekki brandari eða smábiti af köku. Í hjúskap axlar fólk ábyrgð og ber skyldur sem hjón. En það upplifir líka gleði hjónabandsins og blessun.

Réttindi til hjúskapar eru því mikilvægur þáttur í lífi okkar og ekki síst að njóta hjónalífsins í raun. Við getum rifjað upp hve mikil umræða átti sér stað í þjóðfélaginu þegar um hjúskap samkynhneigðs fólks var að ræða. Og það á að vera það þegar málefnið er svo mikilvægt.

**Hver er rökstuðningurinn?**

En eru hjúskaparréttindi og hjónalíf hælisleitenda þá öðruvísi en hjónaband okkar „venjulega“ fólksins?

Nú virðast yfirvöld telja að staða lögverndaðs hjúskapar sé lægri en staða Dyflinnarreglugerðarinnar þegar hælisleitandi er aðili málsins og hjúskaparréttindi þeirra séu næstum einskis virði og eigi ekki skilið sérstaka athugun.

Hver er rökstuðningur þess hjá yfirvöldunum? Hver er skilningur þeirra á samræmi milli ákvörðunar um brottvísun maka Íslendinga og annarra borgaralegra réttinda sem allir á Íslandi eiga að njóta?

Brottvísun hælisleitanda sem jafnframt er maki Íslendings er ekki jafneinfalt mál og vísan í „Dyflinnarreglugerð“ eða annar smávandi í hælisumsókn getur réttlætt, að mínu mati.

Ég óska að yfirvöld sýni fram á eigin rökstuðning um málið og biðji þjóðfélagið einnig um sitt álit áður en brottvísun af þessu tagi verður framkvæmd aftur.






Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÓLAFÍA ÞORSTEINSDÓTTIR**
**Keilufelli 20, Reykjavík,**

lést á Landakoti fimmtudaginn 8. maí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 16. maí kl. 15.00.

**Magnús Guðnason** — **Birte Nielsen**
**Þorsteinn Guðnason** — **Ósk Árnadóttir**
**Bjarni Guðnason** — **Elínbjörg Kristjánsdóttir**
**Kristín Guðnadóttir**
**Þórný Guðnadóttir** — **Lúðvík I. Helgason**
**Ágúst Guðnason** — **Drífa Geirsdóttir**
**Gísli Guðnason**
**Halla Guðnadóttir** — **Borgþór Hjörvarsson**
**Þórdís Guðnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞORKELL GUÐJÓNSSON**
**múrari,**
**áður til heimilis að Jóruseli 9,**

lést föstudaginn 9. maí. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 19. maí kl. 13.00.

**Bergsveinn Þorkelsson** — **Sigríður Jónatansdóttir**
**Guðjón Þorkelsson** — **Helga Sigurmundsdóttir**
**Ingibjörg Þorkelsdóttir** — **Helgi Þórisson**
**Ása Þorkelsdóttir** — **Jóhann Ásmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGVALDI HJARTARSON**
**Mörkinni, Suðurlandsbraut 62,**

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi 6. maí síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju 16. maí kl. 13.00.

**Kristbjörg Ólafsdóttir**
**Hjördís Jóna Sigvaldadóttir** — **Hjalti Már Hjaltason**
**Bergljót Sigvaldadóttir** — **Þorleifur J. Hallgrímsson**
**Grétar Jóhannes Sigvaldason** — **Róslinda Jenný Sancir**
**Hjörtur Sigvaldason** — **Sigrún Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför

**GUÐRÚNAR JÓNASDÓTTUR**
**frá Álftagerði við Mývatn,**
**húsfreyju í Gerði í Hörgárdal**
**og síðar Lindasíðu 4.**

**Þórdís Ólafsdóttir**
**Álfhildur Ólafsdóttir** — **Sigurður Bárðarson**
**Ívar Ólafsson** — **Einar Jóhannesson**
**Arnþór Ólafsson**
**Hafdís Hrönn Pétursdóttir** — **Sigurður Eiríksson**
**Heiðdís Fjóla Pétursdóttir** — **Einar Geirsson**
**Ásta Arnbjörg Pétursdóttir** — **Arnar Árnason**
**Helga Ólöf Pétursdóttir** — **Atli Hafþórsson**
**Bergþór Björnsson** — **Gunnþórunn Sigurðardóttir**
**og langömmubörn.**




LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

# Sköpun í skólakerfinu

Benni Hemm Hemm rannsakaði upplifun kennara af skapandi tónlistarkennslu.

Í ritgerðinni sjálfri fer mikið púður í þessa skilgreiningu, hvað sé skapandi,“ segir tónlistarmaðurinn Benedikt Hermann Hermannsson, betur þekktur sem Benni Hemm Hemm, en í meistaraverkefni sínu í listkennslu við Listaháskólann rannsakaði hann upplifun kennara af skapandi tónlistarkennslu. „Ég styðst við þá skilgreiningu að skapandi ferli feli í sér hugmynd, framkvæmd og gildi,“ segir tónlistarmaðurinn. „Ef ég fæ frábæra hugmynd og framkvæmi hana ekki, þá skapa ég ekki neitt. Alveg eins og ef þú færð frábæra hugmynd og ég framkvæmi hana, þá er ég sjálfur ekkert rosa skapandi.“

Verkefni Benedikts fólst í að kenna þremur hópum nemenda á aldrinum ellefu til fjórtán ára tónlistarsköpun í fimmtán vikur.

„Það er mikið talað um sköpun og agamál í íslenskum skólum en það fer ekki endilega saman að stunda skapandi vinnu og halda uppi aga,“ segir Benedikt. „Skapandi nemendur eru oftar en ekki þeir sem fara illa eftir fyrirmælum og þá myndast togstreita. Skólakerfið vill hafa sköpun úti um allt en vill líka nemendur sem fara eftir fyrirmælum,“ segir tónlistarmaðurinn sem skoðaði einnig hlutverk stýringar í verkefninu. „Ég var að vinna með það að stýra sem minnst, gefa sem fæst fyrirmæli sem tengjast skapandi ferlinu þar sem það er ekki beint hægt að skapa neitt þegar einhver segir manni hvað maður eigi að gera,“ segir Benedikt. „Eitt af því sem ég komst að var að þegar ég fór að stjórna sköpunarferli nemendanna, þá gerði ég þá óvirka og óáhugasama. Þetta var bara eins og svæfingarlyf.“

Benedikt rannsakaði meðal annars tímanýtingu nemenda í kennslustofunni. „Ég hafði áhyggjur af því að nemendurnir væru ekki að nýta tímann en eftir á rann það upp fyrir mér að þau voru að spila á fullu eða gera eitthvað, en ég, sem kennarinn, kom bara ekki auga á það.“

baldvin@frettabladid.is



**LÆRIR LISTKENNSLU** Benni Hemm Hemm segir aga og sköpun ekki endilega fara saman. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Ástkær sambýliskona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**ERNA GUÐRÚN BALDURSDÓTTIR**
**Stokkseyri,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands miðvikudaginn 7. maí.
Útför fer fram í kyrrþey.

**Jónbjörn Þórarinsson**
**Guðlaug Anný Guðlaugsdóttir** — **Valgeir Sveinsson**
**Kristján Baldur Sigvaldason** — **Linda Mjöll Bjarnadóttir**
**Dagný Alma Sigvaldadóttir** — **Ólafur Ómar Bjarnason**
**Alexander Sigvaldason**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HÁKON ODDGEIRSSON**
**málarameistari og óperusöngvari,**

lést á Vífilsstaðaspítala þann 11. maí sl. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 22. maí kl. 13.00.

**Frieda Mahler Oddgeirsson**
**Gunnar Örn Hákonarson**
**Kristín Björg Hákonardóttir** — **Hallfreður Emilsson**
**Hákon Jóhann Hákonarson**
**Birgir Hákonarson** — **Hólmfríður Grímsdóttir**
**Hilmar Þór Hákonarson** — **Dóróthea Elísdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, amma og tengdamóðir,

**GUÐRÚN SVALA WAAGE**

lést 15. maí 2014. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk. Fjölskylda hennar þakkar auðsýnda samúð. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Ragnar Þór Magnús**
**Maggi J. Magnús**
**Hilmar J. Magnús**
**og fjölskyldur.**



Ástkæri maðurinn minn, sonur okkar, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

**ÓÐINN SIGURGEIRSSON**
**byggingatæknifræðingur og húsasmíðameistari,**
**búsettur í Kongsvinger í Noregi,**

lést í vinnuslysi þann 8. maí síðastliðinn. Útför verður nánar auglýst síðar.

**Bente Ingela Åsengen**
**Sigurgeir Ingimarsson** — **Dóra Erna Ásbjörnsdóttir**
**Erna Óðinsdóttir** — **Helgi Kjartansson og börn**
**Ása Óðinsdóttir** — **Eyþór Árnason og börn**
**Geir Ísak Åsengen Óðinsson**
**Ásbjörn Sigurgeirsson** — **Kristín Siemsen**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**SIGRÍÐAR JÓHANNESDÓTTUR.**

**Haraldur Haraldsson**
**Sigrún Haraldsdóttir** — **Páll Elfar Pálsson**
**Þórunn Björg Haraldsdóttir**
**Ingólfur, Haraldur og Jóhannes Páll**



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓHANNES BALDVINSSON**
**(Jói Bald)**
**Brekkugötu 38, Akureyri,**

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 16. maí kl. 13.30.

**Hulda Ellertsdóttir**
**Jónína Freydís Jóhannesdóttir** — **Ingvi Þór Björnsson**
**Anna Hafdís Jóhannesdóttir** — **Óskar A. Óskarsson**
**Agnes Bryndís Jóhannesdóttir** — **Reimar Helgason**
**Jórunn Eydís Jóhannesdóttir** — **Páll Viðar Gíslason**
**Hanna Vigdís Jóhannesdóttir** — **Barði Westin**
**afa- og langafabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTÓFER EDILONSSON**
**Gullsmára 7, Kópavogi,**

sem lést föstudaginn 9. maí, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju föstudaginn 16. maí kl. 13.00.

**Ásthildur Geirmundsdóttir**
**Sigurður Kristófersson** — **Þuríður Helgadóttir**
**Ágúst Kristófersson** — **Katrín Rögnvaldsdóttir**
**Guðmundur Kristófersson** — **Íris Bjarnadóttir**
**Aðalsteinn Kristófersson** — **Matthildur Einarsdóttir**
**Aðalheiður Dröfn**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 14. maí 2014 | 32. tölublað. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

GÖNGUM HREINT TIL VERKS!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



## LIÐKA ÞARF FYRIR FJÁRFESTINGU ÁÐUR EN HÖFTUM ER LYFT

→ Ísland er meðal þeirra þjóða heims þar sem hvað mestar hindranir eru í vegi beinnar erlendrar fjárfestingar.

→ Búast má við verðbólgu og gengisfalli strax í kjölfar afnáms gjaldeyrishafta að mati Viðskiptaráðs Íslands.

→ Fjárfestingarkostir og -umhverfi ræður því hvernig til tekst eftir afnám hafta og hvort landið fær staðið undir erlendum skuldbindingum.

SÍÐA 6

NORDICPHOTOS/GETTY

## Kaupa hlut í Keahótelum ehf.

Framtakssjóðurinn Horn II slhf., sem er í rekstri Landsbréfa, sem er í eigu Landsbankans, hefur fest kaup á 60 prósenta hlut í Keahótelum ehf., einu stærsta hótelfélagi landsins.

Keahótel ehf. reka meðal annars Hótel Kea á Akureyri og Hótel Borg í Reykjavík. Seljandi er eignarhaldsfélagið Hvannir ehf. Engin breyting verður á rekstri félagsins við þessa breytingu á eigendahópnum samkvæmt tilkynningu.

Keahótel ehf. standa að mikilli uppbyggingu um þessar mundir. Í haust tekur félagið meðal annars við rekstri nýs hótels við Austurvöll þar sem áður var Reykjavíkurapótek og vorið 2015 bætist við nýtt hótel við Hverfisgötu og viðbygging við Hótel Borg verður tekin í notkun. - fbj

## Ætla að kaupa 10% eigin bréfa

Stjórn VÍS hefur tekið ákvörðun um framkvæmd endurkaupaáætlunar um kaup á eigin bréfum í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutafé félagsins. Ákvörðunin var tekin á grundvelli samþykktar frá aðalfundi félagsins þann 13. mars síðastliðinn þar sem stjórninni var heimilað að kaupa allt að 10 prósent af hlutafé félagsins á næstu fimm árum.

Hámarksfjöldi hluta sem áætlunin kveður á um að verði keyptir er að nafnverði kr. 55.000.000, en það jafngildir um 2,2 prósentum af útgefnu hlutafé félagsins. Fjárhæð endurkaupanna verður þó aldrei hærri en kr. 500.000.000. Heimildin gildir fram að aðalfundi félagsins 2015. Kaupin verða framkvæmd í áföngum. - fbj

## Margrét til Bláa lónsins

Margrét Stefánsdóttir hefur verið ráðin markaðs- og kynningarstjóri Bláa lónsins. Hún hóf störf á markaðssviði fyrirtækisins í byrjun árs.

Margrét starfaði áður sem upplýsingafulltrúi Skipta og Símans og sem stjórnandi kynningarmála hjá Símanum. Hún hefur einnig starfað við markaðsráðgjöf og almannatengsl hjá GSP Samskiptum, ásamt því að starfa sem fréttakona á Stöð 2 og Bylgjunni. Þá hefur Margrét komið að rekstri Íslandsfunda, fjölskyldufyrirtækis í ferðaþjónustu.

Margrét lauk B.Ed-námi frá Kennaraháskóla Íslands og diplómanámi frá Háskóla Íslands í fjölmiðlun. - sáp



## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**3** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**8** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**4** STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**ÖSSUR**
**21,8%** frá áramótum

**NÝHERJI**
**6,1%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**MAREL**
**-18,4%** frá áramótum

**HB GRANDI***
**-3,1%** í síðustu viku

### Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 144,00 | -5,9% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 118,00 | -9,2% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 245,50 | -5,3% | -1,4% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 31,45 | 15,4% | -1,1% |
| Hagar | 42,35 | 10,3% | 0,1% |
| HB Grandi* | 25,82 | -6,8% | -3,1% |
| Icelandair Group | 17,00 | -6,6% | 0,0% |
| Marel | 108,50 | -18,4% | -0,5% |
| N1 | 17,30 | -8,5% | 0,0% |
| Nýherji | 4,00 | 9,6% | 6,1% |
| Reginn | 16,40 | 5,5% | -0,9% |
| Sjóvá* | 12,82 | -5,0% | -0,4% |
| Tryggingamiðstöðin | 28,50 | -11,1% | -1,7% |
| Vátryggingafélag Íslands | 9,20 | -14,7% | 1,2% |
| Össur | 279,00 | 21,8% | -5,3% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.159,01 | -8,0% | -0,4% |

### First North Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 19,50 | 47,2% | -8,9% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,33 | 9,0% | 9,0% |

*Breyting frá útboðsverði í apríl 2014.

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 14. maí**
- Gjaldeyrisforði og tengdir liðir

**Fimmtudagur 15. maí**
- Fiskafli í apríl 2014
- Stjórnir og framkvæmdastjórar fyrirtækja

**Föstudagur 16. maí**
- Atvinnuleysistölur fyrir apríl
- Samræmd vísitala neysluverðs í apríl 2014

**Þriðjudagur 20. maí**
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu
- Verðmæti sjávarafla janúar-febrúar 2014
- Velta skv. virðisaukaskattsskýrslum janúar til febrúar 2014
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir júní 2014

**Miðvikudagur 21. maí**
- Vaxtaákvörðun og útgáfa Peningamála
- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Vinnumarkaður í apríl 2014

**Fimmtudagur 22. maí**
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í apríl 2014
- Vísitala kaupmáttar launa í apríl 2014
- Mánaðarleg launavísitala í apríl 2014
- Greiðslujöfnunarvísitala í júní 2014

**Föstudagur 23. maí**
- Bankatöflur

**Þriðjudagur 27. maí**
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði í apríl

**Miðvikudagur 28. maí**
- Fjöldi útgefinna vegabréfa
- Vísitala neysluverðs í maí 2014
- Nýskráningar og gjaldþrot í apríl 2014

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*




Greiningardeild Arion banka segir hættu á að launaþrýstingur skapist slakni á hagkerfinu:

# Aðfluttir dragi úr launaskriði

Þegar framleiðsluslakinn hverfur úr hagkerfinu í lok þessa árs eða í byrjun næsta er hætta á að launaþrýstingur skapist á vinnumarkaði. Þetta kemur fram í Markaðspunktum Arion banka sem birtir voru í gær.

Þar segir að til viðbótar við launaskrið á vinnumarkaði sé mikilvægt að kjarasamningar þróist með þeim hætti að launahækkanir verði hóflegar. Að öðrum kosti sé hætta á að Seðlabankinn neyðist að grípa til aðhaldsaðgerða til að vega á móti þeirri þróun í lok þessa árs. Á sama hátt minnka líkur á gerð langtímakjarasamninga í byrjun næsta árs líkt og stefnt hefur verið að.

„Árið 2013 var fyrsta árið síðan 2008 þar sem fjöldi aðfluttra var umfram brottflutta. Fjöldinn var um 1.600 manns og á sama tíma fór skráð atvinnuleysi undir jafnvægisatvinnuleysi. Það er því ljóst að staðan á vinnumarkaði ræður miklu um flutning vinnuafls til og frá landinu og má leiða líkur að því að innflutningur vinnuafls geti haft jákvæð áhrif og dregið úr líkum á of miklu launaskriði þegar atvinnuleysi fer lækkandi,“ segir í Markaðspunktunum.

Telur greiningardeild Arion banka að ef atvinnuleysi fer áfram lækkandi og umframeftirspurn myndast á vinnumarkaði í einstaka geirum geti aðflutta vinnuaflið dregið úr þeim launaþrýstingi sem annars kunni að myndast. - fbj



**FLEIRI FLYTJA TIL LANDSINS** Síðasta ár var hið fyrsta síðan 2008 þar sem fjöldi aðfluttra var meiri en brottflutta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Framleiðendum hyglað á kostnað innflytjenda

***Landbúnaðarráðuneytið hefur gefið út opinn tollkvóta á lífrænni mjólk vegna skorts. Félag atvinnurekenda segir misræmi í úthlutun ráðuneytisins á kvóta eftir því hver óskar eftir henni.***

**VIÐSKIPTI**
Fanney Birna Jónsdóttir | fanney@frettabladid.is

Landbúnaðarráðuneytið hefur gefið út opinn tollkvóta á lífrænni mjólk að beiðni Mjólkurbúsins KÚ ehf. sem óskaði eftir úthlutuninni vegna framleiðslu þess á hvítmygluostinum Glaðningi. Ástæða beiðninnar var skortur á innlendri lífrænni mjólk.

Félag atvinnurekenda (FA) segir úthlutunina sýna ákveðið misræmi í framkvæmd tollkvótaúthlutunar, og veita vísbendingu um að í mörgum tilvikum sé verið að veita innlendum framleiðendum aðra meðferð en smá- og heildsölum þegar kemur að tollkvótum. Þannig óskuðu Hagar eftir opnum tollkvóta á sérostum og lífrænum kjúklingi í febrúar síðastliðnum, með þeim rökstuðningi að skortur væri á þeim tegundum en fengu synjun frá ráðuneytinu. Hagar hafa síðan stefnt ríkinu vegna þessarar synjunar.



**LÍFRÆNT HRÁEFNI** Lífræna mjólkin er meðal annars notuð til framleiðslu á hvítmygluosti. MYND/GETTY

FA segir að í þessu tilviki sé fallist á kröfu innlends framleiðanda um að flytja inn erlent hráefni en á sama tíma hafnað kröfu heildsöluaðila um að flytja inn erlenda vöru, þrátt fyrir að í báðum tilfellum sé um skort að ræða.

„Það er aldrei traustvekjandi þegar tvö sambærileg mál fá ósambærilega meðferð. Í öðru tilfellinu er brugðist við skorti með því að opna fyrir innflutning en í hinu er neytendum gefið langt nef og þeim sagt að borða eitthvað annað og þá helst eitthvað íslenskt,“ segir Björg Ásta Þórðardóttir, lögfræðingur hjá FA.

Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu, segir að ekki sé hér um sambærileg mál að ræða. Kvóti sé ekki gefinn út á mjólk almennt en það sé gert á kjúkling. „Menn geta svo óskað eftir tollkvóta fyrir kjúkling, hvort sem þeir ætla sér að flytja inn heilan kjúkling, vængi eða bringur eða lífrænan kjúkling,“ segir Ólafur.



**BJÖRG ÁSTA ÞÓRÐARDÓTTIR**

Björg Ásta segir þessa röksemd ekki standast skoðun. Ekki sé um skort á venjulegu vörunum að ræða heldur sé í báðum tilvikum raunverulegur skortur á lífrænu vörunum.

Hún segir þessa stjórnsýsluframkvæmd hafa neikvæð áhrif á samkeppni hér á þessu sviði þar sem jafnræðis sé ekki gætt. Enn fremur útiloki þetta að neytendur geti notið til fulls þess réttar sem lög tryggja þeim og búi þeir þar af leiðandi við verra vöruúrval og hærra verð. „Lögin gera engan greinarmun á því þegar það er skortur á mjólk eða skortur á kjúklingi. Hlutverk ráðherra er einfaldlega að bregðast við skorti á ákveðnum matvælum. Það er ekki geðþóttaákvörðun hverju sinni hvaða matvæli eru valin eða fyrir hvern. Reglan er hlutbundin og beiting hennar á að vera málefnaleg,“ segir Björg Ásta.

Greipur Gíslason, verkefnastjóri HönnunarMars, hefur sagt starfi sínu lausu hjá Hönnunarmiðstöð:

# Færir sig til Sinfóníunnar

Greipur Gíslason, verkefnastjóri HönnunarMars, hefur sagt starfi sínu lausu hjá Hönnunarmiðstöð og fært sig um set til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Greipur tekur við nýrri stöðu hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Verkefni hans þar verða á markaðs- og kynningarsviði með áherslu á ný verkefni.

Greipur er ekki ókunnugur starfi hljómsveitarinnar en hann leysti af sem tónleikastjóri veturinn 2009-2010 samhliða starfi sínu fyrir HönnunarMars. Þá var hann verkefnastjóri fyrstu Tectonics-tónlistarhátíðar Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 2012.

„Þetta er skemmtilegur vinnustaður og stór menningarstofnun. Það hefur gengið mjög vel hjá Sinfó undanfarið og verkefnin sem ég tek að mér verða krefjandi en hugmyndin er að fjölga gestum enn frekar og skoða nýja möguleika og verkefni fyrir hljómsveitina,“ segir Greipur.

Hann hefur stýrt HönnunarMars frá upphafi eða frá því hann var fyrst haldinn 2009. Hönnunarmiðstöð Íslands á og rekur HönnunarMars, sem er langstærsti hönnunarviðburður ársins með yfir 30 þúsund gesti. Þar hefur Greipur borið hitann og þungann af skipulagningu hátíðarinnar. „Okkur hefur tekist mjög vel með hátíðina, mikið betur en við ætluðum okkur. Ég lærði mjög mikið á þessu starfi og það verður mikil eftirsjá í grasrótinni þar inni, þótt ég hafi nú ekki farið langt og aldrei að vita hvort maður geti ekki hjálpað til þar sem maður fer,“ segir Greipur að lokum. - fbj



**STÓR MENNINGARSTOFNUN** Greipur er spennur fyrir að takast á við ný verkefni hjá Sinfóníuhljómsveitinni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



# Við erum stolt af árangrinum

## Hæsta ávöxtunin

Við fögnum tveggja ára afmæli fjárfestingarsjóðsins Júpíter – Innlend hlutabréf í maí 2014. Á þessum tveimur árum hefur ávöxtun hans verið sú hæsta af öllum sambærilegum sjóðum á Íslandi.

Markmið sjóðsins er að auka verðmæti sjóðfélaga með virkri stýringu fjárfestinga í skráðum og óskráðum hlutabréfum og afurðum tengdum þeim. Sjóðurinn er ætlaður fjárfestum sem vilja ávaxta fé sitt til þriggja ára eða lengur þar sem sveiflur í gengi sjóðsins geta verið umtalsverðar.

Kynntu þér sjóði Júpíters hjá einkabankaþjónustu MP banka í síma **540 3210**, í gegnum netfangið **einkabankathjonusta@mp.is** eða á **www.jupiter.is**.




*M.v. dagslokagengi 7. maí 2012, 28. desember 2012, 30. desember 2013 og 7. maí 2014 samkvæmt gagnarunni Kóða ehf.

Júpíter – Innlend hlutabréf er fjárfestingarsjóður (non-UCITS) skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Sjóðurinn er rafrænt skráður og er því hægt að varsla skírteini hans hvar sem er.

Árangur í fortíð er hvorki áreiðanleg vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Fjárfestingum í fjárfestingarsjóðum fylgir áhætta og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér hana í lykilupplýsingum og útboðslýsingu sjóðsins sem nálgast má á vefsíðu Júpíters, www.jupiter.is. Fjárfestar eru jafnframt hvattir til að leita sérfræðiráðgjafar um hvort sjóðurinn henti þeirra fjárfestingarmarkmiðum. Skattlagning hlutdeildarskírteina fellur undir lög um tekjuskatt nr. 90/2003 og staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðum eru hvattir til að kynna sér skattalega stöðu sína og leita ráðgjafar sérfræðinga s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.

Júpíter rekstrarfélag hf. hefur útvistað hluta af daglegum rekstri til MP banka hf. á grundvelli laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, nr. 128/2011. Júpíter rekstrarfélag hf. er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða skv. 7. tölul. og b-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 1.-3. tölul. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002.

mp banki

jupiter

# Telja íslensk fyrirtæki vera of skuldsett

***Deloitte gerði könnun á meðal fjármálastjóra 300 stærstu fyrirtækja landsins en þar kemur fram að ekki er gert ráð fyrir aukinni skuldsetningu og bjartsýni ríkir um hagvaxtarhorfur á landinu til næstu tveggja ára.***

**VIÐSKIPTI**
Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Meirihluti 300 stærstu fyrirtækja landsins stefnir á fjárfestingar á árinu 2014 eða 77 prósent fyrirtækja. Þetta er meðal þess sem fram kemur í fyrstu könnun ráðgjafarsviðs Deloitte á meðal fjármálastjóra stærstu fyrirtækja á Íslandi. Tilgangur könnunarinnar er að sýna viðhorf fjármálastjóra til stöðu fyrirtækja og efnahagsumhverfisins og er ætlun Deloitte að framkvæma hana hálfsárslega.

Þrátt fyrir áætlanir um fjárfestingar á þessu ári sýna niðurstöður könnunarinnar að fjármálastjórar gera ekki ráð fyrir aukinni skuldsetningu en 50 prósent fyrirtækja áætla að skuldsetning verði óbreytt en 34 prósent þeirra áætla að draga úr skuldsetningu. Það samræmist áliti fjármálastjóra um að íslensk fyrirtæki séu of skuldsett.

Aðspurðir um hagkvæmni fjármögnunarleiða telur meirihluti fjármálastjóra að útgáfa hlutafjár og skuldabréfa sé hagkvæm en að lántaka hjá bönkum sé óhagkvæm. Framboð á lánsfé sé til staðar en það sé dýrt. Þó ætla fjármálastjórarnir ekki útgáfu nýrra skuldabréfa eða hlutabréfa á næstunni.

Fyrirtæki virðast samkvæmt könnuninni ætla að leggja áherslu á stækkun með innri vexti á næstu tólf mánuðum, lækkun kostnaðar, minnkun skuldsetningar, aukningu sjóðsstreymis og koma með nýjar vörur. Helmingur svarenda telur að hagnaður íslenskra fyrirtækja muni standa í stað á árinu 2014 í samanburði við síðasta ár en 38 prósent þeirra telja að hagnaður muni aukast. Þeir gera ekki ráð fyrir að auka áhættu í efnahagsreikningum fyrirtækja á þessu ári.

Meirihluti fjármálastjóranna er bjartsýnn um hagvaxtarhorfur á Íslandi til næstu tveggja ára en stór hluti telur að hagvöxtur muni standa í stað.

> Ætla að leggja áherslu á stækkun með innri vexti á næstu tólf mánuðum, lækkun kostnaðar, minnkun skuldsetningar, aukningu sjóðsstreymis og koma með nýjar vörur.

Spurt var um mat fjármálastjóra á Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands og töldu 63 prósent þeirra að vísitalan myndi hækka nokkuð á árinu. Aðspurðir um stýrivexti Seðlabanka Íslands telur yfirgnæfandi meirihluti þeirra stýrivextina of háa.

Af þeim fjármálastjórum sem svöruðu könnuninni eru 30 prósent í smá- eða heildsölu, 18 prósent í þjónustu eða ráðgjöf og 11 prósent í banka-, fjármála-, trygginga- eða byggingarstarfsemi.



**BJARTSÝNIR** Meirihluti íslenskra fjármálastjóra er bjartsýnn um hagvaxtarhorfur til næstu tveggja ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Í HÖRPU** Sveinn Áki Lúðvíksson, sölustjóri LS Retail, afhendir gesti nafnspjald á ConneXion 2014-tækniráðstefnunni. MYND/LS RETAIL

Von var á 300 erlendum gestum frá 50 löndum á ConneXion 2014-tækniráðstefnuna í Hörpu í Reykjavík:

# Funda um breytingar í verslun

Í dag lýkur þriggja daga tækniráðstefnu LS Retail, ConneXion 2014, í Hörpu í Reykjavík. Von var á því að á fimmta hundrað manns sæktu viðburðinn heim og hlýddu á erindi fjölda innlendra og erlendra sérfræðinga. Erlendir gestir eru sagðir um 300 frá 50 löndum.

Meðal þess sem fjallað hefur verið um er hvernig á næstu árum sé að vænta meiri og örari breytinga í smásöluverslun en áður hafi sést, líkt og fram kom í máli aðalfyrirlesara ráðstefnunnar, ráðgjafans, rithöfundarins og fjölmiðlamannsins kanadíska Doug Stephens. Hann er sérfræðingur í þróun smásöluverslunar og breytingum í kauphegðun neytenda samfara örri tækniþróun.

Stephens spáir því að breytingar næsta áratugar jaðri við byltingu í smásöluverslun. „Horfum við upp á dauða smásöluverslunarinnar eða stórkostlega endurfæðingu og upphaf gullaldar í verslun?“ er spurning sem eftir honum er höfð. „Um þetta hefur umræðan snúist og heldur áfram að gera. Eitt er þó víst, verslun framtíðarinnar verður mjög ólík því sem nú þekkist.“

Á ráðstefnunni átti einkum að fjalla um þarfir í smásölu- og veitingarekstri, svo sem hvernig fyrirtæki geti betur ræktað persónulegt samband við viðskiptavini. Til að standa sig á þeim vettvangi þurfi að innleiða nýjustu tækni. Þá var fjallað um nýjustu rannsóknir á sviði kauphegðunar fólks sem nýtir sér tækni tölva og snjallsíma í æ ríkari mæli við leit og kaup á vöru og þjónustu. **- óká**



**Í TOULOUSE** Þota sett saman í einni af verksmiðjum Airbus. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Nokkur flugfélög hafa safnað upplýsingum um loftslag í háloftunum:

# Ósonstyrkur mældur í ferðum farþegavéla

Flugvélaframleiðandinn Airbus fagnaði því í byrjun vikunnar að þá voru liðin 20 ár frá fyrstu þátttöku vélar félagsins í MOZAIC-verkefninu (e. *Measurement of Ozone by Airbus in-service Aircraft*) þar sem farþegavélar í áætlunarflugi eru notaðar til þess að mæla meðal annars styrk ósonlagsins. Í tilkynningu félagsins segir að með þátttöku sinni vilji það undirstrika ákvörðun Airbus um að styðja við og efla vísindarannsóknir á sviði loftslagsmála.

„20 árum eftir að MOZAIC-verkefnið hófst taka sjö breiðþotur Airbus (sex A340-300-vélar og ein A330-þota) þátt í mælingum á hverjum degi og um heim allan, með stuðningi flugfélaganna sem verkefnið styðja, Lufthansa, China Airlines, Air France, Iberia, Cathay Pacific og Air Namibia,“ segir í tilkynningu félagsins. Fram kemur að í dag notist öll reiknilíkön á sviði loftslagsmála og veðurfars við gögn frá MOZAIC og IAGOS-verkefninu, sem hófst 1993 til að stilla af niðurstöður sínar.

„Þakka má þátttöku okkar og öflugu samstarfi við flugfélög, rannsóknarstofur og stofnanir að vísindasamfélagið hefur mun betri skilning á háloftunum og loftslagsbreytingum,“ er haft eftir Rainer Von Wrede, yfirmanni deildar hönnunar, rannsókna og þróunar hjá Airbus.

Þau gögn sem safnað er, þar með taldar rauntímaupplýsingar sem notaðar eru við gerð veðurspáa og spáa um loftslag og loftgæði, eru yfirfarnar og bætt við gagnabanka MOZAIC/IAGOS, en að þeim hafa alþjóðlega vísindasamfélagið og stefnumarkandi stofnanir frjálsan aðgang.

Til þessa hefur mælingum úr yfir 41.000 farþegaflugferðum verið bætt við gagnabanka MOZAIC/IAGOS frá því að fyrstu gögnin fengust úr flugi A340-þotu Air France frá Caracas til Bógótá í ágúst 1994. **- óká**



# PAXTON AÐGANGSKERFI

## SNJALLA AÐGANGSSTÝRINGIN SEM VEX MEÐ FYRIRTÆKINU

Paxton er leiðandi framleiðandi aðgangskerfa fyrir allar stærðir fasteigna með áherslu á einfaldleika í uppsetningu og notkun. Fyrirtækið var stofnað árið 1985 og hefur náð miklum árangri í sölu víða um heim. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar í Bretlandi.

Með Net2 tölvutengda aðgangskerfinu frá Paxton er hægt að stjórna hundruðum eða þúsundum hurða fyrir allt að 50.000 notendur. Hægt er að stjórna hurðum með fyrirliggjandi nettengingum TCP/IP og þar af leiðandi fjölda bygginga á mismunandi stöðum. Net2 er byggt fyrir framtíðina þar sem auðvelt er að bæta við hurðum á hagkvæman hátt (sérstaklega með þráðlausum lesurum (on-line) sbr. Paxton PaxLock og Assa Abloy aperio). **Uppfærslur á hugbúnaði eru fríar.**

Hægt er að nota nándarlesara (hands free eða Mifare), kortalesara (segul), takkalása og flestar gerðir af lesurum frá öðrum framleiðendum sbr. HID iClass, Assa Abloy aperio iClass o.s.frv. Alhliða lausn á sanngjörnu verði.

**Allar upplýsingar um aðgangskerfin eru fúslega veittar af ráðgjöfum Véla og verkfæra.**



VÉLAR & VERKFÆRI

# Fjárfestingarumhverfið ræður því hvort höftum verði farsællega lyft

***Draga þarf verulega úr hömlum á beina erlenda fjárfestingu eigi að vera hægt að aflétta gjaldeyrishöftum án þess að hrapallega takist til. Ísland er meðal þeirra landa þar sem hömlur á erlenda fjárfestingu eru mestar.***

**EFNAHAGSMÁL**
**ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNASON |**
OLIKR@FRETTABLADID.IS

Hversu farsælt afnám gjaldeyrishafta verður hér á endanum ræðst að stórum hluta af því hversu aðlaðandi verður hægt að gera fjárfestingarumhverfið. Þetta kemur fram í nýútkomnu sjónarmiði sérfræðinga Viðskiptaráðs Ísland.

Tölur Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sýna hins vegar að af aðildarríkjum stofnunarinnar er Ísland í fjórða sæti þegar kemur að hömlum í vegi beinnar erlendrar fjárfestingar. Mestar eru þær á Nýja-Sjálandi, en þar á eftir koma Mexíkó og Kanada.

Viðskiptaráð áréttar hins vegar að höftin séu stærsta hindrunin í vegi efnahagsframfara hér á landi og að fórnarkostnaður vegna þeirra nemi tugum milljarða á ári hverju. Stóra áskorunin við afnám þeirra sé svo „snjóhengjan“ svokallaða, eða það óþolinmóða fjármagn sem færist úr landi um leið og færi gefst. „Líklegt er að afnám hafta muni leiða til tímabundins ójafnvægis í íslensku efnahagslífi á meðan þetta fjármagn leitar út,“ segir í riti Viðskiptaráðs.

### Mótlæti eða meðbyr

Draga megi úr neikvæðum áhrifum með því að bæta fjárfestingarskilyrði hér innanlands. Við það drægi úr flótta fjármagns úr landi um leið og innflæði ykist. „Í ofanálag myndi veikara gengi krónunnar og góðar hagvaxtarhorfur auka hvata fyrir erlenda aðila til þess að færa fjármagn til Íslands og vinna þannig gegn ójafnvæginu.“ Skoðun ráðsins er að ráðast þurfi þegar í nauðsynlegar umbætur til að auðvelda afnám hafta þegar þar að komi.

Í riti Viðskiptaráðs eru teiknaðar upp tvær sviðsmyndir sem landið gæti staðið frammi fyrir við afnám gjaldeyrishafta.

Í annarri nýtur afnámið meðbyrs eftir að opnað hefur verið á erlenda fjárfestingu og fjárfestingarumhverfi eflt. Er þá talið að nokkur hluti snjóhengjunnar leiti samstundis út, en talsverður hluti fjármagnsins verði eftir vegna væntinga um góða arðsemi og fjölgun fjárfestingarkosta. Gengi krónunnar lækki þó til skemmri tíma vegna útflæðis óþolinmóðra skammtímafjárfesta. Til að bregðast við því hækki Seðlabankinn vexti til að vinna gegn tímabundinni gengisveikingu og verðbólgu. Um leið leiti erlent fjármagn inn í landið og innlent leiti síður úr landi þar sem raungengi krónunnar sér tímabundið lágt og góðir innlendir fjárfestingarkostir í boði. „Sterkt innflæði erlends fjármagns styður við vöxt hagkerfisins og skapar skilyrði fyrir jafnvægi á gjaldeyrisflæði til lengri tíma,“ segir í álitinu um þessa sviðsmynd.

### Verðbólga eykst alltaf

Á móti kemur svo að verði höft afnumin í umhverfi mótlætis, þar sem hindranir eru áfram á erlendri fjárfestingu og fjárfestingarumhverfi slakt, þá komi stór hluti snjóhengjunnar til með að leita samstundis úr landi, þrátt fyrir lágt gengi, meðal annars vegna skorts á álitlegum fjárfestingarkostum hér á landi. Þá muni gengi krónunnar lækka umtalsvert og verðbólga aukast, Seðlabankinn hækki vexti til að vinna gegn bæði gengisfalli og verðbólgu, en erlent fjármagn skili sér ekki til landsins þrátt fyrir hátt vaxtastig. Skortur á fjármagni og hátt vaxtastig dregur svo í þessari sviðsmynd úr þrótti íslensks efnahagslífs, sem ekki kemur til með að framleiða nægilega mikið til þess að standa við erlendar skuldbindingar.

Í riti sínu vísar Viðskiptaráð til nýrra talna OECD sem sýni að Ísland sé meðal þeirra ríkja sem búa við hvað mestar hindranir á vegi erlendrar fjárfestingar. Mælikvarði OECD er frá núll og upp í einn, þar sem núll merkir algjört frelsi og einn fullkomnar hömlur á beina erlenda fjárfestingu. Einkunnin er svo fundin út með mælingu á þremur þáttum. Fyrst er eignarhald, þar sem horft er til takmarkana á eignarhaldi útlendinga í innlendum fyrirtækjum. Hér á landi eru margvíslegar takmarkanir, svo sem í sjávarútvegi, orkuvinnslu og flugrekstri, auk eignarhalds jarða og fasteigna. Þátturinn vegur 34 prósent í einkunn Íslands.

Þá er horft til skimunar, það er hvort tilkynna þurfi stjórnvöldum um erlenda fjárfestingu og hversu víðtæk slík tilkynningaskylda er. Skimun vegur 6,0 prósent í einkunn landsins þar sem hér eru kvaðir um að tilkynna skuli allar erlendar fjárfestingar til viðkomandi ráðuneytis og vegna tilvistar nefndar um erlenda fjárfestingu, sem gripið getur inn í fjárfestingarverkefni.

### Ísland sker sig verulega úr

Þriðji þátturinn er svo stjórnun og rekstur og vegur hann 60 prósent í einkunn Íslands. Þar koma til áhrif af gagnkvæmniskröfu um stofnun útibúa erlendra fyrirtækja á Íslandi og vegna takmarkana á eignarhaldi á jörðum í viðskiptatilgangi. Hér er erlendum ríkisborgurum óheimilt að kaupa jarðir, hvort sem er í atvinnutilgangi eða til einkanota, nema með undanþágu í alþjóðasamningum sem Ísland hefur undirritað, svo sem EES. Fram kemur að Ísland skeri sig verulega úr þegar kemur að takmörkunum á stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Mælist Viðskiptaráð til þess að hér verði lögð áhersla á fjölgun alþjóðasamninga, svo sem vegna fríverslunar, tvísköttunar og verndar fjárfestinga. „Stjórnvöld móti skýra opinbera stefnu um beina erlenda fjárfestingu og dragi úr hömlum á fjárfestingu í auðlindatengdum greinum,“ segir í ritinu og stungið er upp á að alþjóðlega viðurkennt fyrirtæki verði fengið til að gera úttekt á íslensku skattkerfi og skattframkvæmd út frá sjónarhóli fjárfesta, skattkerfið verði einfaldað og í því aukinn fyrirsjáanleiki. Þá er kallað eftir því að stjórnmálamenn viðhafi málefnalega og yfirvegaða umræðu um erlenda fjárfestingu.

## *Sagan endurtekur sig*

***Hrein erlend staða þjóðarbúsins sem hlutfall af vergri landframleiðslu.***




Viðskiptaráð Íslands bendir á að hrein erlend staða þjóðarbúsins sé svipuð og þegar byrjað var að rýmka um gjaldeyrishöftin 1990. Núna þurfi þó að taka tillit til þess að neikvæð erlend staða þjóðarbúsins sé að hluta mynduð af kvikari eignum. Eigi sagan að geta endurtekið sig og fjármagnsflæði náð jafnvægi sé grundvallaratriði að byggja hér undir fjárfestingarumhverfið.



**KAPPHLAUP** Þjóðir heims beita ólíkum leiðum í kapphlaupinu um að laða að fjárfestingu. Þannig eru hömlur á vegi beinnar erlendrar fjárfestingar til dæmis örlítið meiri í Kanada en hér á landi, en þar vestra er um leið beitt sérstökum efnahagslegum hvötum til að laða þangað fjárfestingu, svo sem með niðurgreiddri aðstöðu fyrir sprotafyrirtæki, stuðningi við sérfræðiklasa og skattaafslætti. NORDICPHOTOS/GETTY

## *Hömlur á fjárfestingu í aðildarríkjum OECD*

| Sæti | Land | Hömlustuðull 0-1 |
|---|---|---|
| 1 | Nýja-Sjáland | 0,240 |
| 2 | Mexíkó | 0,207 |
| 3 | Kanada | 0,173 |
| 4 | Ísland | 0,167 |
| 5 | Kórea | 0,143 |
| 6 | Ástralía | 0,128 |
| 7 | Ísrael | 0,118 |
| 8 | Austurríki | 0,106 |
| 9 | Bandaríkin | 0,089 |
| 10 | Noregur | 0,085 |
| 11 | Sviss | 0,083 |
| 12 | Pólland | 0,072 |
| 13 | Bretland | 0,061 |
| 14 | Tyrkland | 0,059 |
| 15 | Svíþjóð | 0,059 |
| 16 | Síle | 0,057 |
| 17 | Japan | 0,052 |
| 18 | Ítalía | 0,052 |
| 19 | Slóvakía | 0,049 |
| 20 | Frakkland | 0,045 |
| 21 | Írland | 0,043 |
| 22 | Belgía | 0,040 |
| 23 | Danmörk | 0,033 |
| 24 | Grikkland | 0,032 |
| 25 | Ungverjaland | 0,029 |
| 26 | Þýskaland | 0,023 |
| 27 | Spánn | 0,021 |
| 28 | Finnland | 0,019 |
| 29 | Eistland | 0,018 |
| 30 | Holland | 0,015 |
| 31 | Tékkland | 0,010 |
| 32 | Slóvenía | 0,007 |
| 33 | Portúgal | 0,007 |
| 34 | Lúxemborg | 0,004 |
| | Meðaltal OECD | 0,069 |

Heimild: OECD FDI RR skýrsla 13.3.2014




*Einkunn Japans hefur verið endurskoðuð að fengnum skýringum japanskra stjórnvalda.

**2013 – Stuðull fyrir hömlur á beina erlenda fjárfestingu**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ÞURÍÐUR ENDURTEKUR LEIKINN

**Þuríður Sigurðardóttir heldur aðra tónleika undir nafninu Gamalt vínyl á nýjum belgjum í Salnum annað kvöld kl. 20 vegna fjölda áskorana. Gestir hennar eru Óskar Pétursson, Ómar Ragnarsson og Sigurður Pálmason. Gömul dægurlög lifna við á tónleikunum, mörg sem hafa verið gleymd og grafin.**


White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél *12 kg* Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

*<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn*

*Afkastamikill þurrkari >*



★★★★★ *Amerísk gæðavara*

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Stjórnar át og þyngdarvandi lífi þínu?

**Nýtt líf:**
4 vikna námskeið fyrir byrjendur hefst 04.06.14.

**Fráhald í forgang:**
Helgarnámskeið 13-15.06.14.

MFM MIÐSTÖÐIN
Meðferða og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar og átraskana



Esther H. Guðmundsdóttir
MSc.

Hlíðasmári 10, 201, Kópavogi Sími 568 3868

matarfikn@mfm.is www.matarfikn.is



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




SAFT




**Á NETINU**
Ómar Þór Ómarsson, framkvæmdastjóri Balsam, bendir sem flestum á að kynna sér lækningamátt Magnolia á netinu.

# HEILBRIGÐ LAUSN VIÐ SVEFNVANDA

**BALSAM KYNNIR** *MAGNOLIA OFFICINALIS – Það nýjasta frá Natural Health Labs. Tilvalið fyrir þá sem vilja aðstoð við svefnvandamálum, stuðla að heilbrigðum samfelldum svefni, vinna gegn þunglyndi, kvíða og depurð og bæta andlega og líkamlega líðan.*

Börkur af plöntunni Magnolia officinalis sem vex í fjallahéruðum Kína hefur verið notaður við svefnvandamálum, kvíða og þunglyndi í yfir 2.000 ár í Asíu. Rekja má ótrúlegan lækningamátt hans til náttúrulegu efnanna honokiol og magnolol. Börkurinn virkjar taugaboðefni í heilanum sem hafa slakandi og róandi áhrif og stuðlar að heilbrigðum samfelldum svefni. Börkurinn vinnur einnig gríðarlega vel gegn kvíða og þunglyndi með því að koma jafnvægi á hormónið kortisól, sem er stundum kallað stresshormónið.

Nýleg rannsókn frá Landlæknisembættinu sýnir að um þriðjungur Íslendinga á við svefnvandamál eða þunglyndi að stríða.

**UMFJÖLLUN Í FRÆÐIRITUM**
Mikið hefur verið fjallað um plöntuna nýlega, til að mynda í fræðiritinu „The Nutrition Journal" og á vefsíðunni webmd.com.

**NÝ SENDING KOMIN Í VERSLANIR!**
Magnolia officinalis hefur nú þegar notið mikilla vinsælda á Íslandi og seldust fyrstu sendingarnar upp með hraði. Ný sending er komin í verslanir og er Magnolia-fæðubótarefni fáanlegt í fjölda apóteka, heilsuhillum Hagkaups, Fjarðarkaupa og Heimkaupa.

**MARGIR HAFA HAFT SAMBAND**
Ómar Þór Ómarsson, framkvæmdastjóri hjá Balsam, þakkar frábærar móttökur. „Svefnvandi og þunglyndi eru virkilega erfið vandamál sem geta sett mikið álag á líf fólks. Margir hafa nú þegar haft samband og sagt mér að með hjálp Magnolia hafi þeim tekist að ná mun betri stjórn á svefninum og hafi ekki liðið betur í langan tíma."

**RÁÐLÖGÐ NOTKUN:**
Taktu 1 hylki með vatnsglasi með kvöldmat eða um 30 – 60 mínútum fyrir svefn. Dagskammtur er 1 – 2 grænmetishylki.









Sensodyne fyrir viðkvæmar tennur

TANNBURSTAR OG TANNKREM FYRIR VIÐKVÆM SVÆÐI




Prófaðu Sensodyne vörurnar og finndu muninn. SENSODYNE

DYNAMO REYKJAVÍK




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,**
bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,**
kolli@365.is, s. 512-5447






**FERÐIR** Kristjana Kristjánsdóttir og Jóhanna Benediktsdóttir standa fyrir gönguferðum fyrir konur á vegum Útivistar. MYND/KRISTJANA KRISTJÁNSDÓTTIR

# NJÓTA FREKAR EN ÞJÓTA

**FERÐIR** *Kristjana Kristjánsdóttir og Jóhanna Benediktsdóttir hafa staðið fyrir nokkurra daga gönguferð fyrir konur. Í ár verður ferðunum fjölgað.*

Það er öðruvísi að ferðast eingöngu með konum. Við höfum ekkert á móti því að ferðast með körlum en fyrir nokkrum árum vorum við Jóhanna Benediktsdóttir beðnar að leiðsegja hóp sem samanstóð einungis af konum og upp úr því spruttu þessar kvennaferðir," segir Kristjana Kristjánsdóttir, fararstjóri í Kvennaferðum Útivistar.

Undanfarin átta ár hafa þær farið með hóp kvenna í nokkurra daga gönguferð um mitt sumar og hafa Hornstrandir orðið fyrir valinu síðustu fimm árin. Nú stendur til að fjölga ferðunum.

„Í sumar ætlum við að fara fimm ferðir. Stóra ferðin verður sem fyrr vestur á Hornstrandir í júlí en við byrjum 31. maí á að ganga gamlar þjóðleiðir á Reykjanesinu. Í júní förum við á Snæfellsnes, í ágúst förum við helgarferð í Dalakofann í Reykjadölum og í september stefnum við á Kistufell eða Búrfell í Grímsnesi," útskýrir Kristjana.

## GÓÐUR UNDIRBÚNINGUR

Hópurinn telur yfirleitt 16 til 18 konur og er ýmist gist í tjöldum eða í húsi. Ekki þarf að bera búnaðinn milli gististaða en þó þarf að ganga með poka og mælir Kristjana með því að þátttakendur æfi sig fyrir ferðirnar með því að ganga á fjöll í góðum skóm og með bakpoka.

„Það er betra til að hafa úthald og geta notið ferðarinnar. Við förum þó ekki hratt yfir og mottóið er ekki að þjóta heldur njóta. Við stoppum oft og ef einhver er hæg þá bara hægist á ferðinni, sem er ekkert mál. Við mælum samt með því að ganga til dæmis tvisvar á Esjuna og taka tímann. Einnig stendur Útivist fyrir stuttum ferðum úr Elliðaárdalnum öll miðvikudagskvöld, Útivistarræktin, sem eru öllum opnar og ókeypis. Við höfum hvatt konurnar til að nýta sér þær til æfinga. Einnig eru farnar dagsferðir á sunnudögum frá BSÍ. Í þær ferðir er þátttökugjald en þær eru einnig mjög góð æfing fyrir sumarið."

## MÆÐGUR OG SYSTUR

„Oft eru mæðgur, frænkur, vinkonur eða systur sem skella sér saman í ferðina og það er alltaf mjög gaman og góð stemming. Margar konur koma einnig utan af landi til að taka þátt," segir Kristjana. „Þetta hefur alltaf gengið vel og við höfum aldrei lent í neinum skakkaföllum í ferðunum. Stundum höfum við orðið að breyta dagskránni vegna veðurs en það er bara hluti af ferðalaginu og skiptir ekki máli þegar allir eru vel útbúnir."

Áhugasamar geta skráð sig á vefsíðunni Útivist.is undir liðnum Kvennaferðir.



**VIÐ ALLRA HÆFI** Kristjana mælir þó með að æfa sig fyrir ferðirnar til byggja upp þol. Skráning er í gegnum vefsíðu Útivistar.



**FJÖR** Oft skrá sig mæðgur, systur, frænkur og vinkonur í ferðirnar.



**HORNSTRANDIR** Síðustu fimm ár hefur verið gengið á Hornstrandir. Það verður einnig gert í sumar. Í sumar verður einnig bætt við ferðum og gengið á Reykjanesi, Snæfellsnesi og víðar.







# FRAMANDI STAÐIR

*Flesta langar að ferðast til framandi staða en fæstir gera það nema í huganum.*

Sumir eru svo heppnir að geta ferðast þangað sem þá langar en flest okkar þurfa að láta okkur nægja að dreyma um fallega og framandi staði eins og Machu Picchu, Bora Bora og Kiritimati. Nöfnin ein og sér eru ókunnug og spennandi og ólíklegt að hinn almenni Íslendingur stígi fæti sínum á þessa staði.

Machu Picchu hefur lengi verið eitt helsta aðdráttarafl ferðamanna í Perú. Borgin var lengi hulin umheiminum og hefur verið kölluð hin týnda borg Inkanna. Hún er í fögru en hrikalegu umhverfi og ber vott um mikla hæfni Inka í byggingarlistinni.

Bora Bora er eldfjallaeyja í Frönsku-Pólýnesíu í Suður-Kyrrahafi. Hagkerfi eyjunnar treystir nánast algjörlega á ferðamennsku og hún er fræg fyrir lúxusdvalarstaði sína. Fyrir þrjátíu árum lét Hótel Bora Bora byggja svokallaða „búngalóa" á stultum úti í vatni. Í dag eru þessir „búngalóar" eitt helsta sérkenni eyjarinnar.

Kiritimati eða Jólaeyja er 388 ferkílómetrar að flatarmáli og er ein eyjanna í Línueyjaklasanum. Þar



**KIRITIMATI** Á eyjunni eru fimm þorp, London, Paris, Tabwakea, Banana og Poland.

er stunduð fiskirækt og þar eru stærstu kókospálmalundir eyjanna. Fimm þorp eru á eyjunni, þar af eitt í eyði. London er aðalþorpið og þar er höfn eyjunnar. Tabwakea er fjölmennast en þorpið Paris er yfirgefið. Á eyjunni eru líka þorpin Banana og Poland.

KOLKA
Lífstíls og decor vefverslun
www.facebook.is/kolkaiceland

# FÆRRI KÍLÓ, MINNA UMMÁL MEÐ SPÍNAT EXTRAKT

**VITEX EHF KYNNIR** *Nýtt á Íslandi Aptiless: Mest selda þyngdarstjórnunarefnið í Noregi og Svíþjóð. Vísindaleg sönnun á virkni. Hungurtilfinning minnkar strax frá fyrstu notkun. Inniheldur yfir 100 mismunandi próteinefni. Einn skammtur jafngildir fimm bollum af fersku spínati. 100% náttúrulegt.*

Rannsóknir frá Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð sýna að Aptiless spínat extrakt er ekki bara frábært heilsufæði. Það getur líka hjálpað til við að fækka aukakílóunum með því að halda matarlystinni í skefjum. Við ljóstillífun plantna verður til efni í himnuskífum blaðgrænu sem heitir thylakoids og hefur áhrif á seddu og saðsemistilfinningu líkamans með því að senda hormónaboðefni til heilans um að nú sé hann sáttur.

Aptiless inniheldur spínatextrakt með hátt hlutfall af thylakoids. Hver skammtur (5g) er á við fimm bolla af fersku spínati en athugið þó að annað spínat hefur ekki sömu áhrif á hungurtilfinninguna og Aptiless-spínatextrakt því meltingarvegur mannfólksins getur ekki brotið niður virka efnið thylakoids úr plöntufrumum í fersku spínati.

Thylakoids seinkar meltingu á fitu, svo öll þarmaflóran er virk í niðurbroti matarins. Í neðsta hluta þarmanna á sér stað boðefnaflutningur hormóna til heilans þar sem skilaboðum um seddu og saðsemi er komið á framfæri. Þegar við borðum, sérstaklega óholla og mikið unna fæðu, hefur líkaminn tilhneigingu til að nota aðeins efri hluta garnanna við meltinguna. Þaðan eru lykilhormón ekki send til heilans, eins og gerist í neðri hlutanum. Því langar okkur stöðugt í mat og við borðum milli mála. Vísindamenn Aptiless tala gjarnan um „atvinnulausa þarma“ í þessu sambandi og við stjórnun á matarlyst í nútímasamfélagi.

Aptiless er hrært út í vatn eða kaldan drykk að eigin vali og tekið inn með mat, (má einnig taka inn rétt fyrir mat, eða strax eftir mat). Mælt er með að taka einn skammt á dag, t.d. að morgni. Ef þurfa þykir eða í upphafi, má taka allt að þrjá skammta á dag eða með hverri máltíð.

Margar vísindalegar rannsóknir liggja að baki virkni Aptiless og hafa framleiðendur fengið viðurkenningu fyrir uppfinningu sína. Aukning er á sedduhormónunum CCK, GLP-1 og leptíni. Minna finnst af lystarhormóninu grelín. Insúlín, blóðþrýstingur og blóðfita mælast lægri. Þarmaflóran batnar og aukning er á orku. Þá er almenn vellíðan meiri eftir inntöku, sem gæti verið skýrð með því að efnið inniheldur yfir 100 mismunandi próteinefni. Hungurtilfinning minnkar umtalsvert allan daginn, jafnvel eftir fyrstu notkun. Löngun í mat milli mála minnkar, þar á meðal löngun í sykur, fitu og salt. Matarlyst minnkar um 20-35%. Löngun í óhollan mat minnkar um 65-90%. Auðveldara er að halda sig við þrjár máltíðir á dag og minna er borðað í hverri máltíð.




Dr. Charlotte Erlanson-Albertsson, prófessor við Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð

## Vísindaleg sönnun á virkni

*Rannsóknir gerðar af Karólínska háskólanum í Lundi í Svíþjóð ásamt fleiri virtum rannsóknarstofnunum.*

**Thylakoids:**
- Dregur úr hungri
- Eykur mettun
- Minnkar sykurlöngun
- Jafnar blóðsykur
- Lækkar blóðfitu, kólesteról og blóðþrýsting
- Minnkar ummál
- Fækkar aukakílóum
- Eykur orku
- Bætir þarmaflóru



**Frábært fyrir þá sem eru á 5:2 mataræðinu eða í öðrum matarprógrömmum.**

Fæst í 14 og 28 daga skömmtum. Útsölustaðir: Flest apótek og heilsubúðir. Umboð Vitex ehf.




## Algjört undraefni

Soffía Káradóttir mælir með Femarelle fyrir allar konur sem finna fyrir vanlíðan á breytingaaldri. „Ég ákvað að prófa Femarelle í fyrravetur þegar ég sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægu sinni með vöruna. Ég var að byrja á breytingaaldrinum en vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fótaóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum,“ segir Soffía og bætir við að eftir aðeins tíu daga notkun voru öll einkennin horfin.




„Nú sef ég samfelldan svefn, finn ekki fyrir hitakófum eða fótaóeirð og mér líður mun betur. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er í mun betra jafnvægi í líkamanum. Með glöðu geði mæli ég því hiklaust með Femarelle við vinkonur mínar og allar konur sem finna fyrir breytingaaldrinum. Ég veit um eina vinkonu mína sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég get ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst Femarelle, þvílíkt undraefni.“



MASTERLINE
Professional Beauty

ÉG KÆLI
CREAM GEL

Ég er kælandi fótagel sem dregur í sig þreytu dagsins. Undragel fyrir þreytta og bólgna fætur. Flott blanda með góðum innihaldsefnum eins og myntu og Eucalyptus.




www.master-line.eu
Made in Italy
Fæst í apótekum og Hagkaup





Marta Eiríksdóttir starfar í Lifandi markaði og er jógakennari.

# Fáðu flatan maga!

Með vinveittum meltingargerlum frá OptiBac Probiotics.

**Ertu með loft í maganum og þjáist af vindverkjum?** „Ég er með viðkvæma meltingu og hef þjáðst af meltingaróþægindum í langan tíma. Gerlarnir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi og koma í veg fyrir óþægindi sem tengjast fæðuóþoli.“

**Útsölustaðir:** Lifandi markaður, Lyf og heilsa, Apótekarinn, Lyfsalinn, Lyfjaver, Lyfjaval, Reykjavíkurapótek, Apótek Vesturlands, Apótek Suðurnesja, Árbæjarapótek, Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar og Urðarapótek

optibaciceland

OptiBac probiotics



# ÍSLANDSVINIR HALDA HÁTÍÐ

**AFMÆLI** *Sigrún Haraldsdóttir býr í Danmörku en hefur ferðast um alla Evrópu á húsbíl. Fyrir tíu árum stóð hún fyrir ferð 120 húsbíla til Íslands. Frá Noregi komu 22 bílar en eigendur þeirra halda Íslandshátíð í lok maí til að minnast ferðarinnar.*

Sigrún segir að norski hópurinn ætli að hittast 29. maí í Nesbyen í Noregi, dvelja þar langa helgi og halda upp á tíu ára afmæli Íslandsferðarinnar. Sigrún ætlar sjálf að fagna með Norðmönnunum ásamt eiginmanni sínum, Guðmundi Vikari Þorkelssyni. „Hópurinn hefur hist einu sinni á ári í Nesbyen og heldur þá litla Íslandshátíð en að þessu sinni verður hún veglegri þar sem þetta er afmælisár. Íslenski fáninn verður í fyrirrúmi og allir klæðast íslenskum lopapeysum. Einn úr hópnum tekur til dæmis alltaf lagið á íslensku. Einnig verða skoðaðar myndir sem teknar voru í Íslandsferðinni og ferðin rifjuð upp,“ segir Sigrún og bætir við að þetta fólk hafi farið um alla Evrópu á húsbílum en Íslandsferðin hafi verið toppurinn á öllum ferðalögunum.



**HÚSBÍLAR** Sigrún, ásamt eiginmanni sínum Guðmundi, hefur ferðast víða á húsbíl.



**ÍSLANDSHÁTÍÐ** Norðmennirnir hafa haldið Íslandshátíð á hverju ári frá því þeir heimsóttu Ísland fyrir tíu árum. Nú verður hún óvenju vegleg.

### ÍSLENSKI FÁNINN Í ÖNDVEGI

Sigrún segir að hún hafi ekki átt hugmyndina að Íslandshátíðinni, Norðmennirnir hafa alfarið séð um hana. „Það hefur alltaf verið vel mætt á þessar hátíðir og fólk hefur skemmt sér konunglega. Þessi norski hópur heldur mjög vel saman og það hafa myndast góð tengsl á milli þeirra. Slökkviliðið í Nesbyen hefur lánað stóran fána sem strengdur er á milli staura og merkir svæðið sem hátíðin fer fram á. Allir bílarnir eru sömuleiðis skreyttir íslenska og norska fánanum. Venjulega slá menn upp mikilli matarveislu en erfiðlega hefur gengið að fá íslenskan mat sendan til Noregs. Það þarf ýmis leyfi fyrir matarsendingum en það hefði verið skemmtilegt að bjóða upp á eitthvað íslenskt. Mig langaði að fá íslenskan bjór til að gefa fólkinu að smakka og sendi ósk um það til bjórframleiðenda á Íslandi en hef ekki fengið nein svör. Það væri virkilega ánægjulegt ef einhver vildi gefa eitthvað íslenskt fyrir þessa hátíð en netfangið mitt er iceland66n@gmail.com,“ segir Sigrún.

### Í FALLEGU LANDSLAGI

„Það er alveg sérstök stemning hjá þessum Íslandsvinum og ég hlakka mikið til að hitta hópinn. Við tökum ferju yfir til Noregs en þurfum síðan að aka í fimm til sex klukkustundir til Nesbyen. Þessi bær er umvafinn fjöllum og þar er óhemjufallegt landslag. Þess utan hafa oft verið slegin hitamet þarna því veðursældin er slík,“ segir Sigrún og bætir við að Nesbyen sé í tveggja klukkustunda akstri norður frá Ósló.

„Ég veit að það eru allir spenntir en þetta er allt fólk sem er komið yfir fimmtugt og kemur alls staðar að frá Noregi. Þau sem koma lengstu leiðina keyra um 3.000 km til að komast á staðinn.“






# RÓMANTÍSK ÚTILEGA

**Loksins laus úr viðjum hvunndagsins og sameinuð undir bláhimni. Hvað gerið þið þá?**

- Byrjið á að verða eitt með náttúrunni og segja skilið við daglegar venjur.
- Veljið rólegan, fáfarinn stað í rómantísku umhverfi.
- Allt sem þið gerið saman í útilegunni ætti að endurspegla einfaldleika. Einbeitið ykkur að grunnþörfunum og látið þær hafa forgang; hvíld, mat, drykk, hreyfingu og kynlíf.
- Missið tímaskynið ef hægt er og notið sólarganginn til að fylgjast með tímanum. Ekki spá í hversu langan tíma hlutirnir taka. Lifið fyrir núið.
- Látið kylfu ráða kasti og gerið eitthvað óvænt. Leyfið huganum að reika og skiljið áhyggjur, skipulag og verkefnalista eftir heima.
- Gerið ekkert. Leggist á bakið og horfið á skýin saman. Einbeitið ykkur að hljóðum náttúrunnar og því sem fyrir augu ber. Slíkar stundir skapa dýrmætar minningar.
- Takið ykkur blund saman og njótið miðdagshvíldar. Það er einkar yndislegt eftir göngutúr eða saðsama máltíð. Sjáið hvað gerist ef þið takið ykkur kríu nakin.
- Sofið þar til líkami og hugur er úthvíld eða vaknið óvænt við sólarupprásina. Kúrið áfram saman þótt langt líði á morgun og veitið hvort öðru fulla athygli.
- Útilegur eru frábærar til að efla nánd og tengsl meðal elskenda. Hvað er enda rómantískara en að horfa á sólsetrið saman, grilla sykurpúða yfir opnum eldi og kela undir tjaldhimni?
- Takið með eftirlætis vínið og vínkæli, útikerti eða ljósaseríu, osta, ber og hvaðeina til að skapa rómantísk huggulegheit.

# VEIÐI

MIÐVIKUDAGUR **14. MAÍ 2014**



## Barðist við laxinn í þrjá tíma

Blaðamaðurinn Trausti Hafliðason fékk stærsta laxinn í fertugsafmælisgjöf.

SÍÐA 2

## Þrjár kynslóðir saman í veiði

Stangaveiði skipar stóran sess í lífi Maríu Önnu Clausen og fjölskyldu og eru öll sumur undirlögð.

SÍÐA 4

## Veiðivonin rætist í Útey

Á bænum Útey 1 er hægt að kaupa veiðileyfi, nýveiddan silung og reykt hnossgæti úr gjöfulum vötnum héraðsins.

SÍÐA 6

# Fékk þann stærsta á afmælisdaginn

Fertugasti afmælisdagur blaðamannsins Trausta Hafliðasonar rann upp bjartur og fagur við Hrútafjarðará 5. júlí í fyrra. Þangað fer hann árlega í lax dagana 4. til 6. júlí. Á stórafmælinu í fyrrasumar háði hann þriggja tíma orrustu við sinn mesta stórlax hingað til.

Þessi ævintýralegi afmælisdagur mun seint líða mér úr minni," segir Trausti sem kom auga á stórlaxinn í Hólmahyl.

Veiði var með eindæmum góð þetta sumarið og þeir Karl Tómasson, frændi Trausta, fóru á veiðistað neðan við þjóðveginn hjá Staðarskála.

„Þar aðeins neðar er sjóbleikjusvæðið Dumbafljót og á meðan Kalli frændi renndi fyrir lax ákvað ég að sjá hvort sjóbleikjan gæfi sig á létta fimmu, sem er silungastöng. Þegar það reyndist ekki vera gekk ég aftur til Kalla og stóð ofan við hylinn þegar ég sá laxinn," segir Trausti, sem kallaði strax til Kalla frænda síns að freista þess að ná laxinum.

„Kalli reyndist of langt frá og sagði mér að kasta í staðinn. Ég gerði það af rælni og í vantrú á að laxinn tæki hjá mér en í öðru kasti beit hann á."

Þegar þarna var komið var klukkan hálf tólf á hádegi en eins og í öllum laxveiðiám er gert hlé á veiðinni frá eitt til fjögur.

„Ég gerði mér strax grein fyrir að laxinn væri mjög stór enda teymdi hann mig fljótt yfir ána og settist pikkfastur í hylinn. Með litlu silungastönginni var virkileg raun að takast á við laxinn og til að gera langa sögu stutta gaf laxinn sig ekki fyrr en eftir ríflega þriggja tíma stöðugan slag."

### Lofaði laxinum lífgjöf

Trausti var að niðurlotum kominn eftir langa og stranga baráttu með silungastöngina að vopni.

„Laxinn var ótrúlega sprækur þegar hann kom á land. Hann var nýrunninn úr sjó, grálúsugur og feykilega sterkur. Því var baráttuþrekið mikið og hann ætlaði sér ekki að gefast upp. Eftir tuttugu mínútna slag var ég farinn að tala við fiskinn og lofaði að ég myndi sleppa honum í ána á ný."

Trausti stóð við loforðið við laxinn sem tók agnarsmáa Green Brahan-flugu og mældist 90 sentimetra langur.

„Ég hafði miklar áhyggjur þegar laxinn kom á land því þetta var alltof löng barátta fyrir fiskinn. Það tók mig fáeinar mínútur að koma lífi í fiskinn aftur og eftir örskotsstund á bakkanum dýfði ég honum aftur í ána og klappaði honum og ruggaði. Loks tók hann við sér og fór beina leið aftur í hylinn."

Trausti segir tengsl verða á milli veiðimanns og fisks þegar átökin dragast svona á langinn.

„Ég fékk því mikið út úr því að gefa laxinum líf og fékk gæsahúð þegar ég slepti honum aftur. Ég óttaðist mjög að hann hefði þetta ekki af því það er erfitt fyrir fisk að berjast fyrir lífi sínu í þrjár klukkustundir. Vitaskuld á maður að vera með útbúnað sem hæfir hverri á en aðstæður voru þannig að allt gerðist þetta óvart. Með þyngri línu og stærri stöng hefði veiðin tekið mun styttri tíma."

### Langar að slást við stærri fisk

Eftir laxveiði lífs síns sofnaði Trausti sæll og úrvinda í snotru veiðihúsi austan við Hrútafjarðará.

„Laxinn var aldrei freistandi í afmælismat því laxar af þessari stærðargráðu eru ekkert sérstaklega góðir til átu. Það er líka regla í Hrútafjarðará að sleppa þarf öllum fiskum sem mælast yfir 70 sentimetrum."

Afmælisdagur Trausta varð enn sætari þegar bræðurnir Svavar og Björgólfur Hávarðssynir gáfu honum bók sem þeir skrifuðu í sameiningu um laxinn og myndskreyttu með myndum úr veiðiferðum þeirra félaga, innbundna og gefna út í fjórum eintökum.

„Allt var þetta mikið ævintýri og fjöldi fólks sem fylgdist með af árbakkanum. Þrátt fyrir stórfenglega lífsreynslu vildi ég þó alls ekki lenda í þessu aftur með svona létta stöng en ég slægi þó ekki hendinni á móti því að slást við 100 sentimetra lax þegar fram líða stundir."



Trausti með þann stóra í fanginu, báðir orðnir úrvinda eftir ríflega þriggja tíma slag. MYNDIR/ÚR EINKASAFNI



Baráttan við laxinn tók á enda heilir 90 sentimetrar að lengd.



Til að setja punktinn yfir i-ið flæktist línan og þurfti að taka hjólið af. Þarna reyna Björgólfur og Njörður Árnason að leysa úr flækjunni, sem tókst.

## *Frístundaveiði vinsæl*

Frístundaveiði hefur notið mikilla vinsælda víða um land. Ferðamenn, jafnt innlendir sem útlendir, hafa sótt í þetta sport í auknum mæli. Frístundaveiðar eru leyfisskyldar og eingöngu er heimilt að stunda þær með sjóstöng og handfærum. Leyfin eru veitt aðilum í ferðaþjónustu. Leyfin eru háð tilteknum fjölda fiska á dag á hvert handfæri eða sjóstöng án þess að aflinn reiknist til aflamarks. Aflann má ekki selja.

Frístundaveiðar er vaxandi þáttur í ferðaþjónustunni en þær hófust á Vestfjörðum árið 2006. Veiðarnar hafa gefið milljónir í ríkissjóð. Heimilt er að stunda fiskveiðar í frístundum til eigin neyslu.



Sjóstangaveiðimenn sigla frá Suðureyri.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Atli Bergmann, 512 5457, atli.bergmann@365.is
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.






Birkir Mar Harðarson, starfsmaður Útilífs Glæsibæ, með eina af hinum frábæru TFO-veiðistöngum. MYND/STEFÁN

# Ein skynsamlegustu stangakaupin í dag

Temple Fork Outfitters-fluguveiðistangirnar eru hannaðar með þrjú hugtök að leiðarljósi; nákvæmni, kastlengd og lyftikraft. Stangirnar eru á kynningarafslætti í Útilífi út júní.

Temple Fork Outfitters-stangirnar (TFO) þykja með þeim betri í dag, sérstaklega þegar miðað er við verð. Hinn frægi fluguveiðimaður Lefty Kreh hefur komið að hönnun fluguveiðistanga TFO. Hann hefur útskýrt þá hugmyndafræði sem býr að baki því að hanna góða fluguveiðistöng. „Við hjá TFO einbeitum okkur að þremur hugtökum þegar við hönnum fluguveiðistangir. Þau eru nákvæmni, kastlengd og lyftikraftur," lýsti Kreh.

Hugtakið nákvæmni endurspeglar með hvaða hætti línan, taumurinn og flugan leggjast á yfirborð vatnsins. „Tilfinningin fyrir nákvæmni skiptir kannski litlu þegar rennt er fyrir stórfiski en hún getur skipt sköpum í silungsveiði í vatni eða straumá."

Kastlengd er afar mikilvæg í fluguveiði en hugtakið er notað yfir það hve langt veiðimaðurinn kastar línunni út með stönginni. „Í sumum tilfellum skiptir hún ekki máli en í öðrum skilur hún á milli vel heppnaðrar veiði og engrar veiði."

Lyftikraftur segir til um hvernig stöngin vinnur og hvort hún ræður við þungan fisk í miklum straumi og í erfiðum aðstæðum. „Auðvitað getur engin ein stöng brugðist við öllum þessum hugtökum fullkomlega en TFO-stangirnar eru hannaðar með það að leiðarljósi að komast sem næst því," segir Kreh.

TFO-stöngin fyrir línu númer átta lenti í þriðja sæti yfir bestu stangir í sama flokki árið 2014 hjá Yellowstone Angler. Að sama skapi var stöngin valin „Best buy" eða bestu kaupin.

TFO-stangirnar eru til sölu í Útilíf Glæsibæ. Þær eru á 20 prósenta kynningarafslætti út júní og kosta þá 59.990 krónur.



ER ALLT KLÁRT Í VORVEIÐINA?
Verslaðu í einu sérhæfðu fluguveiðiverslun landsins
GUIDELINE
Alta vöðlur
Ný tækni, engir saumar. Vöðlur gerast líklega ekki betri en þessar.
LOOP CROSS S1
Flugustangir
- Stöngin sem breytir leiknum -
Verið velkomin í verslun okkar á Langholtsvegi til að kynnast af eigin raun hvernig Loop hefur tekist að þróa stöng sem kollvarpar öllu því sem menn héldu að enn væri hægt að bæta við flugustangir hvað gæði og eiginleika varðar.
4Cast
Test winner in Trout&Salmon Magasin.
Core jakki
NÝTT!
GUIDELINE
Fullkominn jakki við íslenskar aðstæður. Frábær í útivistina.
PRIMALOFT LIGHT 60G
Flugulínur
Línurnar frá Guideline eru algjörlega búnar að slá í gegn hjá íslenskum veiðimönnum.
Flugustangir
GUIDELINE
LXI tvíhenda, nýjasta stöngin frá Guideline - sannkallað meistaraverk!
GUIDELINE LXI 13'9 #8/9
Fluguhjól
Einfaldlega yfirburða hjól frá snillingum Loop og Guideline.
Flugubarinn
Önnur eins gæði er erfitt að finna...
GUIDELINE
It's all about the experience
LOOP
Stóru merkin í Skandinavíu
HIGH PERFORMANCE Scott FLY RODS
SAGE
Og nú stóru amerísku merkin í Veiðiflugum...
LOOP
hefur fengið nýtt heimili!
Nú færð þú Loop veiðivörur í Veiðiflugum, einu sérhæfðu fluguveiðiversluninni á Íslandi
VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR
Í 12 MÁN
Veiðiflugur
Langholtsvegi 111 | Sími: 527 1060

# Njóta þess að vera saman

Mikið veiðisumar er í vændum hjá fjölskyldu Maríu Önnu Clausen. Stangaveiði skipar stóran sess í lífi stórfjölskyldunnar þar sem þrjár kynslóðir hafa löngum safnast saman við árbakkann. Veiðar eru góð leið til að kynna náttúruna fyrir börnum og unglingum.

Það er fátt skemmtilegra en að veiða með fjölskyldunni í fallegri íslenskri náttúru. Nær allir geta veitt sem gerir veiði að sérlega skemmtilegri afþreyingu fyrir unga sem aldna. Margar fjölskyldur hafa stundað veiði í áratugi og þá safnast gjarnan nokkrar kynslóðir saman við árbakkann þar sem þeir eldri kenna þeim yngri réttu aðferðirnar. Ein þeirra stórfjölskyldna sem veitt hafa saman í áratugi er fjölskylda Maríu Önnu Clausen en hún og eiginmaður hennar, Ólafur Vigfússon, reka saman verslunina Veiðihornið. María segir öll sumur undirlögð af veiði og þar taka allir fjölskyldumeðlimir þátt. „Þetta byrjaði með foreldrum mínum en þau hófu að veiða á bryggjunni fyrir vestan þegar þau voru börn. Síðar fluttu þau til borgarinnar og þá hélt veiðin áfram í hinum ýmsu vötnum og ám. Við systkinin erum því alin upp við veiðar og í öllum útilegum voru veiðistangir teknar með. Við veiddum helst silung og stundum var hann eldaður um kvöldið eða þá bara tekinn með heim. Sjálf er ég meira fyrir að veiða lax en silung þótt öll veiði sé auðvitað mjög skemmtileg.“



### Stöngin alltaf með

Seinna meir þegar María og Ólafur eignuðust börn voru þau tekin með í útilegurnar og auðvitað voru veiðistangir með í för. „Fyrstu árin ferðuðumst við mikið saman, foreldrar mínir, við hjónin og börnin okkar. Þá voru þrjár kynslóðir saman við árbakkann og veiddu. Pabbi hafði mikla ánægju af því að segja okkur og strákunum til við veiðarnar og fékk mikið út úr því ef börnin veiddu vel.“ María segir afar mikilvægt fyrir börn að kynnast náttúrunni og að veiðar séu góð leið til þess. „Börn í dag eru ekki eins mikið úti í náttúrunni og áður fyrr. Veiðar gefa þeim kost á að eiga góðar stundir með fjölskyldu sinni. Það skiptir svo miklu máli; að njóta þess að vera saman úti í náttúrunni.“

### Fjörugt sumar

Gott veiðisumar er fram undan hjá þessari miklu veiðifjölskyldu. Hún hefur átt sama hollið í Eystri-Rangá í rúmlega 20 ár þar sem hún veiðir lax. Auk þess hefur hún veitt mikið í Stóru-Laxá, Soginu og Norðurá. María segir stefnuna einnig vera setta á Vatnsdalsá, auk þess sem þau hjónin ætli í Hítará. „Ég er líka meðlimur í kvennahópi sem hefur veitt saman undanfarin tíu til tólf ár. Ég fer með þeim í veiði í maí og svo aftur í ágúst. Svo kíkir maður á Þingvelli í sumar, enda stutt að fara og skemmtilegt að veiða þar.“

Hún segir ekki erfitt að kveikja áhuga barna og unglinga á veiði. „Ég held að aðalatriðið sé bara að fara af stað og vera um leið ekkert að pressa of mikið á þau. Börn þurfa ekki að veiða allan daginn heldur fá að gera þetta á eigin forsendum. Yfirleitt finnst þeim gaman að veiða og þá er fínt að byrja með flotholt og flugu eða flotholt og maðk, eða bara spún. Svo er alltaf hægt að leika sér á bakkanum og finna sér eitthvað að gera því börn hafa sjaldnast úthald í að veiða allan daginn. Það ýtir oft undir áhuga þeirra ef þau eiga veiðistöng sjálf. Þeim finnst gaman að eiga græjurnar og velja sjálf með hvaða hætti þau kasta út.“



María með væna bleikju úr Vatnsdalsánni árið 2012.




Veiðihjónin ásamt sonum sínum þremur við Norðurá.



Þrjár kynslóðir saman við Þingvallavatn árið 1990. María heldur á syni sínum.

MYND/ÚR EINKASAFNI




## *Veiði í næsta nágrenni*

Veiði er skemmtileg fjölskylduskemmtun og finnst flestum börnum gaman að veiða fisk. Í Reykjavík og nágrenni eru góð veiðivötn og getur verið gaman að skjótast til dæmis eftir vinnu, hvort sem er með alla fjölskylduna eða veiðimaðurinn einn með sjálfum sér.

Hér eru nokkur vötn þangað sem stutt er að fara til veiða fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins.

### Elliðavatn

Vinsælasta veiðivatn höfuðborgarsvæðisins og afar gjöfult. Í vatninu eru bleikja, urriði, lax og stöku sjóbirtingur. Bleikjan var ríkjandi í vatninu en síðasta áratug hefur urriðinn sótt í sig veðrið og er nú að verða algengasta fiskitegundin í vatninu. Veiðitímabilið hefst á sumardaginn fyrsta ár hvert og lýkur því 15. september. Eingöngu er leyfð veiði með flugu, maðk og spúni, en í Hólmsá má aðeins veiða á flugu.



Vífilsstaðavatn er tilvalið til að æfa fluguköstin en vatnið er vinsælt á meðal veiðimanna. MYND/VILHELM

### Meðalfellsvatn

Lax og sjóbirtingur ganga úr Laxá í Kjós í vatnið. Mest veiðist af smábleikju í Meðalfellsvatni en einnig nokkuð af urriða, sjóbirtingi og laxi. Þar sem mikið er af smábleikju í vatninu er gaman að fara með börn þangað að veiða en leyfilegt er að veiða á flugu, maðk og spón.

### Vífilsstaðavatn

Vatnið er vinsælt á meðal veiðimanna og þykir mörgum ómissandi að fara þangað á vorin til að fá fyrstu tökur ársins. Þess má geta að Vífilsstaðavatn er tilvalið til að æfa fluguköst. Í vatninu er einkum urriði og bleikja. Mest er um smábleikju en einnig veiðist töluvert af stærri fiski. Fiskurinn úr vatninu er mjög góður matfiskur.

### Reynisvatn

Reynisvatn er skemmtilegur staður fyrir fjölskylduna til að veiða á, ekki síst fyrir byrjendur sem hafa kannski ekki mikla þolinmæði. Um árabil hefur bæði regnbogasilungi og laxi verið sleppt í vatnið og eru veiðileyfi seld á staðnum en þau gilda til ársloka 2014.

### Kleifarvatn

Eitt af stærstu vötnum landsins og er frægt fyrir stórfisk en þar eru bæði bleikja og urriði. Veiði er heimil í öllu vatninu og þar má veiða allan sólarhringinn á flugu, maðk og spún.

**Heimild:** *veidikortid.is*


Það er öruggara að velja réttu dekkin í veiðina
TOYO TIRES
driven to perform
BFGoodrich Tires
TAKE CONTROL
MAXXIS
Jeppi stendur ekki undir nafni nema hann sé vel dekkjaður. Ef þú vilt nýta til fullnustu orku, aksturseiginleika og öryggi jeppans, skiptir sköpum að velja dekk við hæfi. Þegar dekk eru annars vegar búum við yfir áratuga reynslu og þekkjum þá eiginleika sem breytilegar akstursaðstæður kalla á þegar haldið er til veiða. Þetta er allt spurning um að velja réttu dekkin.
Reykjavík
NESDEKK
Reykjanesbæ
Þjónustusími: 561 4200
Reykjavík • Fiskislóð 30
Reykjavík • Grjóthálsi 10
Reykjanesbæ • Njarðarbraut 9
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum
Bílabúð Benna dekkjaþjónusta
Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045
Þjónustuborð: 590 2000
Nánari upplýsingar á benni.is
BF Goodrich - All Terrain A/T

# Fljótt flýgur fiskisagan í Útey

Á bænum Útey I við Laugarvatn verður nýveiddur silungur að sælgæti í reykhúsinu. Í landi Úteyjar er einnig sívinsæll veiðistaður í Hólá og Laugarvatni og hægt er að kaupa veiðileyfi, nýveiddan silung og reykt hnossgæti heima á hlaði.

Hér í Hólá og Laugarvatni er eingöngu villtur silungur; feitur, fallegur og ákaflega bragðgóður," segir Elsa Svandís Pétursdóttir, sem ásamt eiginmanninum Skúla Haukssyni hefur verið ábúandi í Útey I í Bláskógabyggð frá árinu 1980.

„Þegar við settumst að í Útey fyrir 34 árum fórum við strax til veiða í vötnunum. Þá kom fyrir að einstaka veiðimaður renndi í hlað og óskaði eftir leyfi til veiða en fljótt flaug fiskisagan og alltaf verður vinsælla fyrir fjölskyldur í fríi og ferðamenn að renna fyrir fisk í landi Úteyjar."

Útey I á veiðirétt í hluta Laugarvatns og að hluta á bökkum Hólár.

„Í nágrenni Laugarvatns er stór sumarbústaðabyggð og margir sem vilja renna fyrir fisk eða kaupa sér nýjan silung á grillið og í pottana eða reyktan ofan á brauð. Sama fólkið kemur aftur og aftur, nýir gestir bætast við og nú koma í æ meiri mæli erlendir veiðimenn."

Í Útey hefur ávallt verið góð veiði og nú um mundir er mikið um urriða. Þegar hlýnar í veðri tekur svo bleikjan við.

„Við opnuðum 1. apríl og þá komu tveir til veiða. Annar fékk tvo fiska en hinn átta; allt urriða úr Hólá," segir Elsa.

Veiðileyfi eru seld heima á bænum og er áin mjög skemmtilegt veiðisvæði.

„Þeir sem koma til veiða eru mjög ánægðir. Fólk ræður hvort það sleppir fisknum eða veiðir sér til matar og ef það bítur ekki á erum við með nýveiddan silung til sölu. Þá fá börn undir fjórtán ára að veiða án aukagjalds með fullorðnum."

Elsa og Skúli veiða í net úr Laugarvatni og Apavatni og selja nýjan silung heima á bæ og í verslanir, hótel og veitingahús í héraðinu. Þá selja þau reyktan silung í verslanir um allt land.

„Um leið og ís fer af vötnunum á vorin byrjum við að veiða. Silungurinn er vel rauður á hold og mjög ljúffengur grillaður og steiktur eða matreiddur á annan hátt," segir Elsa um silunginn, sem er flakaður og seldur ferskur.

Um þessar mundir eru tuttugu ár síðan þau hjónin tóku í notkun reykhús í Útey. Þar reykja þau árið um kring rómaðan Úteyjarsilung en einnig reykja þau fisk fyrir veiðimenn eftir óskum.

„Reyktur silungur frá Útey þykir sælgæti og er galdurinn fólginn í afbragðs hráefni og vönduðum vinnubrögðum. Hráefnið skiptir mestu og það hvernig saltað er og verkað. Við höfum náð verulega góðum tökum á verkuninni og fjölskyldan hjálpast að ef með þarf; meira að segja barnabörnin sem koma í sveitina til ömmu og afa á sumrin."

Elsa og Skúli reykja silung á þrjá vegu; með taði, birki og heitreykingu. „Heitreyktur fiskur er reyksoðinn og einstaklega ljúffengur. Reyktan silung er svo hægt að nota í ótal margt annað en að sneiða ofan á brauð. Sá heitreykti er til dæmis hnossgæti í pastarétti og með salatblaði og piparrótarsósu er kominn fínasti forréttur," segir Elsa sem er ekki komin með leiða á Úteyjarfisknum.

„Mér finnst hann alltaf jafn góður og í uppáhaldi er sá taðreykti en bóndanum þykir sá birkireykti betri."

Veiðileyfi í Útey gilda bæði í Laugarvatni og Hólá og kostar dagurinn 2.700 krónur. Hægt er að kaupa sumarkort á 17.000.

Ný flök eru seld heima á bæ yfir sumartímann en líka í eftirtöldum verslunum: Versluninni Borg, Grímsnesi, Samkaup/Strax og Galleríinu á Laugarvatni.

Sjá nánar á utey.is.



Hjónin Elsa og Skúli.



Hér eru silungaflök í salti fyrir reykingu.



Á sumrin koma barnabörnin til ömmu og afa í Útey. Hér er Alex Skúli með afa sínum.

MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

### Pastasalat með silungi

**280 g** spaghetti eða núðlur
**200 g** mozzarellaostur
**120 g** heitreyktur silungur (má líka nota birki- eða taðreyktan)
**1 stk.** agúrka
**1 búnt** basilíka
**ólífuolía** og salt

Sjóðið pastað „al dente" og sigtið. Skerið silung, agúrku og ost í litla bita og blandið saman við kalt pastað ásamt olíudreitli og saltið eftir smekk. Rífið eða klippið basilíkulaufin yfir.

# Metnaðarfull veiðiverslun

Fjölmargar nýjar veiðivörur eru í boði hjá versluninni Veiðivörum fyrir sumarið. Verslunin býður upp á mikið úrval stangaveiðivara þar sem finnska gæðamerkið Vision er í fyrirrúmi. Veiðivörur reka tvær verslanir, eina á Akureyri og aðra í Reykjavík.

Útivistar- og veiðiverslunin Veiðivörur hefur um nokkurra ára skeið boðið veiðimönnum landsins upp á fjölbreytt úrval veiðivara fyrir allar tegundir veiði. Verslunin býður upp á sérlega glæsilegt úrval af veiðibúnaði fyrir stangaveiði að sögn Matthíasar Þórs Hákonarsonar, framkvæmdastjóra verslunarinnar. „Stærsta vörumerkið okkar er Vision sem er finnskt gæðamerki. Þetta merki er raunar stærsti framleiðandi og söluaðili á Norðurlöndum og býður upp á langbreiðasta vöruúrvalið. Við seljum mikið úrval frá þeim af stöngum, hjólum, línum, vöðlum, jökkum, töskum og bara öllu því sem viðkemur stangaveiði. Auk þess bjóðum við upp á mikið úrval smáhluta frá þeim."

Veiðivörur bjóða ekki einungis upp á vörur fyrir vana veiðimenn heldur líka byrjendur. „Við erum einnig með mikið úrval af vörum frá undirmerki Vision sem heitir Keeper. Það er einnig mjög gott og vandað vörumerki sem býður upp á allt það helsta fyrir veiðimanninn en á aðeins hagstæðara verði. Það má því segja að hér sé boðið upp á allt fyrir stangaveiðina í ólíkum vöru- og verðflokkum en gæðin eru alltaf í fyrirrúmi hjá okkur. Verðið hér er tiltölulega lágt miðað við gæðin."

### Nýjar vörur

Meðal nýrra vara sem Veiðivörur leggja áherslu á í sumar eru nýju tvíhendurnar frá Vision. „Þessi tvíhenda, sem ber nafnið Tool, var valin besta nýja tvíhendan í veiðiblaðinu virta Trout and Salmon nýlega. Þessi stöng er frekar hröð tvíhenda sem kom okkur mikið á óvart. Hún lítur öðruvísi út en aðrar tvíhendur og virðist ráða við hvaða flugur sem er."

Matthías nefnir einnig nýja vöðluskó frá Vision sem heita Loikka. Þeir eru afrakstur fimmtán ára vöruþróunar hjá Vision. „Þetta eru langbestu skór sem við höfum prófað og höfum við prófað þá marga. Nú er búið að koma í veg fyrir öll þessi vandamál sem tilheyra vöðluskóm en samt eru þeir með þeim léttari sem eru í boði. Þeir eru með nýjum gúmmíbotni sem gefur gott grip."

Að lokum nefnir Matthías nýtt fluguveiðihjól frá Vision sem heitir Vario-verse. „Þetta er eina hjól sinnar tegundar í heiminum. Það hefur einstakt bremsukerfi á hjólinu og er algjörlega einstakt í sinni röð þegar kemur að léttleika og einfaldleika búnaðarins."

Veiðivörur bjóða upp á gott úrval silungaflugna sem allar eru hnýttar hérlendis af innlendum fagmönnum. „Þetta eru gæðaflugur sem eru mjög vinsælar. Það er notað mikið af útfjólubláu efni þannig að þær lýsast upp í sólarljósinu."

Í dag er Veiðivörur með tvær verslanir. Sú eldri er staðsett á Akureyri en síðasta sumar var ný verslun opnuð við Síðumúla í Reykjavík. „Við keyptum veiðibúðina Hrygnuna síðasta sumar og opnuðum verslun þar. Um leið fengum við umboðið fyrir Vision-vörurnar og getum nú boðið þær til sölu í báðum verslunum okkar."

Allar nánari upplýsingar um vörur verslunarinnar má finna á www.veidivorur.is.




Veiðivörur bjóða upp á mikið úrval veiðivara frá finnska gæðamerkinu Vision.

MYND/STEFÁN



Gott úrval veiðivara fyrir bæði vana veiðimenn og byrjendur.

# Veiðivörur.is

Síðumúli 37
581-2121

Reykjavík • Akureyri

Hafnarstræti 99
462-1977

NÚNA ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ GRÆJA SIG UPP FYRIR SUMARIÐ !
VEIÐIVÖRUR FAGNA SUMRINU OG BJÓÐA ALLAR VÖRUR Á

SUMAR SPRENGJA

# 20% AFSLÆTTI




**Samstarfsaðilar um land allt**
**Kaupfélag Borgfirðinga, Veiðiflugan á Reyðarfirði, SR Byggingarvörur á Siglufirði.**

## ORMATÍNSLA UM NÆTUR

**Best er** að tína ánamaðka um nótt og í hellirigningu. Því meira sem rignir, því fleiri ánamaðkar leita upp á yfirborðið. Ástæðan er sú að maðkarnir „anda“ gegnum húðina og bleytan gerir þeim þungt um „andardrátt“!

**Notið vasaljós** og laumist að þeim. Ánamaðkar skynja titring og skjótast hratt ofan í jörðina verði þeir varir við hreyfingu.



Þegar höndum hefur verið komið á ánamaðkinn verður að toga hann upp með lagni svo hann slitni ekki.

**Ef jarðvegurinn** er þurr og ekki útlit fyrir rigningu í bráð, má reyna að vökva lóðina hressilega til að lokka ánamaðkana upp á yfirborðið. Þá er sagt óráð að nota kemískan áburð á lóðina ef tína á þar ánamaðka en nota heldur húsdýraáburð á blettinn. Þá er einnig sagt að mest sé um ánamaðka í vel hirtum görðum.

**Heimild: Vísindavefur** Háskóla Íslands.



## VEITT OG SLEPPT

**Þeim veiðimönnum fjölgar sem sleppa stangveiddum fisk. Mikilvægt er að bera sig rétt að. Á vef Veiðimálastofnunar er að finna greinargóðar leiðbeiningar.**

- Mælt er með að nota króka án agnhalds og sterka línu.
- Of stórir krókar geta rifið illa en smáir krókar eru oft kokgleyptir. Þá er betra að nota króka sem ryðga því þá er möguleiki að skera á línuna því krókurinn brotnar niður og eyðist.
- Þegar fiskurinn hefur verið veiddur á að varast að lyfta honum upp úr vatninu. Háfar geta farið illa með slímhúð og hreistur.
- Hvorki á að snerta tálkn né augu.
- Varast ber að lyfta fisknum upp á sporðinum. Þá á að bleyta hendur áður en fiskur er handleikinn því þurrar hendur geta fjarlægt slímhúð.
- Öngulinn á að losa sem fyrst, mjúkum höndum og helst undir yfirborði vatns.
- Nota á töng með góðu gripi til að ná önglinum úr fisk.
- Ef öngull er illa fastur og ekki hægt að losa hann án þess að særa fiskinn enn meira, á að klippa á línuna sem næst önglinum og láta hann vera.
- Ekki má eyða of miklum tíma í losun önguls.
- Forðast á að vigta fiska, fremur á að nota lengdarstiku og áætla þyngd út frá því.
- Ef fiskur er slappur skal snúa honum á móti hægum árstraumi, þannig er honum best hjálpað við að ná eðlilegri öndun á nýjan leik.
- Stórir fiskar þurfa oft lengri tíma til að jafna sig en þeir smærri.
- Ekki skal sleppa fiski sem er mjög slappur eða mikið skaddaður. Blæðing úr tálknum og mikið hreisturlos eru vísbendingar um að fiski verði ekki bjargað.

# *Sushi við árbakkann*

Gott nesti er nauðsynlegt í veiðiferðum enda eyða veiðimenn oft löngum tíma úti við, langt frá veiðiskálanum. Flatkökur og hangikjöt, samlokur og drykkjarföng eru oft með í för en það er skemmtileg tilbreyting að slá upp einfaldri sushi-veislu við árbakkann. Það er óþarfi að flækja hlutina of mikið og því upplagt að einblína á sashimi, sem er sushi án hrísgrjóna, og nigiri, þar sem uppistaðan er grjón og hrár fiskur.

Lax og bleikja hentar mjög vel í sushi en þeir ævintýragjarnari geta líka spreytt sig á urriðanum.

Sashimi er einfalt í framkvæmd. Fiskurinn er sneiddur í þunnar sneiðar eða litla kubba. Það er hægt að útbúa ponzusósu áður en haldið er úr húsi en hún samanstendur af sojasósu og safa úr sítrusávöxtum. Einnig má bera fram sojasósu, súrsað engifer og wasabi-mauk með fiskinum.



Nigiri krefst aðeins meiri undirbúnings. Þá eru sushi-grjónin soðin í veiðiskálanum áður en haldið er af stað. Þegar matreiðslan hefst eru grjónin mótuð á réttan hátt og þunnar fisksneiðar lagðar ofan á. Á milli er venjan að smyrja örlitlu wasabi-mauki og bera fram með sojasósu.

Góður hnífur og bretti eru einu áhöldin sem þarf til að útbúa þessa veislu. Prjónar eða guðsgafflarnir eru síðan nýttir til að snæða veitingarnar.






Það er gaman að fá sér splunkunýjan ferðavagn
Það er spennandi að taka á móti nýju fellihýsi, tjaldvagni eða hjólhýsi sem verður annað heimili fjölskyldunnar sumarlangt. Með faglegri ráðgjöf og góðri þjónustu hjálpum við þér að fjármagna það sem upp á vantar til að þú getir eignast ferðavagninn.
Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is
ergo

NETBÍLAR
www.netbilar.is




Nýjir NISSAN Leaf til afhendingar. Árg ,14, rafmagn, sskj. Verð 3.990.000. Rnr.200970. Nýr bíl með miklum aukabúnaði t.d álfelgur og hraðastillir. Möguleiki á allt að 100% fjármögnun.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

STÓRA BÍLASALAN



Iveco Irisbus 50C 14 - 20 Manna Árgerð 2006, ekin 399þ.km. Mikið yfirfarinn bíll sem er á staðnum. Verð 4.390.000kr. Raðnúmer 155741. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

bilfang.is
S. 567 2000



**FLOTTUR !**

Opel Astra OPC Turbo 09/2006 ek 86 þ.km , beinskiptur , Leður , 18” felgur ofl verð núna 1650 þús !!! Ákv 950

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

ÍSBAND.IS



**NÝTT HYMER HJÓLHÝSI**

ÚTSALA, Hymer Nova 540, Stórglæsilegt hús af flottustu gerð, lengd 7.69m, breidd 2.4m, ATH aðeins 1 stk í boði á þessu frábæra verði, Verð aðeins 4.490.000kr, Er í salnum hjá okkur,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2013, ekinn 35 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.990645. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES BENZ Ml 350 bluetec 4matic . Árgerð 2012, ekinn 12 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 13.490.000. Rnr.210364.



TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgerð 2003, ekinn 214 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.190.000. Rnr.180024.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

SUZUKI



Suzuki Fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, Léttir, Sparneytnir, Hljóðlátir, Öruggir og Áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**Suzuki Umboðið ehf**
**SKEIFAN 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**SUZUKI@SUZUKI.IS**
**SUZUKI.IS - SUZUKISPORT.IS**

100bilar.is



LAND ROVER Range Rover Vouge V8 Diesel. Árg 1/2007, ek 95 Þ.KM, dísel 273hö, sjálfsk, Einn með öllum aukahlutum og lítur mjög vel út, Ásett verð 8.490.000. Rnr.118883. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

HEKLA
REYKJANESBÆ



AUDI A4 s line. Árgerð 2005, ekinn 112 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.111035. ATH skipti á ód, smábíl

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

TOYOTA
Toyota Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Rav4 x. Árgerð 2011, ekinn 38 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.181750.

**Toyota Kletthálsi**
**Kléttháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotakletthalsi.is**




GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



## Erum að opna stærsta sýningarsal landsins - 2600 fm.

# VAGNAKAUP S:522 2222

## Það kostar ekkert að hafa vagninn hjá okkur!



## Erum með notaða ferðavagna í öllum stærðum og gerðum

# vagnakaup.is

Erum í Kauptúni beint á móti Ikea

Opið mán-föst 10-18 & lau-sun 12-16




## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

FISKISTOFA

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2013/2014 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 665, 10. júlí 2013**

**Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunar-reglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 449/2014 í Stjórnartíðindum**

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalið byggðarlag:

**Súðavík**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu ásamt samningi við vinnsluaðila, á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. maí 2014.**

*Fiskistofa, 13. maí 2014.*

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til bygginga

**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun




## Heilsuvörur

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.**
Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.

Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.Price from 55.000.
**Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði Funahöfða 17a-19, Reykjavík Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

Til leigu um 60fm nýlöguð íbúð á 1. hæð (ekki jarðhæð) í 101 Reykjavík. Þvottahús og stórar svalir á hæðinni. Upplýsingar eða umsóknir á netfangið stefan@sebra.is

## Húsnæði til sölu



**SMÁHÝSI TIL SÖLU**
Til sölu smáhýsi sem eru á mismunandi byggingastigum og byggð af nemendum Byggingatækniskólans. Upplýsingar í síma 824 6515 eða ghr@tskoli.is

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 150fm Iðnaðarhúsnæði á skemmuvegi í Kóp, Stórar innkeyrsludyr, lofthæð tæpir 4m, uppl. í síma: 699 0778.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## Atvinna í boði

**SUMARSTARF**
Veislan á Seltjarnarnesi óskar eftir starfsmanni í smurbrauð, uppvask, þrif á sal og fleira. sendið póst á andrea@veislan.is

**MÁLARAVERKTAKAR**
Óska eftir málurum til starfa. Uppl. veitir Sveinberg í s. 896 6199

Vantar Rútubílstjóra Uppl. í s: 892 3102.

**MATREIÐSLUMEISTARI EÐA MANNESKJA MEÐ REYNSLU AF ELDHÚSSTÖRFUM**
óskast til starfa á nýjum og spennandi veitingastað. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.
**Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá á fresco@fresco.is**

**PYLSUVAGNINN Í LAUGARDAL**
Leitum að duglegu og jákvæðu fólki Hæfniskröfur: Jákvæð framkoma, starfsgleði og snyrtimennska. Góð íslenskukunnátta. 18 ára og eldri.
**Umsóknir sendast á: pylsuvagninn@gmail.com**

Bakarameistarinn

**BAKARANEMI**
Vantar nú þegar nema á samning. Þarf að vera stundvís, samviskusamur, duglegur og með mikinn áhuga.
**Umsóknir sendist á: ottar@bakarameistarinn.is**

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Íslenska Gámafélagið óskar eftir vönum meiraprófsbílstjórum. Umsóknir óskast á heimasíðu fyrirtækisins gamur.is



BENEDIKT SKÚLASON

# Með nýstárlega vöru sem er sú eina sinnar tegundar

Íslenska sprotafyrirtækið Lauf Forks hannaði nýstárlegan hjólagaffal úr koltrefjaefnum sem náð hefur talsverðum vinsældum, en um er að ræða framdempara fyrir reiðhjól. Gaffallinn er einstakur því hann byggir á alveg nýrri og einstakri hönnun. Lauf Forks lauk nýlega við hlutafjáraukningu upp á 190 milljónir króna sem H.F. Verðbréf annaðist. Á stuttum tíma hefur Lauf Forks komið hugmynd sinni af teikniborðinu í framleiðslu og sölu erlendis, en gafflarnir eru framleiddir í Kína. Nú þegar hefur skapast eftirspurn eftir hjólagöfflum frá Lauf Forks á meðal fjallahjólagarpa í fremstu röð og fyrirtækið hefur fengið góðar umsagnir um vöruna í erlendum fagtímaritum. Gestur Klinksins að þessu sinni er Benedikt Skúlason, verkfræðingur og einn stofnenda Lauf Forks, en þáttinn má nálgast á forsíðu Vísis.



**Hvað er það sem gerir hjólagaffalinn ykkar svona einstakan?** „Hann er mjög léttur en tilfellið er að hann er allur gerður úr koltrefjaefnum. Það eru sérstakar blaðfjaðrir sem gera okkur kleift að gera hann allan úr koltrefjaefnum. Við erum að brjóta fullt af reglum við hönnunina."

**Þessi hlutafjáraukning sem þið réðust í, eru þetta allt íslenskir fjárfestar sem tóku þátt?** „Já, meira og minna. Þetta var önnur umferð fjármögnunar. Síðasta umferð var afar mikilvæg. Við settum upp fjárfestakynningu fyrir lokaðan hóp og það gekk ótrúlega vel. Þá fengum við breiðan og góðan hluthafahóp sem nýttist vel í þessari (síðari) fjármögnun."

**Þeir sem eru að kaupa svona sérhæfða vöru, eru þetta einstaklingar sem taka áhugamál sitt mjög alvarlega og eru á mjög dýrum hjólum?** „Já, þetta eru menn sem liggja á netinu og lesa allar umsagnir og velta þessu mikið fyrir sér áður en þeir kaupa. Við höfum verið að selja gaffalinn á 990 Bandaríkjadali auk viðeigandi gjalda. Varan kostar um 140 þúsund krónur hér heima með virðisaukaskatti."

**Fyrirtækið fékk styrk frá Tækniþróunarsjóði. Skipti það sköpum?** „Við þurftum að leggja í alls kyns útgjöld eins og mótakostnað og fleira og þess vegna var það mjög mikils virði að fá peninginn. Svo var það líka hitt að fá aðhald og viðurkenningu á verkefninu."

**Þurfið þið stöðugt að koma með nýjar vörur til að vaxa?** „Við erum alltaf með hugmyndir en það er endalaust að gera næstu árin við að vinna í vörum sem eru afbrigði af þessu. Þetta er flaggskipið okkar sem við kynnum fyrst. Þetta er svipað og hjá Tesla, þeir byrjuðu með roadster-sportbílinn til að sýna að tæknin virkar og svo fikra þeir sig að meginstraumnum. Við erum núna að leggja drög að talsvert ódýrari útgáfu gaffalsins sem er hugsuð fyrir borgarhjól."

„Við erum að mæta þörf sem hefur ekki verið mætt áður."

› klinkið



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@365.is

Viðtalið við Benedikt Skúlason er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu á www.visir.is.**





KOMDU OG PRÓFAÐU VOLVO V40, ÖRUGGASTA BÍL Í HEIMI

VOLVO V40 FÉKK HÆSTU EINKUNN SEM HEFUR VERIÐ GEFIN Í ÖRYGGISPRÓFUNUM EURO NCAP.

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

50 ár í bílgreininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I volvo.is

Volvo V40 D2 115 hö, tog 285 Nm, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,4 l/100 km. $CO_2$ 88 g/km.
Volvo V40 D2 115 hö, tog 285 Nm, 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,9 l/100 km. $CO_2$ 102 g/km.
Volvo V40 búinn D2 dísilvél uppfyllir þau skilyrði sem þarf til að fá frítt í stæði í miðbæ Reykjavíkur í 90 mínútur í senn.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



**14H ÆÐIR** Turninn gnæfir yfir Smáralindina og aðrar byggingar á svæðinu.



**HORFT UPP** Verktakar vinna nú meðal annars við að glerja nokkrar hæðir byggingarinnar.

> Nú er unnið að því að fá fulla nýtingu á húsið og það hafa verið viðræður í gangi við aðila sem eru spenntir fyrir því að koma inn í þetta en við erum fyrst að skoða kjölfestuleigutaka í skrifstofuhúsnæði. Þetta tekur sinn tíma en það er búið að sá góðum fræjum.







**Á 11. HÆÐ** Ríkharð Ottó Ríkharðsson, framkvæmdastjóri Nýs Norðurturns, segir samning við Regin fasteignafélag um leigu á tveimur neðstu hæðum byggingarinnar hafa verið mikilvægan þátt í að koma verkefninu af stað.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Allt á fullu í Norðurturninum

***Norðurturninn við Smáralind verður líklega tilbúinn til afhendingar um mitt næsta ár. Þá verða liðin tæp átta ár síðan framkvæmdir við bygginguna hófust en fyrstu hæðirnar voru hálfkláraðar í tæp fimm ár.***

**VIÐTAL**
**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

Bygging Norðurturnsins hófst að nýju í ágúst í fyrra. Þá höfðu stærstu kröfuhafar þrotabús Norðurturns ehf. leyst bygginguna til sín og stofnað félagið Nýr Norðurturn hf. Það er í eigu Glitnis, Íslandsbanka, Tryggingamiðstöðvarinnar, Lífeyrissjóðs verkfræðinga, dótturfélags Byggingarfélags Gylfa og Gunnars (Hjúps ehf.) og félaganna Bilskirnir ehf. og Grænistekkur ehf.

„Eignin var þá gerð að hlutafé í félaginu og samhliða var gengið frá samningum við eigendur Hjúps um að þeir myndu setja byggingarefni sem þeir höfðu keypt fyrir verkefnið inn í félagið og þannig eignast hlut í því. Samhliða var gengið frá því að þeir myndu klára bygginguna,“ segir Ríkharð Ottó Ríkharðsson, framkvæmdastjóri Nýs Norðurturns.

Eigendur félagsins sömdu í kjölfarið við Arion banka um fjármögnun vegna framkvæmdanna og þær eru nú að fullu fjármagnaðar. Ríkharð segir félagið ekki vilja upplýsa um heildarkostnað verkefnisins.

„Við vitum hver kostnaðurinn við að klára þetta er en ég get sagt að ef við færum í svona framkvæmd frá grunni þá yrði kostnaðurinn ekki undir fimm milljörðum króna með bílastæðunum og öllu.“

Norðurturninn verður alls fjórtán hæðir með tólf skrifstofuhæðum og hver þeirra er um þúsund fermetrar að stærð. Byggingaverktakarnir eru nú komnir upp í ellefu hæðir og vinna nú við að steypa gólfplötuna á elleftu hæðinni. Reginn fasteignafélag leigir nú tvær neðstu hæðir hússins og á annarri hæðinni er Baðhús Lindu. Hinar hæðirnar tólf hafa ekki verið leigðar út.

„Samningurinn við Regin var ákveðinn grundvöllur fyrir því að púsluspilið gekk saman. Nú er unnið að því að fá fulla nýtingu í húsið og það hafa verið viðræður í gangi við aðila sem eru spenntir fyrir því að koma inn í þetta en við erum fyrst að skoða kjölfestuleigutaka í skrifstofuhúsnæði. Þetta tekur sinn tíma en það er búið að sá góðum fræjum,“ segir Ríkharð.

„Við gerðum okkur grein fyrir að það þyrfti þolinmæði til að ná þessum kjölfestuleigutökum. Það eru margar breytur sem þarf að skoða áður en samningum er lokað.“

Ríkharð segir bygginguna hafa verið í mjög góðu ástandi þegar félagið tók við henni miðað hversu lengi hún stóð hálfkláruð.

„En það þurfti að sandblása og styrktarmæla og styrkja jarðskjálftajárn með því að sjóða það að utan,“ segir Ríkharð.

Hann segir markaðinn fyrir húsnæði af þessari stærð góðan.

„Þetta er eina staðsetningin á Stór-Reykjavíkursvæðinu sem býður upp á möguleika fyrir fyrirtæki sem þurfa þrjú til fimm þúsund fermetra á einni staðsetningu. Í því tilliti höfum við verið að sjá smá ljós við endann á göngunum og að það sé markaður fyrir húsnæði af þessum gæðaflokki þar sem eru engin bílastæðavandamál.“

## Löng framkvæmdasaga

Norðurturninn ehf. var dótturfélag Fasteignafélags Íslands sem átti einnig Smáralindina. Fasteignafélagið var að stærstum hluta í eigu Glitnisbanka og Saxbyggs, félags sem var í eigu Saxhóls, nú Heiðarsól ehf., og Byggingarfélags Gunnars og Gylfa (BYGG).

Félagið hóf byggingu turnsins árið 2007 og BYGG var þá aðalverktaki framkvæmdanna. Þær stöðvuðust í nóvember 2008 vegna fjárskorts. Farið var fram á greiðslustöðvun og félagið úrskurðað gjaldþrota í september 2010.

Eftir sat fokheld hálfkláruð bygging, eigendum Smáralindarinnar og íbúum í hverfinu til lítils augnayndis.

Skiptum þrotabúsins lauk 16. desember síðastliðinn og þá fengu lánveitendur verkefnisins tæplega 22 prósent upp í kröfur sínar. Kröfurnar námu rúmum 5,4 milljörðum króna.

## Eigendur Nýs Norðurturns




*Dótturfélag Byggingarfélags Gylfa og Gunnars.

# 16:10 VINNUSKJÁR




## SÉRTILBOÐ

**32.990**

**FULLT VERÐ 39.990**

### 24“ HÆÐARSTILLANLEGUR SKJÁR

8.000 króna verðlækkun í eina viku. 24“ vinnuskjár hannaður til fyrirtækjanotkunar með 1920 x 1200 háskerpuupplausn úr nýjustu Professional línunni frá Acer. Kristaltær mynd og mikil litadýpt.

Hefðbundnir tölvuskjáir eru í 16:9 hlutföllum.16:10 skjáir eru hærri og því vinsælir hjá fyrirtækjum þar sem vinnuplássið er töluvert stærra.

Hæðarstillanlegur fótur til að tryggja rétta líkamsstöðu. Hægt að snúa skjánum í lóðrétta stöðu svo þægilegra sé að vinna með A4 skjöl í Word eða ýmsa grafíska vinnslu.

### YFIR 30 GERÐIR AF SKJÁM Á LAGER

Fyrirtækjaþjónusta Tölvulistans býður mikið úrval tölvuskjáa í öllum stærðarflokkum. Einungis heimsþekkt og traust vörumerki sem viðskiptavinir okkar hafa góða reynslu af eins og Philips, Acer og Asus.

**Hafðu samband við okkur í s. 414-1710 eða sendu tölvupóst á sala@tl.is til að fá hagstætt tilboð í tölvuskjái fyrir þitt fyrirtæki.**

tl.is
TÖLVU LISTINN
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA
414-1710 / sala@tl.is

Lífskjaraskerðingu almennings virðist þurfa til þess að bankar fái borgað af erlendum lánum og gjaldeyrishöftum verði lyft:

# Úr höftum án krónu

„Enginn saknar blóma sem aldrei urðu til, en garður án blóma laðar ekki að sér fólk,“ segir í nýjasta tölublaði efnahagsritsins Vísbendingar. Í orðunum er vísað til lymskufullrar skaðsemi gjaldeyrishaftanna.

Í nýju Sjónarmiði Viðskiptaráðs Íslands, „Bætt fjárfestingarumhverfi: Lykill að afnámi hafta“, er líka bent á að gjaldeyrishöft séu „stærsta hindrun í vegi efnahagsframfara“ hér á landi og að fórnarkostnaður vegna þeirra nemi „tugum milljarða á ári hverju“.



Markaðshornið
Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

**Í besta falli getur þjóðin því vænst þess að geta, eftir að hafa tekið á sig skerðingu lífskjara, komist í tímabundið jafnvægisástand í skugga óstöðugs gjaldmiðils. Stórkostleg framtíðarsýn það.**

Höftin verða að víkja, um það er engum blöðum að fletta og eitthvað virðist smámjakast í áttina, svo sem með samkomulagi milli gamla Landsbankans og þess nýja um að lengja í lánum.

Fórnarkostnaðurinn af þessu öllu saman virðist um leið allmikill. Og að vanda eiga byrðarnar að lenda á herðum almennings.

„Það er virkilega raunhæft að við getum ráðið við afborganir okkar en í staðinn þurfum við væntanlega að sætta okkur við lægra raungengi krónunnar,“ sagði Ásdís Kristjánsdóttir, formaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, í viðtali við Fréttablaðið um helgina. Lækkandi gengi þýðir verri lífskjör, vöruverð hækkar og verðtryggðar skuldir í takt.

Þessi þróun er bara í aðdraganda afléttingar. Í umfjöllun Viðskiptaráðs kemur fram að við það að höftum verði létt megi gera ráð fyrir að krónan veikist og verðbólga aukist og ofan á það bætist vaxtapíning Seðlabankans, sem þykist geta haft áhrif á verðbólgu með því að skerða lánakjör í landinu. Verði aðstæður hagfelldar á þetta ástand að verða tímabundið (að minnsta kosti fram að næsta krónusnúningi). Verði aðstæður andsnúnar fer allt til andskotans, líkt og lesa má úr umfjöllun Markaðarins í dag um Sjónarmið Viðskiptaráðs.

Í besta falli getur þjóðin því vænst þess að geta, eftir að hafa tekið á sig skerðingu lífskjara, komist í tímabundið jafnvægisástand í skugga óstöðugs gjaldmiðils. Stórkostleg framtíðarsýn það. Ekki alveg peningastefna sem stólandi er á.

Mætti þá heldur biðja um að fullreyndar yrðu aðrar leiðir, svo sem með stuðningi Seðlabanka Evrópu í ERM-II-myntsamstarfi áður en hér yrði tekinn upp alvörugjaldmiðill. Með þeirri leið gæti fólk á endanum losnað við eilífar áhyggjur af stöðu smæstu sjálfstæðu myntar í heimi og hvernig henni reiðir af. Þannig hyrfi líka vaxtaálag það sem hér þarf að vera til þess að tryggja alþjóðleg viðskipti með þessa örmynt, áhættuálagið sem smyrst ofan á öll önnur kjör og skerðir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.

Vitlegast hefði maður talið í þessari stöðu sem þjóðin er í að ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið og leggja fullbúinn samning í dóm þjóðarinnar, með hverjum þeim kostum og göllum sem þeirri leið eru samfara. Kostirnir við það að fá gjaldgenga og stöðuga mynt hljóta að vega upp einhverja galla.

Áframhaldandi samlíf með krónunni ætti alltaf að vera leið B eða C í áætlunum, slíkir eru kostir þess að losna við þann bagga sem þessi gjaldmiðill er og verður áfram á efnahagslífi landsins; örmynt sem sýnt hefur verið fram á að er sjálfstæð uppspretta óstöðugleika og verðbólgu vegna gengissveiflna sinna. Eitthvað verður undan að láta.

## Volkswagen hefur náð yfirráðum yfir Scania í Svíþjóð



**UNDIRVAGNAR VÖRUBÍLA FYRIR UTAN VERKSMIÐJU SCANIA Í SÖDERTÄLJE Í SVÍÞJÓÐ** Þýski bílaframleiðandinn Volkswagen greindi frá því í gær að hann hefði eignast nægilega stóran hlut í vörubílaframleiðandanum Scania til að taka yfir þau hlutabréf sem út af standa. Fyrirtækið getur því haldið áfram áætlunum sínum um hagræðingu í vörubílaframleiðslu sinni og tekið Scania af markaði. Financial Times greindi frá því í gær að Volkswagen hefði farið yfir 90 prósenta markið sem þurfti til að kaupa út þá hluthafa sem eftir stóðu þegar sænski lífeyrissjóðurinn Alecta, með 2,04 prósenta hlut, lét af andstöðu sinni og gekk að tilboði Volkswagen upp á 200 sænskar krónur á hlut. Tilboðið var lagt fram í febrúar á þessu ári. NORDICPHOTOS/AFP

# Pósturinn Páll í íslenskum raunveruleika

SKOÐUN
LÁRUS M. K. ÓLAFSSON
lögfræðingur hjá Samtökum verslunar og þjónustu



Það kannast einhverjir við barnaþættina um póstinn Pál sem brosleitur annaðist störf án skaðlegra inngripa frá opinberum aðilum. Má segja að einfaldleikinn sem þar birtist sé ágætis einföldun á póstmarkaði þar sem á fyrirtækjum hvíla ströng skilyrði neytendum til hagsbóta. Fyrirtækin eru einnig háð því að starfsemi opinberra aðila sé í fullu samræmi við góða og vandaða stjórnsýslu þannig að markaðurinn gangi eins og vel smurð vél – ekki ólíkt því hjá áðurnefndum Páli.

En hvernig er svo stjórnsýsla póstmála? Í stuttu máli er yfirstjórn í höndum innanríkisráðherra en Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur umsjón með framkvæmd málaflokksins. Þá starfar sérstök úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála en heimilt er að kæra ákvarðanir PFS til hennar. Ætla mætti að markaðurinn byggi við ábyrga stjórnsýslu og afskipti stjórnvalda í samræmi við lögbundin hlutverk þeirra. En því miður er þann veruleika eingöngu að finna í áðurnefndum barnaþáttum.

SVÞ hafa gagnrýnt stjórnsýslu póstmála hér á landi. Gagnrýnin hefur meðal annars verið að svo virðist sem PFS hafi í störfum sínum tekið sér hlutverk umfram lögbundin verkefni stofnunarinnar. Hefur stofnunin meðal annars tekið til umfjöllunar eigin tillögur að gjaldskrám fyrirtækja og haft eigin hagsmuni að leiðarljósi frekar en hagsmuni fyrirtækja eða almennings. Á kjarnyrtri íslenskri tungu kallast slíkt brot gegn lögmætisreglu stjórnsýsluréttar. Því var áhugavert að sjá að umboðsmaður Alþingis sendi nýlega á úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála og PFS ábendingar varðandi starfsemi þessara aðila þar sem gagnrýnt er að PFS hafi ekki gætt að vönduðum stjórnsýsluháttum í tilteknu máli.

Gerði umboðsmaður einnig athugasemdir við að úrskurðarnefndin hefði staðfest ákvörðun PFS þrátt fyrir að stofnunin hefði farið út fyrir lögbundið hlutverk sitt og þannig brugðist því hlutverki sínu að hafa aðhald með stofnuninni. Einnig telur umboðsmaður vafa leika á að tilteknir nefndarmenn uppfylli lögbundin hæfisskilyrði sem til þessara aðila eru gerð. Ef satt reynist er komin upp verulega alvarleg staða ef litið er til þeirra úrskurða sem nefndin hefur þegar kveðið upp.

En hver eru þá starfsskilyrði póstfyrirtækja? Í fyrsta lagi er yfirstjórn málaflokksins í höndum ráðuneytis sem hefur ekki brugðist að fullu við meintum meinbugum. Í öðru lagi er eftirlit í höndum stofnunar sem umboðsmaður Alþingis telur hafa farið út fyrir lögbundið hlutverk sitt. Í þriðja lagi er starfsemi úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála í uppnámi, enda vafamál hvort einstakir nefndarmenn uppfylla tiltekin hæfisskilyrði. Í þessu umhverfi er fyrirtækjum í samkeppni ætlað að starfa.



Að gefnu tilefni skal hér áréttað eitt af markmiðum ríkisstjórnarinnar, sem er að beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni þess að leiðarljósi. SVÞ ítreka mikilvægi þess að markmiði þessu verði fylgt eftir.

SVÞ telja mikilvægt að stjórnvöld tryggi að starfsumhverfi póstfyrirtækja sé í samræmi við hagsmuni fyrirtækja og almennings og að eftirlitsaðilar starfi ávallt í samræmi við vandaða stjórnsýslu. Stjórnvöld verða því að bretta upp ermarnar og taka rösklega til hendinni í þessum málum og vinna á þeim meinbugum sem uppi eru. Ekki eingöngu til að tryggja starfsskilyrði póstfyrirtækja heldur einnig til að lágmarka það tjón sem þegar hefur orðið á starfsemi þessara aðila.




# TIL HAMINGJU!

**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru afhent við hátíðlega athöfn í gær. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin. Þetta er í 9. sinn sem Fréttablaðið veitir Samfélagsverðlaunin en þau eru veitt í fjórum flokkum auk heiðursverðlauna.**

## Samfélagsverðlaunin

**Klúbburinn Geysir hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins** og verðlaunafé að upphæð **1,2 milljónir** króna.
Aðrir sem voru útnefndir til Samfélagsverðlaunanna: Hjálparsími Rauða krossins og Kiwanishreyfingin.

### Hvunndagshetjan

**Sigurður Hallvarðsson**

Aðrir sem voru tilnefndir í þessum flokki:
Guðjón Hólm Gunnarsson, Sigurður Már Sigmarsson og Hafdís Ýr Birkisdóttir

### Frá kynslóð til kynslóðar

**Móðurmál - samtök um tvítyngi**

Aðrir tilnefndir í þessum flokki:
Gunnar Vignir Guðmundsson og Ómar Ragnarsson

### Til atlögu gegn fordómum

**Pollapönk**

Aðrir tilnefndir í þessum flokki:
Alma Rut Lindudóttir og Félagasamtökin Erindi og feðginin Selma Björk Hermannsdóttir og Hermann Jónsson

### Heiðursverðlaun

**Jón Stefánsson**

**Sjónvarpsmiðstöðin gaf sigurvegara í hverjum flokki 39" háskerpusjónvarp frá United.**

Sjónvarpsmiðstöðin

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

MARKAÐURINN
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**

**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 113,49 | DKK 20,845 | NOK 19,136 | CHF 127,49 |
| GBP 191,04 | EUR 155,6 | SEK 17,292 | JPY 1,1097 |

**FTSE 100**
6.873,08 +21,33 (0,31%)

**Viðskiptavefur Vísis**
**@VisirVidskipti**

## 957 MILLJÓNIR

**4,3 milljarðar fyrir lóðir**

Landsbankinn keypti byggingarrétt við Austurhöfn fyrir nýjar höfuðstöðvar sínar á 957 milljónir króna nú í maí. Söluaðilinn er félagið Situs ehf. sem er í eigu ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar. Situs hefur selt fjórar lóðir síðan í mars 2013 á samtals 4,3 milljarða króna.

## FRJÁLSI Á LISTA

**Lífeyrissjóður ársins**

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur verið valinn lífeyrissjóður ársins á Íslandi af fagtímaritinu Acquisition International. Þetta kemur fram í sérstakri útgáfu tímaritsins um verðlaunin sem eru veitt á hverju ári þeim sem þykja hafa skarað fram úr á sínu sviði síðastliðna 12 mánuði. Frjálsi lífeyrissjóðurinn er rúmlega 136 milljarðar króna að stærð.

**13.05.2014** Ofan á allt saman er til umfjöllunar stóra kosningaloforðið – heimsmetið sem eftir á að afgreiða og er í miklum ágreiningi innan stjórnarflokkanna eins og sést meðal annars á því að stjórnarmeirihlutinn skilar einungis minnihlutaálitum úr efnahags- og viðskiptanefnd.



***Bjarkey Gunnarsdóttir***
*þingmaður Vinstri grænna á Alþingi í gær.*

## 110%

**Ríflegar hækkanir**

Félag íslenskra atvinnuflugmanna gagnrýnir harðlega launastefnu Icelandair í nýjasta fréttariti sínu. Þar kemur meðal annars fram að laun stjórnarformanns Icelandair Group hafi hækkað um 110% frá árinu 2010. Þá hafi laun forstjóra Icelandair hækkað um 60,5% og laun forstjóra Icelandair Group hækkað um 13% á sama tíma en sá hafði 44,2 milljónir í árslaun í fyrra. Þeir segja starfsmenn ekki fá að njóta velgengninnar með fyrirtækinu þrátt fyrir góða afkomu og ríflegar hækkanir stjórnenda og eigenda.

*Hin hliðin*



**MARTHA ÁRNADÓTTIR,** FRAMKVÆMDASTJÓRI DOKKUNNAR

## Þroski mannauðsstjórnunar á Íslandi

Eitt best geymda leyndarmál mannauðsstjórnunar á Íslandi er Cranet-rannsóknin sem Háskólinn í Reykjavík hefur framkvæmt á þriggja ára fresti frá árinu 2003. Markmið rannsóknarinnar er að skoða mannauðsstjórnun í íslenskum fyrirtækjum og stofnunum.

**Þjálfun starfsmanna – áhrifaþættir**

Fjölmarga áhugaverða punkta er að finna í niðurstöðum rannsóknarinnar. Sem dæmi má nefna að þegar stjórnendur eru spurðir hvaða þættir eru helst ráðandi varðandi ákvarðanatöku um þjálfun og fræðslu starfsmanna, nefnir um helmingur svarenda að ný viðfangsefni í fyrirtækinu ráði mestu. Aðeins lægra hlutfall nefnir frammistöðu starfsmanna en þá getur fræðslan bæði verið umbun eða til að auka færni sem ekki er talin næg. Þessi svör koma í sjálfu sér ekki á óvart.
Það sem kemur aftur á móti á óvart er að um helmingur svarenda segir óskir starfsmanna vera ráðandi þátt í ákvarðanatökunni. Vissulega geta óskir starfsmanna og fyrirtækisins farið saman þegar kemur að þjálfun og er það vel en samt sem áður væri áhugavert að skoða þennan þátt betur. Og það sem kemur mest á óvart í svörum þátttakenda er að einungis um 25 prósent þeirra nefna að stefnumörkun og framtíðarsýn fyrirtækisins sé mikilvægur áhrifaþáttur þegar kemur að ákvarðanatöku um fræðslu og þjálfun. Þetta væri virkilega áhugavert að skoða betur, það er af hverju fyrirtæki taka ekki meira mið af stefnu og framtíðarsýn þegar kemur að ákvarðanatöku – af hverju tekur fræðsla og þjálfun starfsmanna ekki meira mið af stefnu fyrirtækisins en raun ber vitni?

Síðan svara um 15 prósent því til að framboð námskeiða sé áhrifaþáttur og er það vel skiljanlegt, námskeið eru auglýst, fá athygli, verða umtöluð og fleira.

**Kostnaður 2 prósent af launaveltu**

Hér leynast gríðarleg tækifæri til betri nýtingar fjármuna, aukinnar framleiðni og uppbyggingar fyrirtækisins til framtíðar. Oft er talið að kostnaður við fræðslu og þjálfun sé um 2 prósent af brúttólaunaveltu fyrirtækja á Íslandi, sem eru gríðarlega miklir fjármunir.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Loksins færðu stuðning í vinnunni

Knoll
CHADWICK STÓLLINN SAMEINAR FALLEG FORM OG HÁMARKSÞÆGINDI.
Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal



Tilboðsverð:
138.800kr*
Fullt verð: 198.500kr

HÖNNUÐUR: DON CHADWICK



# SPENNANDI SUMARSTÖRF FYRIR NÁMSMENN

**Velferðarráðuneytið og Vinnumálastofnun auglýsa 225 störf sem eru opin öllum námsmönnum sem eru á milli anna eða skólastiga. Störfin eru hluti af tímabundnu átaksverkefni á vegum ráðuneyta og undirstofnanna þeirra.**

## Dæmi um störf:

| | |
|---|---|
| **Landspítalinn**<br>Samgöngumál - Grænt bókhald | **Hafrannsóknarstofnun**<br>Greining á fæðu botnfiska |
| **Listasafn Íslands**<br>Orðasafn um myndlist | **Háskólinn á Akureyri**<br>Aðstoðarmaður í rannsókn á byrjendalæsi |
| **Náttúrufræðistofnun Ísland**<br>Aðstoð við skordýragreiningar | **Keilir**<br>Umsjón með Tæknibúðum Keilis |
| **Landsbókasafn Íslands**<br>Flokkun á smáprenti og upprööun á safnaefni | **Skógrækt ríkisins**<br>Flokkstjóri í skógi |
| **Háskóli Íslands - Menntavísindasvið**<br>Málsýni 6-9 ára barna | **Nýsköpunarmiðstöð**<br>Verkefni á sviði skynjara- og orkutækni |
| **Háskólinn á Hólum**<br>Starfsmaður á hestabúi | **Embætti landlæknis**<br>Rafræn vinnsla heilbrigðisupplýsinga |

**Opnað verður fyrir umsóknir á vef Vinnumálastofnunar www.vmst.is miðvikudaginn 14. maí.**

**Umsóknarfrestur er til 28. maí. Nánari upplýsingar um störfin, hæfniskröfur, tengiliði og fleira er að finna á vef Vinnumálastofnunar, www.vmst.is**

**Á heimasíðu Vinnumálastofnunar er einnig hægt að finna yfirlit yfir þau sveitarfélög sem bjóða um 165 sumarstörf fyrir námsmenn og atvinnuleitendur á grunni þessa verkefnis.**

VINNUMÁLA STOFNUN

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

KRÍA hönnunarstofa // kria.is // 130514

Fyrirmyndarþjónusta | Virðing | Áreiðanleiki

**Vinnumálastofnun** Kringlunni 1, 103 Reykjavík Sími 515 4800 **www.vmst.is**

## fasteignir

**203 Kópavogur**

# Ásakór 15



**OPIÐ HÚS**

**Miðvikud. 14. maí 17:30 - 18:00**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

Glæsileg íbúð samtals 157,3 fm
Tvennar svalir, suður og vestur.
Stæði í bílakjallara
Glæsilegt opið eldhús
Leikskóli og grunnskóli í göngufæri.



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **42,5 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

# Úlfarsbraut Drekavellir





**113 Reykjavík**

Heil húseign við Úlfarsbraut.
Að innan er eignin fokheld
Að utan er búið að einangra og klæða með álplötum.
Eignin telur 7 íbúðir, sex stæði í bílageymslu og sameign.

**221 Hafnarfjörður**

Raðhúsalengja með fjórum 231 fm raðhúsum við Drekavelli í Hafnafirði
Húsin eru fokheld að innan og steinuð að utan.
Grófjöfnuð lóð.



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali



Nánari upplýsingar veitir
**Gunnar S. Jónsson,** Sölufulltrúi
gunnar@miklaborg.is **sími:** 899 5856

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

## tilkynningar

# Aðalfundur

## Kópavogsdeildar Búmanna

Fundurinn verður haldinn á skrifstofu félagsins að Kletthálsi 1, 2 hæð. **Fundurinn verður miðvikudaginn 21. maí 2014 og hefst kl. 17.00.**
Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins. Félagsmenn og aðrir áhugasamir Kópavogsbúar eru velkomnir á fundinn.

***Stjórnin.***

# Aðalfundur

## Reykjavíkurdeildar Búmanna

Fundurinn verður haldinn á skrifstofu félagsins að Kletthálsi 1, 2 hæð.
**Fundurinn verður fimmtudaginn 22. maí 2014 og hefst kl. 17.00.**
Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins. Félagsmenn og aðrir áhugasamir Reykvíkingar eru velkomnir á fundinn.

***Stjórnin.***

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Aflagrandi 40

**3ja herbergja íbúð með yfirbyggðum svölum**

**EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Falleg 80,1 fm. íbúð í þessu eftirsótta fjölbýlishúsi í Vesturbæ Reykjavíkur. Yfirbyggðar suðursvalir með glæsilegu útsýni. Rúmgóð stofa með útgangi á svalir til suðurs. Eldhús með fallegri ljósri innréttingu. Baðherbergi með þvottaaðstöðu, flísalagt í gólf og veggi. Eikarparket á gólfum. Geymsla innan íbúðar auk sér geymslu í kjallara. Tvær lyftur. Húsvörður. **Verð 28,4 millj. Íbúð merkt 0501. Verið velkomin.**

# Sólvallagata 63 - 101 Reykjavík



Einstaklega glæsilegt 233,4 m2 einbýlishús á þremur hæðum með bílskúr við Sólvallagötu 63 í Reykjavík. Forstofa, hol, tvær stofur, borðstofa og eldhús á aðalhæð. Hol, stórt hjónaherbergi, tvö barnaherbergi og baðherbergi á efstu hæð. Sérinngangur, hol, tvö herbergi, stórt þvottahús, salerni og geymsla á neðstu hæð. Húsið hefur fengið gott viðhald og verið mikið endurbætt á vandaðan hátt á undanförnum árum.
**Verð kr. 90.000.000.**

**Allar nánari upplýsingar gefa**
**Einar Páll Kjærnested, s. 899-5159 og Kjartan Hallgeirsson, s. 824-9093.**

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**
Sími: **586 8080**
Fax: 586 8081
**www.fastmos.is**
Einar Páll Kjærnested, löggiltur fasteignasali

**EIGNAMIÐLUN**
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

**Akraneskaupstaður**

## Laus störf hjá Akraneskaupstað

**Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar hjá Akraneskaupstað:**

- Störf kennara í Grundaskóla
- Deildarstjórastarf á Leikskólanum Akraseli
- Starf aðstoðarmatráðs á Leikskólanum Teigaseli
- Starf deildarstjóra á Leikskólanum Teigaseli
- Störf leiðbeinenda á Leikskólanum Teigaseli

**Nánari upplýsingar um fyrrgreind störf er að finna á vef Akraneskaupstaðar, www.akranes.is.**

Hægt er að skila umsóknum rafrænt eða í þjónustuver á 1. hæð, Stillholti 16-18.

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um nýtt og breytt deiliskipulag í Reykjavík

## Efstaleiti 3-9

Tillaga að að nýju deiliskipulagi við Efstaleiti 3-9. Helstu forsendur eru m.a. að uppfæra og skerpa skilmála sem varða byggingarreiti, nýtingarhlutfall og bílastæðakröfur á þeim fjórum lóðum sem deiliskipulagið nær yfir. Einnig að gefa möguleika á auknu byggingarmagni og þéttari götumynd að Listabraut og bílastæðum fækkað með áherslu á vistvænni samgöngumáta.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Borgartún 28

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kirkjutúns vegna lóðarinnar nr. 28 við Borgartún. Í breytingunni felst að fyrirhuguð bygging á lóð er breytt úr þjónustubyggingu í íbúða- og þjónustubyggingu, hæðum er fjölgað um eina en þó mun heildarhæð fyrirhugaðrar byggingar ekki aukast frá því sem áður var skipulagt. Fyrirkomulagi bílastæða er breytt, þeim er raðað upp með nýjum hætti.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Kjalarnes, Saltvík

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni felst m.a. stækkun á byggingarreit og breyting á nýtingarhlutfalli sem yrði allt að 0,30. Hæð bygginga verða ekki heimilaðar hærri en nú er.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Sólvallagata 67

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarskóla vegna lóðarinnar nr. 67 við Sólvallagötu. Í breytingunni felst m.a. að gerður er byggingarreitur fyrir fjórar færanlegar kennslustofur, byggingareitur viðbyggingar á þriðju hæð er rýmkaður sem nemur stigahúsi og hækkaður um 40cm.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Frostaskjól 2

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi íþróttasvæðis KR, Frostaskjóls 2-6 vegna lóðarinnar nr. 2 við Frostaskjól. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til að hægt verði að bæta við tveimur færanlegum stofum á bílastæði íþróttahúss KR á norðvesturhluta lóðar
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 14. maí 2014 til og með 25. júní 2014. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 25. júní 2014. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 14. maí 2014
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071


Fegurðin kemur að innan
BLUE LAGOON
ICELAND



KL. 20:50
**Grey's Anatomy**
Tíunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg.

# Frábært miðvikudagskvöld

KL. 20:05
**How I Met Your Mother**
Gamanþáttur um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.



KL. 20:30
**Heimsókn**
Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.



KL. 22:20
**Falcón**
Spennuþættir um Falcón sem er afar hæfileikaríkur rannsóknarlögreglumaður sem fær til rannsóknar ýmis flókin mál.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00
**Life Of Pi**
Einstök mynd um ungan mann sem kemst lífs af eftir að skipið sem hann er á sekkur.



3 | KL. 19:45
**Baby Daddy**
Önnur gamanþáttaröðin um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraþrepi hans.



Krakka stöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 4 | | | | 8 |
| 6 | 2 | | | | | 1 | 4 | |
| 9 | | | | | 7 | | 6 | |
| 3 | 1 | 2 | 9 | | | | | 6 |
| 4 | | | | | 3 | 9 | | 1 |
| | 6 | | | | | | | |
| | | 6 | | 2 | | 4 | | |
| | 8 | | 3 | | 9 | 5 | | |
| 1 | 9 | | | 7 | | | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 1 | 4 | | | 8 | | |
| | | | 3 | | 5 | 4 | | |
| | | | 6 | | | | 1 | |
| | 2 | | 7 | | | | 8 | |
| | 4 | 6 | 5 | 2 | | 7 | 3 | |
| | 1 | | | | 3 | 2 | | 5 |
| | | 2 | | | | | | |
| 4 | | | | | | | | 8 |
| | | 7 | 1 | 9 | | | 6 | 2 |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | 4 | | 3 |
| | | | | | 4 | | 1 | |
| | 2 | | | | | | | 9 |
| 9 | 1 | | | | | 6 | 8 | |
| | | 6 | | 4 | | | | 5 |
| 5 | | | | 1 | 8 | | | |
| | 6 | 1 | 5 | 9 | | | | |
| 3 | 7 | 8 | 4 | | 6 | | | |
| | | 5 | | | | | 3 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | 1 | 7 | 2 | 6 | 8 | 5 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 8 | 6 | 3 | 7 | 9 |
| 8 | 6 | 7 | 9 | 3 | 5 | 1 | 2 | 4 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 5 | 3 | 9 | 6 | 7 |
| 9 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 8 | 5 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 3 |
| 2 | 8 | 4 | 5 | 1 | 9 | 7 | 3 | 6 |
| 6 | 9 | 3 | 7 | 2 | 4 | 5 | 1 | 8 |
| 7 | 5 | 1 | 3 | 6 | 8 | 4 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 | 9 | 1 |
| 8 | 5 | 1 | 3 | 9 | 2 | 4 | 6 | 7 |
| 6 | 9 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 3 | 8 |
| 2 | 8 | 3 | 6 | 1 | 9 | 7 | 4 | 5 |
| 4 | 6 | 9 | 7 | 8 | 5 | 3 | 1 | 2 |
| 7 | 1 | 5 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 |
| 5 | 3 | 8 | 9 | 2 | 6 | 1 | 7 | 4 |
| 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 | 2 | 3 |
| 1 | 7 | 2 | 8 | 4 | 3 | 9 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | 3 | 8 | 9 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 3 | 7 | 2 | 5 |
| 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 | 3 |
| 7 | 5 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 1 | 2 |
| 9 | 4 | 2 | 7 | 5 | 1 | 6 | 3 | 8 |
| 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 8 | 5 | 7 | 9 |
| 8 | 7 | 5 | 6 | 3 | 2 | 9 | 4 | 1 |
| 2 | 6 | 1 | 9 | 8 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 9 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 8 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

**„Þú tapar aldrei á því að elska. Þú tapar bara á því að halda aftur af þér.“**

*Barbara de Angelis*



**KROSSGÁTA**

**LÁRÉTT**
**2.** brennt vín, **6.** hvort, **8.** neitun, **9.** kyrra, **11.** í röð, **12.** framrás, **14.** fótmál, **16.** hróp, **17.** temja, **18.** seyði, **20.** tveir eins, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** land í S-Ameríku, **3.** öfug röð, **4.** mesan, **5.** skjön, **7.** skref, **10.** ról, **13.** geislahjúpur, **15.** bylta, **16.** rjúka, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** romm, **6.** ef, **8.** nei, **9.** róa, **11.** rs, **12.** útrás, **14.** skref, **16.** óp, **17.** aga, **18.** soð, **20.** ll, **21.** arða.
**LÓÐRÉTT: 1.** perú, **3.** on, **4.** mersegl, **5.** mis, **7.** fótspor, **10.** ark, **13.** ára, **15.** fall, **16.** ósa, **19.** öð.

**SKÁK**
**Gunnar Björnsson**

**Stefán Bergsson (2.099) hafði svart gegn Sveinbirni Sigurðssyni (1.788) á Skákþingi Norðlendinga fyrir skemmstu.**
**Svartur á leik**



9...Bxd5! (svartur fær gríðarlegt mótspil fyrir manninn) **10.** cxd5 Rxd5 **11.** Rf3 Rxe3 **12.** fxe3 Dxe3+ **13.** Be2 Hhe8 **14.** Dc2 Bc5 **15.** Hf1 Rb4 **16.** Df5+ Kb8 **17.** Hd1 Hxd1+ **18.** Kxd1 Hd8+ og hvítur gafst upp.
**www.skak.is** Vormót Víkingaklúbbsins fer fram í dag.

# Frábær stökkpallur fyrir íslenskar myndir

Skjaldborgarhátíðin, hátíð íslenskra heimildarmynda, fer fram á Patreksfirði um hvítasunnuhelgina.

„Það eru þegar komnir mjög margir spennandi titlar inn í prógrammið og er dagskráin til marks um þá grósku sem er í gangi í íslenskri heimildarmyndagerð,“ segir leikstjórinn Hafsteinn Gunnar Sigurðsson um Skjaldborgarhátíðina, sem fer fram á Patreksfirði helgina 6.-9. júní. Hátíðin hefur fest sig í sessi sem helsti vettvangur fyrir frumsýningar á íslenskum heimildarmyndum.

„Skjaldborg er góður stökkpallur fyrir íslenskar myndir. Margar þeirra hafa í gegnum tíðina náð í almenna dreifingu og jafnvel verið sýndar erlendis,“ segir Hafsteinn.

Hann bætir við að lokað verði fyrir umsóknir í næstu viku og því sé enn möguleiki fyrir íslenska leikstjóra að koma myndum sínum að á hátíðinni. Heiðursgestur Skjaldborgarhátíðarinnar í ár er rússneski heimildarmyndagerðarmaðurinn Victor Kossakovsky en hann hefur á undanförnum árum skapað sér stórt nafn í alþjólegri heimildarmyndagerð. Nokkrar myndir Kossakovsky verðar sýndar á hátíðinni, þar á meðal verðlaunamyndin Vivan Las Antipodas! en myndin hlaut Umhverfisverðlaun RIFF árið 2012 og var tilnefnd sem besta heimildarmyndin á Evrópsku kvikmyndaverðlaununum sama ár. -ka

**„Það eru þegar komnir mjög margir spennandi titlar inn í prógrammið.**

*Hafsteinn Gunnar Sigurðsson, leikstjóri*



**HÁTÍÐIN FESTIR SIG Í SESSI** Leikstjórinn Hafsteinn Gunnar Sigurðsson er einn þeirra sem standa að Skjaldborgarhátíðinni á Patreksfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





**ÁNÆGÐ** Ellen Page er ánægð með stuðninginn sem hún fékk þegar hún kom út úr skápnum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Góður stuðningur

Leikkonan Ellen Page segist ekki hafa fengið neitt annað en stuðning eftir að hún kom út úr skápnum í febrúar. Leikkonan, sem þessa dagana er að kynna myndina The X-Men: Days of Future Past sem er frumsýnd í lok maí, bjóst við að fá einhver leiðinleg viðbrögð þegar hún opinberaði kynhneigð sína. „Ég hef fengið mjög góðan stuðning, það er eiginlega ótrúlegt. Ég hélt að ég fengi að heyra meira af skotum á mig í kjölfarið,“ segir leikkonan í samtali við Access Hollywood.



**GIFT KONA** Kelly Rowland hélt lítið brúðkaup á ströndinni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Brúðkaup á Kostaríka

Söngkonan Kelly Rowland hefur gengið í það heilaga með umboðsmanninum Tim Witherspoon. Brúðkaupið fór fram á Kostaríka á föstudaginn að viðstöddum 30 vinum og vandamönnum parsins. Þar á meðal voru söngdívan Beyoncé Knowles og systir hennar Solange.

Rowland gerði garðinn frægan í stúlknasveitinni Destiny´s Child en hefur ekki verið mikið á söngsviðinu síðustu árin.



**MÆÐRADAGURINN** Gwyneth Paltrow eyddi mæðradeginum með fyrrverandi eiginmanni sínum, Chris Martin. NORDICPHOTOS/GETTY

## Eyða tíma saman

Fyrrverandi hjónin Gwyneth Paltrow og Chris Martin eyddu mæðradeginum saman. Parið tilkynnti á dögunum að það væri að skilja eftir tíu ára hjónaband en þau eiga saman tvö börn, þau Apple níu ára og Moses átta ára. Fjölskyldan eyddi deginum saman á ströndinni við Malibu og litu út fyrir að vera hamingjusöm að sögn sjónarvotta.


# Atvinnugreinar framtíðarinnar

## Menningarstjórnun – MA

Meistaranám í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst er vandað nám sem býr nemendur undir viðamikil og oft vandasöm störf á sviði menningar og menntunar. Námið gerir nemendum kleift að þróa gagnrýna sýn á menningu og menningarpólitík um leið og þeir öðlast þjálfun í rekstri, stjórnun og skipulagningu. Háskólinn á Bifröst er eini háskólinn hér á landi sem býður upp á þessa samsetningu náms sem hefur sérstaklega verið löguð að íslenskum veruleika.

**Velkomin í Háskólann á Bifröst**
*– hvar sem þú ert!*

**Umsóknarfrestur rennur út 15. maí**
www.nam.bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

# MENNING

## Lífshringur fiðrildis og andvökunótt

**Tónleikhúsverkið Wide Slumber verður frumsýnt í Tjarnarbíói 24. maí. Verkið er samstarfsverkefni leikhópsins VAVaVoom og Bedroom Community og er þetta í fyrsta sinn sem hóparnir vinna saman. Sara Martí er leikstjóri verksins.**

„Hjónin Valgeir Sigurðsson og Sigríður Sunna Reynisdóttir, annar helmingurinn af VaVaVoom, fundu ljóðabók a.rawlings, Wide Slumber For Lepidopterists, fyrir nokkrum árum og urðu yfir sig hrifin,“ segir leikstjórinn Sara Martí, hinn helmingur VaVaVoom, beðin að greina frá tildrögum verksins Wide Slumber. „Þau fengu styrk til að gera tónleikhúsverk upp úr bókinni og við erum búin að vera að vinna að þessu í tvö ár meðfram öðru. Valgeir samdi tónlistina við textann úr bókinni og við Sigga Sunna sáum um sjónræna hlutann.“

Sara segir verkið ekki vera leikrit heldur tónleika þar sem þrír karakterar fara í gegnum ákveðið ferðalag. „Sigga Sunna situr svo á sviðinu og vefur söguna í fjögurra fermetra vefstól sem tekur á sig alls kyns myndir.“ Þrír söngvarar, þau Alexi Murdoch, Sasha Siem og Ásgerður Júníusdóttir, holdgera sögusvið og persónur innan Wide Slumber og birtast okkur sem svefnvísindamaður, fiðrildafræðingur og svefngengill. Með þeim á sviðinu er hljómsveit skipuð James McVinnie, Liam Byrne og Ólafi Birni Ólafssyni.

Listræna teymið vinnur með hópi vísindamanna á sviði svefnrannsókna við Rihel Lab í University College London og öðrum hópi sem stundar fiðrildarannsóknir við Harvard Museum of Comparative Zoology að gerð verksins.

> **Sigga Sunna situr svo á sviðinu og vefur söguna í fjögurra fermetra vefstól sem tekur á sig alls kyns myndir.**



**LEIKSTJÓRINN** „Þetta er fyrst og fremst upplifun á þessum tveimur heimum,“ segir Sara Martí. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hvernig kom það til? „Það sem hreif okkur mest við ljóðabókina var að hún fléttar saman lífshring fiðrildis og andvökunótt dreymingjans okkar,“ útskýrir Sara. „Og mjög fljótlega í ferlinu settum við okkur í samband við vísindamenn, annars vegar fiðrildafræðinga og hins vegar mann sem sérhæfir sig í svefnrannsóknum. Annar hópurinn hefur sent okkur myndir af þeim bylgjum sem skapast í heilanum við drauma og hinn hópurinn helling af hljóðum úr heimi fiðrildanna og við nýtum hvort tveggja í sýningunni. Auk þess höfum við fengið frá þeim ógurlegt magn af alls konar rannsóknarniðurstöðum.“

Sara segir áhorfendur væntanlega ekki munu ganga út af sýningunni með einhverja fullvissu um það um hvað hún fjallaði. „Þetta er fyrst og fremst upplifun á þessum tveimur heimum og hvert lag er í rauninni ákveðið ferðalag.“

Sýningin er hluti af Listahátíð í Reykjavík og aðeins verða þrjár sýningar hérlendis, þann 24., 25. og 26. maí, allar í Tjarnarbíói.

**fridrikab@frettabladid.is**

## Ósvikinn breskur húmoristi

**Breska listakonan Zoë Martlew flytur einnar konu kabarett, Revue Z, í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi í kvöld. Viðburðurinn er á vegum Jaðarbers.**

„Zoë Martlew, tónskáld og sellóleikari, er ósvikinn breskur húmoristi sem notar kaldhæðni í list sinni og varpar fram spurningum um kynjafræðileg álitamál,“ segir Þórunn Gréta Sigurðardóttir tónskáld. Þórunn er ein þeirra sem sjá um tónleikaröðina Jaðarber í Listasafni Reykjavíkur, sem stendur að komu Martlew hingað til lands, meðal annars til að flytja kabarettinn Revue Z klukkan 20 í kvöld.

Zoë Martlew hefur flutt Revue Z við góðan orðstír um allt Bretland og á tónlistarhátíðum víða um heim. Þar tvinnar hún saman eigin tónsmíðar og vel þekkta slagara sem hún velur út frá hverjum tónleikastað fyrir sig.

Dagana 16. til 18. maí mun Martlew, ásamt Þórunni Grétu og Kristínu Þóru Haraldsdóttur víóluleikara, halda opna vinnustofu um listgjörninga á mörkum leiklistar og tónlistar. Nánari upplýsingar um vinnustofuna eru á jadarber.is.

**-gun**



**LISTAKONAN** Zoë tvinnar saman eigin tónsmíðar og vel þekkta slagara. MYND/ÚR EINKASAFNI






**Í HLUTVERKUM** Þetta er í fyrsta sinn sem ópera Salieris er flutt hérlendis.

## Sýna Salieri í Salnum

Söngdeild Tónlistarskóla Kópavogs frumflutti í gærkvöldi óperuna Prima la musica poi le parole eða Tónarnir ríkja og textinn skal víkja eftir Antonio Salieri í Salnum í Kópavogi. Önnur og síðasta sýning er í kvöld klukkan 20.

Þetta er í fyrsta sinn sem óperan er flutt á Íslandi.

Hljómsveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson og leikstjórn og lausleg íslensk þýðing er verk Önnu Júlíönu Sveinsdóttur, söngkennara skólans.

**Keilir**
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs




ÞÚ ÁTT VALIÐ!

Í Keili býðst þér að gerast tæknifræðingur, flugmaður, ævintýraleiðsögumaður eða einkaþjálfari, svo örfá dæmi séu tekin, auk Háskólabrúar sem býður aðfaranám til háskólanáms. Keilir býður vandað og fjölbreytt nám en áhersla er lögð á nútímalega kennsluhætti og persónulega þjónustu.

Tæknifræði Keilis heyrir undir verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands. Háskólabrú Keilis er tekin gild í öllum háskólum á Íslandi.

**Umsóknarfrestur í flugvirkjun er til 15. maí.**
**Umsóknarfrestur í tæknifræði er til 5. júní.**
**Umsóknarfrestur í Háskólabrú, Flugakademíuna og Íþróttaakademíuna er til 10. júní.**

KEILIR // ÁSBRÚ // 578 4000 // keilir.net




ENNEMM / SIA / NM62762

Minnsti skemmtistaður í heimi

# Nýr Hyundai i10 4G Wi-Fi

## Verðlaunabíll frá 1.990.000 kr.

Nýr Hyundai i10 hefur unnið til 10 verðlauna á síðastliðnum fjórum mánuðum og er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Með fullkominni 4G Wi-Fi tengingu geta farþegar auðveldlega breytt i10 í minnsta skemmtistað í heimi og sent beint frá skemmtilegum bíltúr með góðum vinum. Gerðu eitthvað skemmtilegt!

Hyundai i10 - eldsneytisnotkun: **4,7 l/100 km** í blönduðum akstri*

Nýi bíllinn er Hyundai

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda



**Kaupauki!**

Nýr iPad Mini fylgir öllum nýjum Hyundai i10 4G Wi-Fi

Síminn

Hyundai i10 er tengdur dreifikerfi Símans um land allt

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. |
|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi |
| www.bilahusid.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 |

Hyundai – Kauptúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

# OPEN BY NIGHT






Safari fellistóll

*Svartur fellistóll úr harðvið. 7.900,- NÚ 6.320,-*



Outdoor útikerti

*Útikerti 'branch' Ø15x15 blátt eða svart. 3.995,-/stk. NÚ 3.196,-/stk.*



Summer eldstæði

*Eldstæði. Ø 75 cm 16.900,- NÚ 13.520,-*



Summer fellistóll

*Fellistóll með 7 stillingum. 14.900,- NÚ 11.920,-*

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

* afsláttur gildir af öllum vörum nema áður lækkuðum vörum eða merktum "Everyday Low Price"




Ball m bøjle loftljós

*Loftljós, svartmatt. Ø 18 cm 19.995,- NÚ 15.996,- Ljósið getur notað perur í orkuflokk: A++-E.*



Click ruggustóll

*Ruggustóll með stillanlegum plastrimlum og bambus armhvílum. Ýmsir litir. L 99,5 x H 91,5 x B 64 cm 49.900,- NÚ 39.920,-*



Nelly sófi

*3ja sæta sófi með fallegu áklæði úr 100% endurunnum bómull. L 204 cm 169.900,- NÚ 135.920,-*

# Frí heimsending um allt land

## ef verslað er fyrir 45.000 eða meira og greitt í dag







Happiness rúmföt

*Rúmföt með texta. 140 x 200 cm 6.995,- NÚ 5.596,-*



Smoke reyklituð glös

*Hvítvínsglas 40 cl. 1.995,- NÚ 1.596,- Rauðvínsglas 60 cl. 2.295,- NÚ 1.836,- Vatnsglas 30 cl. 1.795,-NÚ 1.436,-*




Fig og Bamboo gerviplanta

*Fíkjutré. Pottur fylgir ekki. 170 cm 34.995,- Nú 19.995,- Bamus. 180 cm 24.995,- NÚ 14.995,-*

# Grillaðar pylsur, gos og ís milli kl. 16-20




Kasia bastkarfa

*Natur og hvít eða svört karfa. Ø46 cm 5.995,- NÚ 4.796,- Ø38 cm 3.995,- NÚ 3.196,-*




Picardie DURALEX glas

*16cl. 245,- NÚ 196,- 25cl. 295,- NÚ 236,- 31cl. 395,- NÚ 316,- 36cl. 445,- NÚ 356,- 50 cl. 595,- NÚ 476,-*



Nýr 16 síðna bæklingur

www.ILVA.is

# Happdrætti

## 10 x 10.000 kr gjafabréf

dregið verður úr þeim sem skrá sig í Colourful Club í verslun í dag (dregið 15. maí)

LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| BAD NEIGHBOURS | 5:50, 8, 10:10 | 12 |
| VONARSTRÆTI | 8 FORSÝNING | 14 |
| LÁSI LÖGGUBÍLL | 6 | L |
| THE OTHER WOMEN | 8, 10:20 | 12 |
| SPIDERMAN 2 3D | 10:35 | 12 |
| RIO 2 2D | 5:50 | L |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is



| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| BAD NEIGHBOURS VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | |
| TRANSCENDENCE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| NOAH | KL. 10:10 | 12 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR. | | |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| OLDBOY | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| TRANSCENDENCE | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR. | | |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:40 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| OLDBOY | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| TRANSCENDENCE | KL. 8 - 10:35 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:10 - 7:40 - 10:10 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 4:50 - 10:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| LA CENERENTOLA ÓPERA | KL. 18:00 | L |
| OLDBOY | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| TRANSCENDENCE | KL. 8 - 10 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 10:30 | 12 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR. | | |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:40 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| OLDBOY | KL. 10:20 | 16 |
| BAD NEIGHBOURS | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| TRANSCENDENCE | KL. 8 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



| SMÁRABÍÓ | A 5% | |
|---|---|---|
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| BAD NEIGHBOURS LÚXUS | KL. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| LÁSI LÖGGUBÍLL | KL. 3.30 | L |
| THE OTHER WOMAN | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 5 - 8 - 10 | 12 |
| RIO 2 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 | L |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 3.30 - 6 - 8 | 7 |

| HÁSKÓLABÍÓ | A 5% | |
|---|---|---|
| BAD NEIGHBOURS | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| LÁSI LÖGGUBÍLL | KL. 5.40 | L |
| THE OTHER WOMAN | KL. 10 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 6 - 8 | 7 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 | 7 |

Miðasala á: eMiði

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

# Öfgakennd yfirhalning

**BAKÞANKAR**
Halla Þórlaug Óskarsdóttir



Nú kveð ég skóla í bili eftir tæp 20 ár á bekknum. Síðastliðnar vikur hef ég verið á þönum að binda lausa enda. Hápunkturinn var líklega þegar ég fékk mastersverkefnið í hendurnar á prentstofunni klukkan sex á skiladegi. Þá hafði ég um það bil fjórtán sekúndur til stefnu svo ég hjólaði með það í munninum yfir í Háskólann, mætti svo eldrauð í framan og ældi næstum á borðið á skrifstofunni af stressi og áreynslu. En það hafðist.

**SVO** nú þegar flestallt er komið í höfn og hálfgert sumarfrí í sjónmáli líður mér auðvitað eins og allt sé að fara úr böndunum. Það fyrsta sem ég gerði til að bregðast við þessu skyndilega stjórnleysi var að panta mér alla hugsanlega læknatíma sem mér datt í hug. Ég byrjaði á að skella mér til háls-, nef- og eyrnalæknis og greiða þar 5.600 krónur fyrir að panta fyrir mig annan tíma í ágúst. Næst ætla ég í tékk til húðlæknis, svo ætla ég að heilsa upp á tannlækninn minn og að lokum í reglulega leghálsskoðun.

**SÝSLUMAÐURINN** í Kópavogi má svo búast við mér á næstu dögum með tékklista. Það er í raun ótrúlegt hvað sá maður sinnir mörgum erindum. Fyrir utan hvað hann er illa staðsettur, maður þarf eiginlega að vera búinn að safna í góðan lista áður en maður gerir sér ferð þangað. Og ég er búin að því.

**ÞETTA** er allt partur af prógrammet. Átakið ber titilinn *Betri manneskja 2014*. Hjólið mitt fer heldur ekki varhluta af þessu átaki, því það er komið með bjöllu og bögglabera, bremsurnar komnar í lag og gírarnir líka. Nú get ég sem sagt látið mig gossa niður Njarðargötuna án þess að fara með Faðirvorið fyrir fram.

**EN** allir þessir læknatímar og aukadót fyrir mig og hjólið mitt kosta skildinginn. Prógrammet er ekki frítt. Gleðifréttirnar í þessum hafsjó útgjalda eru hins vegar þær að síminn minn er enn á lífi eftir óvænta sundferð í salernið. Það var ódýr læknismeðferð.

# Lanvin átti kvöldið

Bandaríski ballettinn blés til vorveislu í Metropolitan-óperuhúsinu í New York á mánudagskvöldið. Tískurisinn Lanvin stóð að viðburðinum og voru kjólar úr smiðju merkisins, í öllum regnbogans litum, áberandi á rauða dreglinum.



**GRÆN OG VÆN** Leikkonan Emmy Rossum mætti í grænum síðkjól frá Lanvin.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**ORÐIN FULLORÐIN** Ungstirnið Selena Gomez bauð upp á fallegan kjól úr smiðju Lanvin.



**GLITRANDI STJARNA** Stórleikkonan Sigourney Weaver lét sig ekki vanta.



**SMART** Leikkonan Zoe Kravitz skartaði stílhreinum kjól frá Lanvin.

**ÍÐILFÖGUR** Fyrirsætan Anne Vyalitsyna í æðislegum síðkjól.

**KANN AÐ PÓSA** Fyrirsætan Coco Rocha mætti í eldrauðum Lanvin-kjól.



**GUL GYÐJA** Söngkonan Kelly Rowland ljómaði í veislunni.

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS


SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


RAFVÖRU MARKAÐURINN
ÚRVAL RAFLAGNAEFNA
Fellsmúla - Reykjavík
VERÐ FRÁ 495
UTANÁLIGGJANDI ROFAR & TENGLAR
VERÐ FRÁ 495
INNLAGNAEFNI ROFAR OG TENGLAR
VERÐ FRÁ 995
RAKAÞOLNIR ROFAR OG TENGLAR
37.990
VINNULJÓSATAFLA
INNLAGNAEFNI - 4 LITIR
PASSAR Í TICINO DÓSIR
Lágvöruverð
Kynntu þér málið
Innlagnaefni
Rofar og tenglar
VERÐ FRÁ 475
6.990
10.995
8.350
6.995
6.965
GREINAKASSAR / TÖFLUR
RÖR - LAGNARENNUR - BARKI
BEYGJUR - HÓLKAR - DÓSIR
VERÐ FRÁ 1.295
NEOSET VARROFAR 1, 2 OG 3 PÓLA
SJÁLFVÖR 1 PÓLA 995
VÍR OG KAPLAR
VERÐ FRÁ 699
IÐNAÐARTENGLAR OG KLÆR
3.595
LEKASTRAUMSROFI 4 PÓLA
2.975
LEKASTRAUMSROFI 2 PÓLA
1.695
SJÁLFVÖR 2 PÓLA
2.595
SJÁLFVÖR 3 PÓLA
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 16
Sunnud. kl 12 - 16

## HM í FÓTBOLTA í BRASILÍU
### 29 DAGAR í FYRSTA LEIK



**BRASILÍUMENN** hafa unnið flesta heimsmeistaratitla í sögunni (1958, 1962, 1970, 1994, 2002) en það eru aftur á móti Þjóðverjar sem hafa oftast endað í öðru sæti á HM (1966, 1982, 1986, 2002). Báðar þjóðir hafa verið í efstu tveimur sætunum á sjö af nítján heimsmeistaramótum sögunnar því Þjóðverjar hafa unnið HM þrisvar (1954, 1974, 1990) og Brasilíumenn hafa tvisvar endað í 2. sæti (1950, 1998). Brasilía og Þýskaland hafa hins vegar ekki komist í úrslitaleikinn síðan að þau mættust í úrslitaleiknum 2002. Þjóðverjar hafa þó endað í þriðja sæti undanfarnar tvær keppnir og eru eina þjóðin sem hefur unnið yfir tíu verðlaun á HM (3 gull, 4 silfur, 4 brons).




# Sama um allar spár

Elías Már Ómarsson skoraði tvö mörk og spilaði mjög vel þegar Keflavík vann Breiðablik, 2-0. Hann er leikmaður umferðarinnar hjá Fréttablaðinu.

**FÓTBOLTI** „Þetta var það sem við lögðum upp með – við ætlum að vera harðir í leiknum og láta finna fyrir okkur," segir Elías Már Ómarsson, framherji Keflavíkur, í samtali við Fréttablaðið um 2-0 sigurinn á Breiðabliki í þriðju umferð Pepsi-deildar karla í fótbolta á mánudagskvöldið.

Elías átti stórleik fyrir Keflavík og skoraði bæði mörk liðsins en hann er leikmaður umferðarinnar hjá Fréttablaðinu fyrir frammistöðu sína á Nettó-vellinum á mánudagskvöldið.

„Það var bara baráttan í liðinu og liðsheildin. Það gekk allt sem við lögðum upp með. Varnarlínan var virkilega sterk og síðan nýttum við færin," segir Elías Már aðspurður hvað hann var ánægðastur með í leiknum.

Hann kemur inn á varnarleikinn sem hefur verið sterkur hjá Keflavík í sumar. Liðið fékk á sig 47 mörk síðasta sumar, næstflest í deildinni á eftir ÍA sem féll, en er aðeins búið að fá á sig eitt mark núna og því hefði auðveldlega verið hægt að komast hjá.

„Það hefur verið farið vel yfir varnarleikinn og hann er núna virkilega sterkur hjá okkur, sem er mjög gott. Það er líka mjög góður mórall í liðinu og liðsheildin öflug," segir Elías Már.

**Alveg sama um spárnar**

Keflavík var almennt ekki spáð góðu gengi í Pepsi-deildinni. Flestir spáðu því við fallsvæðið en sérfræðingarnir í Pepsi-mörkunum gengu svo langt að spá liðinu falli. Þessum spám eru Keflvíkingar nú að troða upp í menn.

„Okkur er eiginlega alveg sama um þetta. Við vitum alveg hvað við getum og við ætlum ekkert að falla. Við ætlum að vera í efri hlutanum í deildinni og pælum ekkert í þessu. Menn munu bara sjá þetta í lok tímabilsins. Við verðum ekki á meðal neðstu liða," segir Elías Már.

Kristján Guðmundsson, þjálfari liðsins, er að gera virkilega góða hluti með Keflavík eins og síðast þegar hann var þar við stjórnvölinn. Kristján og Keflavík virðast einfaldlega passa saman en hvað gerir hann svona góðan í Bítlabænum?

„Hann kemur bara með sterkan móral inn í liðið. Hann er frábær karakter og virkilega góður þjálfari," segir Elías Már en Kristján er skipulagður þjálfari og leggur leiki Keflavíkur afar vel upp, eins og sést hefur í fyrstu þremur umferðunum.

„Kristján vinnur heimavinnuna sína vel. Hann fer rækilega yfir hin liðin og sýnir okkur klippur þar sem farið er yfir hvað við þurfum að gera og hvað við eigum ekki að gera. Við hlustum á hann í einu og öllu," segir Elías Már.

**Atvinnumennska er draumurinn**

Elías Már skoraði tvö mörk í 16 leikjum í deildinni í fyrra en er nú kominn með tvö mörk í tveimur leikjum. Hefur hann sett sér einhver persónuleg takmörk fyrir sumarið? „Ég stefni bara á að spila mikið og spila vel fyrir Keflavík. Mörkin eru bara aukaatriði. Ég vil bara ná sem bestum árangri með liðinu," segir Elías Már, sem er nú búinn að skora tvö ár í röð á móti Breiðabliki. „Mér er ekkert illa við þá. Þetta er bara algjör tilviljun. Ég verð núna að fara að skora á móti einhverjum öðrum líka," segir hann og hlær.

Þessi ungi og efnilegi framherji er fæddur árið 1995 og var með U19 ára liðinu í sumar sem fór í milliriðlaundankeppni EM. Draumurinn hjá honum, eins og svo mörgum ungum spilurum, er að komast í atvinnumennsku. „Allt frá því að ég byrjaði í fótbolta hefur stefnan verið sett á atvinnumennsku og vonandi gerist það einhvern tímann," segir Elías sem hefur lagt mikið á sig í vetur til að vera í sem bestu standi fyrir Pepsi-deildina og er að uppskera.

„Ég tók mér frí í skólanum þessa önn því ég ætlaði að einbeita mér að sumrinu og reyna að spila vel. Ég fer á hverjum degi með vini mínum, Theodór Guðna (Halldórssyni), á aukaæfingar og í ræktina. Við vinnum mikið í þessu saman og styðjum hvor annan alveg hundrað prósent," segir Elías Már Ómarsson.

tom@frettabladid.is



**BARA GEGN BLIKUM** Öll fjögur mörk Elíasar Más Ómarssonar í efstu deild hafa komið á móti Breiðabliki.

# Haukar kafsigldir í Eyjum

ÍBV tryggði sér oddaleik í ótrúlegri stemningu í Vestmannaeyjum í gærkvöldi.

**HANDBOLTI** „Þessi ótrúlega stemning hérna gefur okkur svo mikið að þú trúir því ekki. Ég hef farið út um allan heim og þetta er með því magnaðra sem ég hef upplifað," sagði skælbrosandi þjálfari ÍBV, Gunnar Magnússon, eftir magnaðan 27-20 sigur ÍBV á Haukum í Eyjum í gær.

Stórkostlegir áhorfendur í Eyjum mynduðu eina eftirminnilegustu stemningu seinni ára í íslenskum íþróttum og þessir stuðningsmenn áttu stóran þátt í sigrinum. Þessi úrslit þýða að liðin verða að mætast í hreinum úrslitaleik um titilinn að Ásvöllum á fimmtudag.

Í fyrri hálfleik bar kappið fegurðina ofurliði og staðan aðeins 8-9 í hálfleik. Dómarar leiksins, Gísli Hlynur Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson, áttu ekki sinn besta dag. Þeir gáfu eitt glórulaust rautt spjald og misstu síðan algjörlega tökin á leiknum.

Að missa Jón Þorbjörn af velli með rautt og svo Sigurberg í síðari hálfleik vegna meiðsla hafði eðlilega sín áhrif á leik Hauka en þó er ólíklegt að nokkurt lið hefði getað stöðvað ÍBV í þeim ham sem liðið var í. Þeir spiluðu ótrúlega vörn í síðari hálfleik og keyrðu svo af afli yfir Haukana sem áttu engin svör.



**EYJASIGUR** Það var mögnuð stemning í Höllinni í Vestmannaeyjum í gær. Oddaleikurinn í rimmunni fer fram á fimmtudag. MYND/ÓMAR GARÐARSSON

„Það voru forréttindi að taka þátt í þessum leik. Þetta eru góðir dómarar en þeir gera mistök eins og leikmenn. Við vorum óánægðir með margt rétt eins og Haukar," segir Gunnar en hann bíður spenntur eftir oddaleiknum.

„Þetta er draumur fyrir okkur og ef við náum að taka brot af þessari stemningu með okkur á Ásvelli þá er allt hægt. Ég hef ótrúlega trú á þessum drengjum sem búa yfir miklum styrk og karakter."

- hbg

# Miklu minna af mörkum í gervigrasleikjunum

Níu af átján leikjum Pepsi-deildar karla til þessa hafa farið fram á gervigrasi og tölurnar segja sína sögu.

**FÓTBOLTI** Þrjár umferðir eru að baki í Pepsi-deild karla og helmingur leikjanna átján hefur farið fram á gervigrasvöllum.

Þetta er vissulega mjög óvenjulegt ástand og skemmtanagildið er ekki eins mikið ef marka má tölfræðina. Það er nefnilega athyglisvert að mun færri mörk eru skoruð í gervigrasleikjunum en í þeim leikjum sem hafa verið spilaðir á náttúrulegu grasi.

Leikmenn hafa skorað 26 mörk í níu grasleikjum, eða 2,9 að meðaltali í leik, en mörkin hafa aðeins verið 15 í gervigrasleikjunum níu, sem gerir bara 1,7 mörk að meðaltali.

Þarna munar ellefu mörkum í jafnmörgum leikjum og þar með meira en einu marki að meðaltali í leik. Í fimm leikjum hefur verið skorað undir tveimur mörkum og þeir hafa allir farið fram á gervigrasi, þar á meðal eina markalausa jafnteflið til þessa í sumar.

Þriðja umferðin var ekki að hjálpa gervigrasinu í þessari tölfræðiúttekt enda voru aðeins skoruð samtals tvö mörk í þremur gervigrasleikjum í gær og annað þeirra kom úr vítaspyrnu.

Það voru skoruð fimmtán færri mörk í fyrstu þremur umferðunum í ár en í fyrra og leikmenn deildarinnar eru búnir að setja nýtt met í markaleysi í fyrstu þremur umferðunum í tólf liða deild.

Það hafa öll lið nema eitt spilað á gervigrasi í þessum þremur fyrstu umferðunum en aðeins nýliðar Fjölnis hafa fengið alla leiki á grasi. KR og Fram hafa á móti spilað alla þrjá leiki sína á gervigrasi, þar af Framliðið alla leikina á gervigrasinu í Laugardal.

Eins og staðan er núna fer enginn leikur fram á grasi í næstu umferð um næstu helgi en það gæti breyst snögglega eins og í aðdraganda síðustu umferða í Pepsi-deildinni. - óój



**ALLIR Á GERVIGRASI** Arnþór Ari Atlason og félagar í Fram hafa spilað alla þrjá leiki sína í Pepsi-deildinni í sumar á gervigrasinu í Laugardal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Undirlagið skiptir miklu máli í Pepsi

**Hér fyrir neðan er samanburður á markatölfræði í fyrstu þremur umferðum Pepsi-deildar karla í fótbolta.**

**LEIKIR Á GRASI**

**9 leikir, 810 mínútur** **26 mörk (2,89 í leik)**

***Mark á 31 mínútu fresti***

**LEIKIR Á GERVIGRASI**

**9 leikir, 810 mínútur** **15 mörk (1,67 í leik)**

***Mark á 54 mínútna fresti***

pepsi deildin **STAÐA MÁLA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 3 | 3 | 0 | 0 | 6-1 | 9 |
| Fjölnir | 3 | 2 | 1 | 0 | 6-2 | 7 |
| FH | 3 | 2 | 1 | 0 | 5-1 | 7 |
| Stjarnan | 3 | 2 | 1 | 0 | 3-1 | 7 |
| Fram | 3 | 1 | 1 | 1 | 3-3 | 4 |
| Valur | 3 | 1 | 1 | 1 | 3-3 | 4 |
| Víkingur R. | 3 | 1 | 1 | 1 | 2-4 | 4 |
| KR | 3 | 1 | 0 | 2 | 3-4 | 3 |
| Fylkir | 3 | 1 | 0 | 2 | 3-5 | 3 |
| ÍBV | 3 | 0 | 1 | 2 | 3-6 | 1 |
| Breiðablik | 3 | 0 | 1 | 2 | 2-5 | 1 |
| Þór | 3 | 0 | 0 | 3 | 2-6 | 0 |

### NÆSTU LEIKIR

**Sunnudagur 18. maí**: 17.00 FH - ÍBV, Þór - Stjarnan, 19.15 Keflavík - KR, Breiðablik - Fjölnir. **Mánudagur 19. maí**: 19.15 Víkingur R. - Fylkir, 20.00 Valur - Fram.

### MARKAHÆSTIR

| | |
|---|---|
| Hörður Sveinsson, Keflavík | 2 |
| Elías Már Ómarsson, Keflavík | 2 |
| Ólafur Karl Finsen, Stjörnunni | 2 |
| Kristján Gauti Emilsson, FH | 2 |
| Ármann Pétur Ævarsson, Þór | 2 |
| Gunnar Már Guðmundsson, Fjölni | 2 |

## GÓÐ UMFERÐ FYRIR ...

**→ Jóhannes Karl Guðjónsson, Fram**

Framarar unnu sinn fyrsta sigur í deildinni með marki úr vítaspyrnu frá Jóa Kalla. Jóhannes átti fínan leik en gerði það sem skipti máli og skoraði úr vítaspyrnunni. Það var létt yfir Safamýrarpiltum í leikslok enda þurgu fargi af mönnum létt.

**Heimi Guðjónsson, FH**

Heimi tókst loks að vinna KR aftur í deildinni og hafði betur gegn góðvini sínum úr ,69-árgangi KR, Rúnari Kristinssyni. KR var fyrir leikinn í gærkvöldi búið að vinna fjóra leiki í röð gegn FH í deildinni. Vel uppsettur leikur hjá Heimi sem vann sanngjarnan sigur með FH-liðið.

**Lögregluna**

Lögreglan á höfuðborgar-svæðinu varaði vallargesti við því í gær að hún yrði á vaktinni og myndi sekta þá sem legðu ólöglega. Vallargestir á Samsung-vellinum fóru illa út úr rassíu lögreglunnar sem skilaði miklum nettóhagnaði eftir gærkvöldið.






# Öflugt meistaranám

Háskólinn á Bifröst býður upp á spennandi meistaranám í fjarnámi þar sem áhersla er lögð á frumkvæði nemenda og möguleika þeirra til að takast á við áskoranir framtíðar. Háskólinn á Bifröst hefur áralanga reynslu í háskólakennslu í fjarnámi sem gefið hefur góða raun. Markmið skólans er að mennta samfélagslega ábyrga leiðtoga fyrir fjölbreytt atvinnulíf og samfélag.

**Meistaranám í fjarnámi:**

- Alþjóðaviðskipti – MS / MIB
- Forysta og stjórnun – MS / MLM
- Alþjóðleg stjórnmálahagfræði – MA
- Menningarstjórnun – MA

**Velkomin í Háskólann á Bifröst**
*– hvar sem þú ert!*

**Umsóknarfrestur rennur út 15. maí**
www.nam.bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 20.30
**Heimsókn**

Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó eitt sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram því besta í viðmælendum sínum.



### How I Met Your Mother
**STÖÐ 2 KL. 20.05** Níunda og jafnframt síðasta þáttaröðin um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.



### Eldhúsdagsumræður á Alþingi
**SJÓNVARPIÐ KL. 19.40** Bein útsending frá almennum stjórnmálaumræðum sem fram fara á Alþingi ár hvert áður en þingstörfum er frestað. Þingmenn og ráðherrar allra flokka taka þátt.



### Sevilla – Benfica
**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30** Bein útsending frá úrslitaleiknum í Evrópudeildinni þar sem Sevilla og Benfica mætast.

### X-ið 977 kl. 08.00
**Harmageddon**

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 8-11. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag.




OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK



KYNNINGAR Á NÁMSLÍNUM
TÆKNI, VIÐSKIPTI OG LÖG

Námslínur haustsins í Opna háskólanum í HR verða kynntar fimmtudaginn 15. maí kl. 9-12 í stofum M215 og M216.

9:00 Stafræn markaðssetning
9:00 Straumlínustjórnun
9:30 Stjórnun aðfangakeðjunnar
10:00 Markþjálfun
10:30 Viðurkenndir bókarar
11:00 APME, verkefnastjórnun
11:30 Verðbréfamiðlun
12:00 PMD stjórnendanám HR
12:00 Rekstrar- og fjármálanám

Allir velkomnir!
OPNI HÁSKÓLINN Í HR
Endurmenntun fyrir stjórnendur og sérfræðinga í íslensku atvinnulífi

Upplýsingar um námslínurnar eru á vefnum opnihaskolinn.is


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Malcolm In The Middle
**08.30** Wipeout
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Spurningabomban
**11.05** Touch
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Veistu hver ég var?
**13.50** Up All Night
**14.10** 2 Broke Girls
**14.35** Go On
**15.00** Sorry I've Got No Head
**15.30** Tommi og Jenni
**15.55** UKI
**16.00** Frasier
**16.25** Mike and Molly
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Svínasúpan
**19.45** The Middle *(1:24)*
**20.05** How I Met Your Mother *(4:24)*
**20.30** Heimsókn
**20.50** Grey's Anatomy *(23:24)*
**21.35** Believe *(8:13)*
**22.20** Falcón *(2:4)*
**23.05** The Blacklist
**23.50** NCIS
**00.35** Person of Interest
**01.20** The Killing
**02.50** La princesse de Montpensier
**05.05** How I Met Your Mother
**05.30** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**13.05** Brooklyn - Miami
**14.55** Þýsku mörkin
**15.25** KR - FH
**17.15** Pepsímörkin 2014
**18.30** Sevilla - Benfica Bein útsending
**21.00** Spænsku mörkin
**22.20** RN Löwen - Melsungen
**23.40** Sevilla - Benfica
**01.30** NBA 2013/2014 - Playoff Games Bein útsending frá leik í NBA.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**10.55** Cardiff - Chelsea
**12.35** WBA - Stoke
**14.15** Fulham - Crystal Palace
**15.20** Ensku mörkin - úrvalsdeildin
**16.15** Southampton - Man. Utd.
**17.55** Inside Manchester City
**18.45** Enska 1. deildin. Leyton Orient - Peterborough
**20.25** Messan
**21.50** Liverpool - Newcastle
**23.30** England and Italy
**00.00** Hull - Everton

## ÍNN

**20.00** Árni Páll **20.30** Gróðrastöðin Gleym mér ei **21.00** Í návígi **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**16.25** American Idol
**18.15** Malibu Country
**18.35** Bob's Burgers
**19.00** Junior Masterchef Australia
**19.45** Baby Daddy *(9:16)*
**20.10** Revolution *(12:22)*
**20.50** Arrow *(22:23)* Önnur þáttaröðin um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og var talinn af.
**21.35** Tomorrow People *(13:22)*
**22.15** Supernatural
**23.00** Junior Masterchef Australia
**23.45** Baby Daddy
**00.10** Revolution
**00.55** Arrow
**01.40** Tomorrow People
**02.25** Tónlistarmyndbönd

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.45** Hvellur keppnisbíll **07.55** UKI **08.00** Lukku láki **08.25** Skógardýrið Húgó **08.47** Hello Kitty **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Brunabílarnir **09.23** Latibær **09.47** Skoppa og Skrítla **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.45** Hvellur keppnisbíll **11.55** UKI **12.00** Lukku láki **12.22** Skógardýrið Húgó **12.44** Hello Kitty **12.52** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Brunabílarnir **13.23** Latibær **13.47** Skoppa og Skrítla **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.45** Hvellur keppnisbíll **15.55** UKI **16.00** Lukku láki **16.22** Skógardýrið Húgó **16.44** Hello Kitty **16.52** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Brunabílarnir **17.23** Latibær **17.47** Skoppa og Skrítla **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Búi og Símon **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.45** Strákarnir
**18.10** Friends
**18.35** Seinfeld
**19.00** Modern Family
**19.25** Two and a Half Men
**19.50** Hamingjan sanna *(7:8)* Íslensk þáttaröð í umsjá Ásdísar Olsen sem byggð er á metsölubókinni Meiri hamingja sem hefur slegið í gegn um víða veröld.
**20.30** Örlagadagurinn *(1:30)* Skemmtilegir og átakanlegir þættir þar sem fólk segir Sirrý frá deginum sem breytti lífi þess.
**21.00** The Killing *(5:13)*
**21.45** Chuck *(7:13)*
**22.25** Cold Case *(3:23)*
**23.10** Without a Trace
**23.55** Harry's Law
**00.40** Hamingjan sanna
**01.20** Örlagadagurinn
**01.50** The Killing
**02.35** Chuck
**03.15** Cold Case
**04.00** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

**11.00** Queen to Play
**12.40** That's My Boy
**14.30** Jane Eyre
**16.30** Queen to Play
**18.10** That's My Boy
**20.00** Jane Eyre
**22.00** Life Of Pi g Lee.
**00.05** Red
**01.35** Lawless
**03.30** Life Of Pi

## RÚV

**16.55** Disneystundin
**17.00** Finnbogi og Felix
**17.01** Sígildar teiknimyndir
**17.50** Herkúles
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Veðurfréttir
**19.30** Íþróttir
**19.40** Eldhúsdagsumræður á Alþingi Bein útsending frá almennum stjórnmálaumræðum sem fram fara á Alþingi ár hvert áður en þingstörfum er frestað. Þingmenn og ráðherrar allra flokka taka þátt.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Furðuhagfræði *(Freakonomics)* Heimildarmynd séð með gleraugum hagfræðinnar. Aðalhlutverk: Tempest Bledsoe, James Ransone og Morgan Spurlock
**23.50** Fréttir
**00.00** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**16.15** Psych
**17.00** Once Upon a Time
**17.45** Dr. Phil
**18.25** The Good Wife
**19.10** America's Funniest Home Videos
**19.35** Everybody Loves Raymond *(9:16)*
**20.00** Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking *(18:20)* Gætir þú hugsað þér betri matreiðslukennara en sjálfan Gordon Ramsay? Meistarakokkurinn tekur þig í kennslustund og hjálpar þér að öðlast raunverulegt sjálfstraust í eldhúsinu.
**20.25** Solsidan *(6:10)* Sænsku gleðigosarnir í Solsidan snúa aftur í fjórðu seríunni af þessum sprenghlægilegu þáttum sem fjalla um tannlækninn Alex og eiginkonu hans, atvinnulausu leikkonuna Önnu, sem flytja í sænska smábæinn Saltsjöbaden þar sem skrautlegir karakterar leynast víða.
**20.50** The Millers *(19:22)* Bandarísk gamanþáttaröð um Nathan, nýfráskilinn sjónvarpsfréttamann sem lendir í því að móðir hans flytur inn til hans, honum til mikillar óhamingju.
**21.15** Unforgettable *(12:13)* Bandarískir sakamálaþættir um lögreglukonuna Carrie Wells sem glímir við afar sjaldgæft heilkenni sem gerir henni kleift að muna allt sem hún hefur séð eða heyrt á ævinni.
**22.00** Blue Bloods
**22.45** The Tonight Show Sveitasöngkonan Dolly Parton og sjarmatröllið Taylor Kitsch líta við í þætti kvöldsins og Dolly sjálf tekur lagið.
**23.30** Leverage
**00.15** Unforgettable
**01.00** Blue Bloods
**01.45** The Tonight Show
**02.30** Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV **12.00** Bayern Munchen - VfB Stuttgart **14.00** Motors TV

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **14.30** Golfing World 2014 **15.20** Inside The PGA Tour 2014 **15.45** LPGA Tour 2014 **17.45** Golfing World 2014 **18.35** PGA Tour Latinoamerica **19.00** PGA Tour 2014 - Highlight **19.55** Golfing World 2014 **20.45** PGA Tour Latinoamerica **21.10** LPGA Tour 2014 **23.25** Feherty

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


WOW CYCLOTHON
AROUND ICELAND 1332 km
Magnaðasta hringferð ársins fer fram í miðnætursólinni dagana 24.-27. júní.
Er þitt lið með?
1332 km á innan við 72 klukkustundum
Hjólað er með boðsveitarformi hringinn í kringum landið þar sem ýmist einn, fjórir eða tíu hjólreiðamenn skipta með sér kílómetrunum.
Hjólin snúast ekki bara hringinn heldur er þetta keppni í áheitasöfnun til styrktar Bæklunarskurðdeildar Landsspítalans
Dobblaðu vinina, æfingafélagana, eiginkonuna, vinnufélagana og yfirmanninn og vertu með í mögnuðustu hringferð ársins!
Skráningu lýkur 20. maí
Allar upplýsingar á www.wowcyclothon.is
og fylgstu með á www.facebook.com/wowcyclothon
LANDSPÍTALI
ARCTIC TRACK
N1
Kristall
KRÍA
EIMSKIP
wow air

## BESTA BÍÓMYNDIN



**Goodfellas. Sameinar allt sem góð mynd þarf að hafa; leikstjórn, leikara, góða sögu og umfram allt frábærar samræður.**

Árni Björn Helgason, yfirmaður erlendrar framleiðslu hjá Sagafilm.

# Odell heimtar banana baksviðs

Breski tónlistarmaðurinn Tom Odell er með heldur óvenjulegan kröfulista en hann fer fram á að fá sjö og hálfs vikna gamla banana áður en hann stígur á svið.

„Hann er nú með hefðbundinn og þægilegan kröfulista en hann vill fá banana og verða þeir að hafa þroskast í sjö og hálfa viku,“ segir tónleikahaldarinn Guðbjartur Finnbjörnsson spurður út í kröfulista breska tónlistarmannsins Toms Odell sem heldur tónleika í Hörpu 26. júlí næstkomandi.

„Hann fer fram á fleiri ávexti og, að fá góðan mat að borða fyrir tónleika og munum við fúslega verða við þeirri beiðni,“ segir Guðbjartur.



Miðasala á tónleikana gengur vel og er lítið magn af miðum eftir. „Mér skilst að það séu um 1.200 miðar seldir þannig að það er ekki mikið eftir.“

Tom Odell skaust upp á stjörnuhimininn á síðasta ári þegar hann gaf út plötuna Long Way Down og hefur meðal annars hitað upp fyrir Elton John á tónleikum. „Hann er að fara að hita upp fyrir Neil Young á tónleikum í Hyde Park í London í sumar,“ segir Guðbjartur. Þá hefur hann á tónleikum sínum einnig leikið ábreiður þekktra laga Bítlanna eins og Oh Darling og Get Back.

Heyrst hefur að Eyþór Ingi og Atómskáldin muni sjá um upphitun á tónleikum Odells í Hörpu. „Það liggur ekki alveg ljóst fyrir hver sér um upphitun en það kemur í ljós á næstunni.“ **-glp**



**KLÁR Á KLAKANN** Tom Odell fer ekki fram á neinar rósir baksviðs en vill þó fá þroskaða banana. MYND/EINKASAFN






# Stolt af skegginu sínu

Guðrún Mobus Bernharðs skartar skeggi ófeimin. Fyrst fannst henni skeggvöxturinn óþægilegur en nú leyfir hún skegginu að vaxa og skammast sín ekkert fyrir það.

„Það eru auðvitað ýmsar skeggtoganir um þetta en mér finnst Conchita ógeðslega flott,“ segir Guðrún Mobus Bernharðs en hún ákvað að skarta alskeggi til heiðurs hinni austurrísku Conchitu Wurst, sem sigraði Eurovisonkeppnina um liðna helgi. Guðrún, sem er 34 ára gömul, hefur verið ófeimin við að skarta skeggi undanfarin ár enda sprettur það á eigin spýtur. „Mér fannst skeggvöxturinn óþægilegur til að byrja með, það var mikil pressa á mér og margir gerðu ráð fyrir því að ég væri í hormónameðferð eftir að ég leyfði skegginu að vaxa,“ segir Guðrún.

Hún fór í leisermeðferð sem lauk fyrir um það bil þremur árum í von um að útrýma skeggvextinum. „Vöxturinn minnkaði eftir meðferðina en í dag leyfi skegginu að vaxa og dafna og skammast mín ekki neitt.“

Guðrún er ánægð með að sigurvegari Eurovision komi úr annars konar flóru. „Mér finnst þetta frábært, því sigur Conchitu opnar augu fólks fyrir því að fólk er ekki bara svart og hvítt. Við erum misjöfn eins og við erum mörg.“

Hún segist þó finna fyrir jákvæðum viðbrögðum frá fólki hér á landi. „Svona er samt lífið og tilveran, ég bara fæddist svona og það er ástæðan fyrir því að ég er með skegg.“

Eins og fyrr segir litaði hún skegg sitt með eyeliner og málaði til að gera það greinilegra til heiðurs Conchitu. „Mig langaði bara að gera þetta og sá sem tjáir sig um mitt persónulega útlit á niðrandi máta og er ekki náinn mér eins og fjölskylduvinur og þess háttar, á í raun bara bágt myndi ég segja,“ segir Guðrún.

„Mér finnst frábært hvað Íslendingar eru orðnir jákvæðir og opnir og tilbúnir að fræðast um næsta í stað þess að bindast fordómum, enda eru fordómar heftandi, eins og Pollapönkarar gera sér fyllilega grein fyrir. Ég er stolt af þeim,“ útskýrir Guðrún.

gunnarleo@frettabladid.is



> **Mér finnst frábært hvað Íslendingar eru orðnir jákvæðir og opnir og tilbúnir að fræðast um næsta í stað þess að bindast fordómum, enda eru fordómar heftandi, eins og Pollapönkarar gera sér fyllilega grein fyrir. Ég er stolt af þeim.**
>
> *Guðrún Mobus Bernharðs*



**SÁTT MEÐ SKEGGIÐ** Guðrún Mobus Bernharðs litaði skeggið og málaði til heiðurs Conchitu Wurst, sigurvegara Eurovision. MYND/EINKASAFN

# Game of Thrones aftur til Íslands

Tökulið þáttanna tekur að öllum líkindum upp fimmtu seríu á landinu í vetur.

„Það eru meiri líkur en minni á að þeir komi hingað í haust,“ segir Snorri Þórisson, forstjóri framleiðslufyrirtækisins Pegasus. Ef allt gengur eftir aðstoðar Pegasus tökulið sjónvarpsþáttanna Game of Thrones á Íslandi þegar fimmta þáttaröðin verður tekin upp í vetur. Ef verður af komu tökuliðsins verður þetta í fjórða sinn sem það sækir landið heim til að taka upp hluta af þessari vinsælu sjónvarpsseríu.

Verið er að leita að tökustöðum fyrir þáttaröðina og líkur eru á að þeir verði svipaðir hér á landi og í fyrra þegar hluti af fjórðu seríu var tekinn upp. Þá fóru tökur meðal annars fram við Stekkjagjá á Þingvöllum, á Hengilssvæðinu og í Þjórsárdal. „Það er verið að skoða tökustaði en ekkert er klárt að svo stöddu,“ segir Snorri.

Fjölmargir Íslendingar hafa komið að framleiðslu þáttanna og hafa margir þeirra, til að mynda starfsmenn í búninga- og förðunardeildum, fengið áframhaldandi starf hjá framleiðendum Game of Thrones á erlendri grundu.

„Við reynum að vera með sama starfsfólkið í tökunum. Það er ágætt því það kemur yfirleitt sama fólk að utan og þá þarf ekkert að kynna starfsfólkið sérstaklega,“ segir Snorri. Hann telur komu tökuliðsins til landsins hafa mikla þýðingu fyrir íslenskan kvikmyndabransa.

„Þetta er góð viðbót fyrir kvikmyndagerðarmenn því tökuliðið kemur yfirleitt á þeim tíma þegar er frekar lítið að gera í þessum bransa hér heima.“ **-lkg**



**GRÍÐARLEGA VINSÆL** Fjórða serían af Game of Thrones er nú í sýningu.

- ➜ Rúmlega tvær milljónir manna horfðu á fyrsta þátt í fyrstu seríu þegar hann var frumsýndur árið 2011
- ➜ Á milli sex og sjö milljónir horfa á hvern þátt í seríu 4
- ➜ 42% áhorfenda eru konur
- ➜ Þátturinn hefur hlotið ein Golden Globe-verðlaun, ein BAFTA-verðlaun og tíu Emmy-verðlaun

citroen.is




CRÉATIVE TECHNOLOGIE

# LÆGRA VERÐ - FRÁ 2.250.000 KR.

Við frumsýnum nýja bíltækni á lægra verði. Hinar nýju PureTech vélar frá Citroën hafa meiri kraft, lægri eldsneytiseyðslu og 25% minni losun koltvísýrings en fyrri kynslóðir slíkra véla. Eldsneytiseyðsla Citroën C3 með nýju PureTech vélinni er aðeins 4,3 l/100 km í blönduðum akstri.

Komdu og reynsluaktu vel búnum Citroën C3.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

CITROËN

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is

**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



UPPLIFÐU ÞITT WOW MOMENT


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fjórar stjörnur af fimm

Hróður óperunnar Ragnheiður eftir **Gunnar Þórðarson** og Friðrik Erlingsson hefur borist út fyrir landsteinana en hið virta breska óperurit Opera Now gefur verkinu fjórar stjörnur af fimm í nýlegum dómi. Einnig fer gagnrýnandi fögrum orðum um höfundana, söngvara og listræna stjórnendur. Ragnheiður hlaut góðar viðtökur er óperan var sýnd í Hörpu og voru áhorfendur vel á 13. þúsund. Erlendir gestir eru þar á meðal sem útskýrir lofsamlega erlenda dóma en ofangreindur gagnrýnandi segir verkið eiga skilið að vera sýnt erlendis. -áp



### Frontmannafélagið hittist á Kalda

Það var heldur betur veisla á Kalda Bar í vikunni þegar tónlistarmennirnir **Unnsteinn Manuel Stefánsson**, Högni Egilsson, Helgi Björnsson, Sigurður Guðmundsson og Björn Jörundur hittust allir fyrir tilviljun á Kalda og héldu í tilefni þess stofnfund Frontmannafélagsins. Eins og kunnugt er þá standa þeir allir sem frontmenn sinnar hljómsveitar og líklegast hafa þeir rætt sviðsljósið og sögur af sviðinu sín á milli. Ekki er vitað hvort félagið muni halda reglulega fundi héðan í frá, sérstaklega í ljósi þess að tónlistarmennirnir eru hver öðrum uppteknari við tónsmíðar og tónleikahald en vissulega hefur þó félagið verið sett á fót og öðrum frontmönnum örugglega velkomið að ganga í það. -bþ



### Mest lesið vísir

1 Kennari í Verzló gerir lítið úr nemendum sínum á Facebook
2 Umfjöllun, viðtöl, einkunnir og myndir: KR - FH 0-1 | FH vann stórveldaslaginn
3 „Hún getur sagt af sér eftir kosningar, það er ekkert hægt öðruvísi“
4 Umfjöllun, viðtöl og einkunnir: Keflavík - Breiðablik 2-0 | Elías Már sá um Blika
5 Keflavík á toppnum með fullt hús stiga | Úrslit kvöldsins





